





Hagstæð verð
í sólina!
plús
FERÐIR
www.plusferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
21. febrúar 2015
44. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



# ALLTAF UTANGARÐS

**Sverrir Guðnason er einn vinsælasti leikari Svía. Þrátt fyrir að Sverrir hafi komið sér vel fyrir í Svíþjóð upplifir hann sig utangarðs, bæði þar og á Íslandi þar sem hann sleit barnsskónum.** ▸ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HVER ER ÞESSI AL THANI?**
Nærmynd af sjeiknum sem Al Thani-málið er nefnt eftir. ▸26



**SVEIT Í BORG**
Guðný Hrefna kýs stílhreina klassík. ▸30



**MÍN SKOÐUN**
**JÓN GNARR**
talar meira um Guð ▸16





SMÁRALIND


OPIÐ
um helgina
KOLAPORTIÐ

Þrautir og gátur
Opið til 18
SMÁRALIND

# FRÉTTIR

## GLEÐIFRÉTTIN

### Fjör á öskudagsballi



Það var heldur betur fjör á Hrafnistu í Reykjavík á miðvikudag þar sem DAS-hljómsveitin lék fyrir dansi á öskudagsballi. Um margra ára hefð er að ræða og mæta margir íbúar Hrafnistu með höfuðföt á ballið en færst hefur í vöxt að starfsfólkið klæði sig í búninga. DAS-bandið fagnar fimmtán ára starfsafmæli í ár en forsprakki þess er Böðvar Guðmundsson. Hann skipaði bandið ásamt Kristjáni Þorkelssyni í upphafi þar sem Böðvar lék á harmónikku og Kristján sló taktinn á trommusett. Síðan hafa bæst við bandið bæði heimilismenn og gamlir kunningjar Böðvars sem áður voru í hljómsveitum.

## FIMM Í FRÉTTUM SAFN Á GÖTUNNI OG MILDARA ORÐALAG



**Hilmar J. Malmquist,** forstöðumaður Náttúruminjasafns, sagði að leigusamningi þess hefði verið sagt upp og algjör óvissa væri um öll húsnæðismál safnsins. Staðan væri verri en nokkru sinni.



**Dögg Mósesdóttir,** formaður Wift, samtaka kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum, segir ákveðinn valdastrúktúr í kvikmyndagerð sem flestir séu blindir á. Engar konur voru leikstjórar eða handritshöfundar í íslenskri kvikmyndagerð árið 2014.



**Kristján Þór Júlíusson** heilbrigðisráðherra greindi frá vilja sínum til að selja ríkiseignir til að greiða fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús. Ríkið ætti umtalsverðar eignir sem koma mætti í verð.



**Haraldur L. Haraldsson,** bæjarstjóri Hafnarfjarðar, las upp úr tölvupósti á bæjarstjórnarfundi þar sem fram kom að í tvígang hefði verið reynt að finna út hver rætt hefði við tiltekinn bæjarstarfsmann úr símkerfi Hafnarfjarðarbæjar.

→ **Sigrún Magnúsdóttir** umhverfisráðherra velti því upp hvort ekki væri hægt að nota mildara orðalag við þýðingar Evróputilskipana. Hún sagði reglugerðafarganið sem bærist í gegnum Evrópska efnahagssvæðið, EES, lengi hafa verið eitur í beinum Framsóknarmanna og annarra.





**PÁLL WINKEL** Fangelsismálastjóri er ánægður með betri aðstöðu á nýjum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rýmra um Fangelsismálastofnun sem er komin á nýjan stað:

## Vildu vera liðleg við ráðuneytið

**STJÓRNSÝSLA** Fangelsismálastofnun er flutt úr Borgartúni 7 í rýmra húsnæði að Austurströnd 5 þar sem Landlæknir var til ársins 2011. Sérstök viðtalsherbergi eru á nýja staðnum.

„Í Borgartúni komu skjólstæðingar í misjöfnu ástandi inn á skrifstofur starfsfólks og jafnvel undir áhrifum fíkniefna. Það gátu skapast óþægilegar aðstæður,“ segir Páll.

Hann getur þess að til standi að sameina stofnanir sem eru með skrifstofur í Borgartúni 7. „Fjármálaráðuneytið kannaði afstöðu okkar til að flytja og við vildum auðvitað vera liðleg,“ segir fangelsismálastjóri. Ríkið gerði árið 2002 óuppsegjanlegan leigusamning við Neshús ehf. um húsnæðið að Austurströnd, sem er 937 fm, til 25 ára. Mánaðarleigan er um 2,3 milljónir króna. **- ibs**

Vonast eftir samþykki:

## Segir breytingu bæta skólastarf

**KJARAMÁL** Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, segir mikla vinnu hafa verið unna varðandi nýtt vinnumat hjá kennurum. Það yrðu því vonbrigði ef kennarar samþykktu ekki þann legg kjarasamninganna sem að þeim snýr.

Komið hefur fram að deilt er innan kennarastéttarinnar um vinnumatið. Ef kennarar fella ákvæðið verða samningar lausir. „Ég vonast auðvitað til að þetta verði samþykkt því að ég held að það verði til mikilla bóta fyrir skólastarfið,“ segir Illugi. **- kóp**

Samkomulag við Grikki:

## Fengu frest í fjóra mánuði

**GRIKKLAND** Fjármálaráðherrar evruríkjanna nítján reyndu á neyðarfundi að finna lausn á skuldastöðu Grikklands eftir að ný ríkisstjórn landsins hafnaði skilmálum lánasamninga við Evrópska seðlabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Grikkir vildu sex mánaða framlengingu á afborgunum lána á gjalddaga næstu mánaðamót en fengu fjögurra mánaða frest. „Við erum ekki einu sinni að fara fram á að þau mæti okkur á miðri leið heldur aðeins hluta leiðarinnar,“ sagði Yanis Varoufakis, fjármálaráðherra Grikklands. **- kbg**

# Mikið misrétti kynja í kvikmyndagerðinni

Íslenskur kvikmyndaiðnaður er mjög kynjaskiptur. Kvennastörf eru lægra metin en karlastörf í íslenskri kvikmyndagerð. Gagga Jónsdóttir kvikmyndagerðarkona segir tækin og tólin meira metin en farða og flíkur í heimi kvikmyndanna.

**MENNING** Íslenskur kvikmyndaiðnaður er mjög kynjaskiptur. Konur starfa helst við búninga og gervi en karlar starfa sem leikstjórar, handritshöfundar, kvikmyndatökumenn og semja tónlist. Á síðasta ári störfuðu átta konur við búninga en enginn karl. Þá störfuðu sex konur að gervi og enginn karl. Sjö karlar leikstýrðu myndum og engin kona og þrettán karlar skrifuðu handrit kvikmynda síðasta árs en engin kona. Þá starfa töluvert fleiri karlar en konur að kvikmyndagerð, 77 prósent voru karlar og 23 prósent voru konur.

Rannveig Jónsdóttir er sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarkona sem hefur starfað við tugi kvikmynda, auglýsinga og sjónvarpsþátta. Rannveig, sem í daglegu tali er kölluð Gagga, segir misrétti og kynjaskiptingu í kvikmyndagerð ekki einskorðast við Ísland. „Iðnaðurinn er kynjaskiptur á alheimsvísu. Konur eru í kvennastörfum og karlar í karlastörfum og tæki og tól eru meira metin en farði og flíkur,“ segir hún en skynjar breytingar í farvatninu. „Ég tel að þetta sé hægt og bítandi að breytast, þær konur sem starfa í þessum iðnaði þurfa að standa á sínu, eins og aðrar konur í atvinnulífinu almennt.“

Starfsaðstæður í kvikmyndagerð eru þó með sérstöku sniði. Flestir koma að verkefnum sem verktakar og þurfa því að semja um kaup og kjör sjálfir. Kannski virðist konur almennt óframfærnari við að biðja um betri kjör. Þá tali hún út frá sjálfri sér. „Virkari þátttaka kvenna sem sinna stjórnunarstörfum í kvikmyndum, bæði listrænum og praktískum, stuðlar að því að fleiri konur vinna við kvikmyndagerð.“



**HLUTIRNIR BREYTAST HÆGT** Gagga Jónsdóttir kvikmyndagerðarkona tekur undir að kvikmyndaiðnaður sé kynjaskiptur en segist merkja breytingar.

### ÖLL LISTRÆN STÖRF UTAN LEIKS

| | | |
|---|---|---|
| Leikstjórar | 7 karlar | **0 konur** |
| Handritshöfundar | 13 karlar | **0 konur** |
| Kvikmyndataka | 8 karlar | **0 konur** |
| Klipping | 5 karlar | **2 konur** |
| Tónlist | 7 karlar | **0 konur** |
| Hljóðhönnun | 10 karlar | **0 konur** |
| Leikmynd | 7 karlar | **2 konur** |
| Búningar | 0 karlar | **8 konur** |
| Gervi | 0 karlar | **6 konur** |
| Brellur | 4 karlar | **0 konur** |

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að engar konur voru leikstjórar eða handritshöfundar, kvikmyndatökumaður eða höfundur tónlistar á síðasta ári.

Dögg Mósesdóttir, formaður WIFT, samtaka kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi, minnir á að stjórnvöld beri mikla ábyrgð. „Þetta eru ríkisstyrktar myndir og það gilda jafnréttislög í landinu. Sumir vilja meina að staða kvenna sé betri en tölurnar gefi til kynna. Það séu til dæmis fleiri konur í heimildarmynda- og stuttmyndagerð. En stærstu peningarnir, mestu völdin, eru í kvikmyndum í fullri lengd og það er fullkomlega réttlætanlegt að krefjast þess að ójöfn staða kynjanna sé leiðrétt.“

kristjanabjörg@frettabladid.is




Einar Ingi Marteinsson telur sig hafa hlotið mikið tjón af gæsluvarðhaldi:

# Meta andlegt tjón Einars Boom

**DÓMSMÁL** Tveir sérfræðingar munu meta hvort Einar Ingi Marteinsson, best þekktur sem Einar Boom, hafi orðið fyrir tjóni þegar hann var settur í gæsluvarðhald árið 2012.

Sérfræðingarnir tveir, geðlæknir og lagaprófessor, munu meta hvort og þá hvaða afleiðingar gæsluvarðhaldið hafði á Einar, en hann sat í gæsluvarðhaldi í sex mánuði þegar hann var grunaður um að hafa skipulagt hrottafengna árás um jólin 2011 en var síðar sýknaður árið 2012 bæði í héraðsdómi og Hæstarétti.

Einar stefndi íslenska ríkinu til greiðslu rúmlega 74 milljóna króna í skaðabætur, en því máli var vísað frá á þeim grundvelli að engin sönnun lægi fyrir um tjónið sem Einar telur sig hafa orðið fyrir. Nú hyggst hann hins vegar sanna tjón sitt með mati sérfræðinga.

Í stefnunni kom fram að Einari leið verulega illa á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og samkvæmt læknisvottorði hrakaði andlegu ástandi hans eftir því sem leið á gæsluvarðhaldið. Hann varð þunglyndur og glímir að öllum líkindum við áfallastreituröskun á háu stigi. **- fbj**



**SKAÐABÓTAMÁL** Einar Boom sat í sex mánuði í gæsluvarðhaldi en var sýknaður á báðum dómstigum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

» **Ávöxtun 9,8%**
» **Raunávöxtun 8,7%**
» **Jákvæð tryggingafræðileg staða 5,1%**
» **Tekjur af fjárfestingum 46 milljarðar**
» **Eignir 509 milljarðar**

» **10 milljarðar í lífeyrisgreiðslur**
» **13 þúsund lífeyrisþegar**
» **48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld**

# 2014

## ÚR ÁRSREIKNINGI

## Starfsemi á árinu 2014

### AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2014 var 9,8% og hrein raunávöxtun 8,7%. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 45,6 milljörðum. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Árleg meðaltalsraunávöxtun sl. 5 ár er 5,9%, 10 ár 3,1% og 20 ár 4,7%.

### TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Staðan segir til um hlutfall eigna umfram skuldbindingar. Hún var jákvæð um 5,1% í árslok 2014 og batnaði verulega frá fyrra ári er hún nam 0,9%.

**Þróun tryggingafræðilegrar stöðu**




### EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 509,1 milljarði í árslok samanborið við 453,8 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því rúmum 55 milljörðum. Eignasafnið er vel dreift. Þannig eru um 29% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 29% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 14% í öðrum skuldabréfum, 7% í safni sjóðfélagalána og 2% í bankainnstæðum og öðrum eignum. Innlend hlutabréfaeign nemur 19% af eignum sjóðsins.

**Skipting eignasafns**




## EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK
*í milljónum króna*

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf | 217.190 | 194.737 |
| Sjóðfélagalán | 37.859 | 39.799 |
| Innlend hlutabr. og hlutd.skírteini | 98.879 | 74.833 |
| Erlend verðbréf | 146.714 | 125.911 |
| Verðbréf samtals | 500.642 | 435.280 |
| Bankainnstæður | 5.919 | 29.943 |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 791 | 634 |
| Skammtímakröfur | 2.426 | 2.435 |
| Skuldir við lánastofnun | 0 | -13.835 |
| Skammtímaskuldir | -710 | -632 |
| Eignir sameignardeildar | 499.787 | 445.444 |
| Eignir séreignardeildar | 9.281 | 8.381 |
| Eignir samtals | 509.068 | 453.825 |

### LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2014 nutu að meðaltali 12.678 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 9.565 milljónir. Árið áður námu þær 8.693 milljónum og hækkuðu því um 10%.

**Lífeyrisgreiðslur sameignardeildar**
*í milljónum króna*




**Eignir samtals**
*í milljónum króna*




## BREYTINGAR Á HREINNI EIGN
*í milljónum króna*

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 20.540 | 19.184 |
| Lífeyrir | -10.222 | -9.231 |
| Fjárfestingartekjur | 45.634 | 42.331 |
| Fjárfestingargjöld | -394 | -359 |
| Rekstrarkostnaður | -396 | -380 |
| Aðrar tekjur | 81 | 75 |
| Breyting eigna | 55.243 | 51.620 |
| Eignir frá fyrra ári | 453.825 | 402.205 |
| Eign samtals | 509.068 | 453.825 |

## KENNITÖLUR

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Ávöxtun | 9,8% | 10,2% |
| Hrein raunávöxtun | 8,7% | 6,3% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 5,9% | 4,4% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 3,1% | 3,4% |
| Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal) | 4,7% | 4,6% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,07% | 0,07% |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | 1,58% | 1,63% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 47,9% | 46,4% |
| Fjöldi sjóðfélaga* | 33.133 | 32.439 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 12.678 | 11.827 |
| Stöðugildi | 32,7 | 32,9 |
| Ávöxtun verðbréfaleiðar | 9,8% | 10,2% |
| Hrein raunávöxtun verðbréfaleiðar | 8,7% | 6,3% |
| Ávöxtun innlánsleiðar | 2,6% | 5,2% |
| Hrein raunávöxtun innlánsleiðar | 1,6% | 1,5% |

*Sjóðfélagar sem greiða reglulega til sjóðsins.

### SÉREIGNARDEILD

Séreign í árslok 2014 nam 9.281 milljón. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 433 milljónir á árinu. Ávöxtun verðbréfaleiðar var 9,8% og hrein raunávöxtun 8,7%. Ávöxtun innlánsleiðar var 2,6% sem samsvarar 1,6% raunávöxtun.

### FJÁRFESTINGAR

Kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu voru 44.799 milljónir á árinu og kaup innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina umfram sölu 17.948 milljónir. Kaup erlendra verðbréfa umfram sölu voru 6.582 milljónir.

# live.is

## Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 16. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

### STJÓRN


Ásta Rut Jónasdóttir, formaður
Helgi Magnússon, varaformaður
Anna G. Sverrisdóttir
Benedikt Kristjánsson
Birgir Már Guðmundsson
Fríður Birna Stefánsdóttir
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Páll Örn Líndal

Framkvæmdastjóri
Guðmundur Þ. Þórhallsson

## 16.02.2015 → 22.02.2015



**2 MIKLAR SPRUNGUR**
hafa komið í ljós í ísgöngunum sem verið er að klára í Langjökli.

**110.000 TONN**
af loðnu hafa veiðst af 390.000 tonna kvóta íslenskra skipa.



**4.644 FERÐUM**
í kringum jörðina jafngilda flugferðir í íslenska flugstjórnarsvæðinu í fyrra.



**9 ÁR**
geta Kaupþingsmenn setið lengst í fangelsi vegna þeirra mála sem þeir þurfa að svara fyrir.

**158 BORHOLUR**
á jarðhitasvæðum á Íslandi eru nýtanlegar í dag.



**844 TILKYNNINGAR**
um ofbeldisbrot 14 ára og yngri komu á borð lögreglu í fyrra.



**2,7 MILLJARÐAR**
renna af kreditkortum farþega á skemmtiferðaskipum við dvöl þeirra hérlendis.




**124.500 HALLGRÍMSKIRKJUR**
þyrfti til að hýsa Nornahraun sem nálgast 2 rúmkílómetra að stærð.





**VIÐ BÚRFELL** Landsvirkjun hefur gert ráð fyrir mati vindorkukosta.

Tillögur frá Orkustofnun:

## Áttatíu kostir til umfjöllunar

**ORKUMÁL** Orkustofnun lagði í gær inn 33 virkjunarkosti til verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar. Eru því samtals gögn vegna 81 virkjunarkosts á borði verkefnastjórnarinnar. Þar af eru 47 virkjunarkostir í vatnsafli og 33 í jarðvarma.

Stærsta vafaatriðið varðar vindorku. Í bréfi Orkustofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins segir að lög nái ekki með ótvíræðum hætti til vindorku almennt eða sjávarfallaorku. Því voru vindorkukostir sem Orkustofnun hafði sjálf byrjað undirbúning á ekki sendir verkefnastjórninni nú. **- shá**

Suðurlandið á hvíta tjaldið:

## Hrikalega örlög í nýja stórmynd

**KVIKMYNDIR** Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi hefur keypt kvikmyndaréttinn að bókinni Útkall í Atlantshafi á jólanótt. Þar er greint frá hinum hrikalegu örlögum flutningaskipsins Suðurland og áhöfn þess þar sem sex menn fórust.

Myndin mun byggja á bók Óttars Sveinssonar sem út kom árið 1999. Fimm skipbrotsmenn af Suðurlandi lýsa þar hrikalegri baráttu í gúmmíbát í meira en hálfan sólarhring eftir að skip þeirra sökk á milli Íslands og Noregs á jólanótt árið 1986. **- kbg**

# Útlend þróun kom á móti hækkun launa

Í fyrra hækkuðu laun meira en fyrir samninga var talið samrýmast verðbólgumarkmiði. Samt dró úr verðbólgu. Ekki til marks um að kallað sé „úlfur, úlfur“ fyrir kjarasamninga, segir aðalhagfræðingur Seðlabankans.

**EFNAHAGSMÁL** Eftir kjarasamninga á almennum markaði á síðasta ári hækkuðu laun meira en fyrir samningagerðina var talið geta samrýmst markmiðum um verðbólgustig í landinu. Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, segir þetta þó eiga sér sínar skýringar og ekki til marks um að hrópað hafi verið „úlfur, úlfur“ í aðdraganda samninga.



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON**

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, benti nýverið á í viðtali við Bítið á Bylgjunni að fyrir ári hefði verið samið um 2,8 prósenta hækkun launa samkvæmt mati Seðlabankans um hvaða svigrúm væri til staðar. Þá var mat bankans að hækkun launavísitölu umfram fjögur prósent myndi ógna verðbólgumarkmiði. Vísitalan hækkaði hins vegar um sex prósent og verðbólga fór í 0,8 prósent.

Þórarinn segir Seðlabankann bara benda á að til lengdar gangi ekki upp að hækka laun umfram framleiðniaukningu í hagkerfinu. Hækki laun ár eftir ár um sex prósent meðan framleiðni aukist um tvö, þannig að launakostnaður fyrirtækja aukist stöðugt, þá verði verðbólgu ekki haldið í 2,5 prósentum.

„En það breytir því ekki að einstaka ár getur þetta auðveldlega gerst,“ segir Þórarinn. Eftir samningana í fyrra hafi laun hækkað umfram markmið og búið til verðbólguþrýsting, en aðrir þættir hafi á sama tíma komið á móti. Til dæmis hafi gengi krónunnar hækkað, alþjóðleg verðbólga verið ótrúlega lítil, slaki hafi verið í þjóðarbúinu og svo hafi olíuverð hríðfallið í lok árs. „Þannig að í þessu eru í sjálfu sér engar mótsagnir og mér finnst ekki að verið sé að hrópa úlfur, úlfur.“




**LÆTUR DÆLUNA GANGA** Sögulegt hrun olíuverðs á erlendum mörkuðum er einn þeirra þátta sem stuðlað hafa að lægri verðbólgu hér á landi, þrátt fyrir að laun hafi í fyrra hækkað meira en Seðlabankinn taldi æskilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þórarinn bendir á að nýjasta spá Seðlabankans geri ráð fyrir launahækkunum upp á fimm prósent á sama tíma og framleiðni aukist bara um eitt. „Þannig að spáin gerir ráð fyrir meiri hækkunum en samrýmast verðbólgumarkmiði til lengdar, en samt fari verðbólga bara upp í markmið.“ Þetta sé vegna þess að verðbólga sé þegar mjög lítil og þegar áhrif af olíuverði, gengi og öðrum þáttum fjari út þá taki launin við og togi verðbólguna upp í markmið.

Þá segir Þórarinn ekki mega gleymast að ein birtingarmynd viðvarandi launaþrýstings sé hærra vaxtastig. „Hægt er vera með miklar launahækkanir án þess að verðbólga hreyfist, en þá af því að þetta slær út í vaxtastiginu. Birtingarmynd launahækkana verður þá ekki endilega í verðbólgu, heldur sést hún í vöxtunum í samanburði við önnur lönd.“

**olikr@frettabladid.is**



**HREINDÝRAMESSA** Viðburðurinn er haldinn í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Draga út hreindýraveiðileyfi:

## Skotveiðilottó í Sláturhúsinu

**AUSTURLAND** Hreindýramessa verður haldin í Sláturhúsinu, menningarmiðstöð á Egilsstöðum um helgina. Messunni er ætlað að vekja athygli á hreindýraiðnaði Austurlands.

Fjölmargir viðburðir eru á dagskrá, þar á meðal kvikmyndasýningar og kynningar á vörum sem tengjast hreindýraveiðum.

Um tvöleytið í dag verður síðan dráttur um hreindýraveiðileyfi sýndur á breiðtjaldi í Frystiklefanum. Heimilt er að veiða 1.412 dýr í ár. Aldrei hefur meiri kvóti verið leyfður. **- ie**

Sorgleg niðurstaða:

## Móðir kýs að bólusetja ekki

**HEILBRIGÐISMÁL** Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi var rætt við móður sem kýs að bólusetja ekki börn sín. Þórólfur Guðnason, yfirlæknir hjá sóttvarnasviði Landlæknis, segir það sorglega niðurstöðu.

„Mér finnst það í raun og veru sorglegt að fólk skuli komast að þessari niðurstöðu. Það er margsannað að afleiðingarnar af sjúkdómunum sem er verið að bólusetja gegn eru miklu, miklu alvarlegri heldur en nokkurn tímann af bólusetningunni,“ segir Þórólfur Guðnason. **- kbg**


**Framleiðsla á laxi í sjókvíum í Eyjafirði, Seyðisfirði og Mjóafirði**

**Drög að tillögu að matsáætlun**

Norðanlax ehf kynnir drög að tillögu að matsáætlunum vegna áforma um laxeldi í sjókvíum í Eyjafirði, Seyðisfirði og Mjóafirði. Kynning fer fram samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða allt að 8.000 tonna framleiðslu á einu ári í hverjum firði, þó ekki meira en 12.500 tonn yfir þriggja ára tímabil. Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér drögin á vefsíðunni www.fjardalax.is og gera athugasemdir við þau til og með **8. mars. 2015.**

Athugasemdir sendist á netfangið jon@fjardalax.is
eða í pósti á heimilisfangið:

Norðanlax ehf.
Strandgötu 43
460 Tálknafirði


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Friedrichshafen | 6° | New York | 2° |
| Aþena | 14° | Gautaborg | 4° | Orlando | 24° |
| Basel | 7° | Kaupmannahöfn | 4° | Ósló | 2° |
| Berlín | 9° | Las Palmas | 19° | París | 6° |
| Billund | 3° | London | 7° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 6° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 3° |

**Á MORGUN**
13-25 m/s.

**MÁNUDAGUR**
12-20 m/s.




**VERSNAR Í KVÖLD** Vaxandi suðaustan- eða austanátt síðdegis við suðurströndina og þykknar upp með snjókomu syðra seint í kvöld. Veðrið versnar síðan heilmikið í nótt og á morgun verður víða hvassviðri á landinu með snjókomu sunnan og vestan til.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is













Umboðsaðilar:

| GE Bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurl. | iB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilaka.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 490 9090 |

HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

## LANDIÐ




### Leikskólinn á Þórshöfn er sprunginn

**1 ÞÓRSHÖFN** Íbúar Þórshafnar á Langanesi kalla eftir nýjum leikskóla í bæjarfélagið. Nú eru 37 börn í skólanum og nokkur börn á biðlista og komast þar af leiðandi ekki strax inn í skólann. Öflugt atvinnulíf er í sveitarfélaginu þar sem Ísfélag Vestmannaeyja er með öfluga vinnslu. Foreldrar í bæjarfélaginu kalla því eftir nýju og stærra leikskólahúsnæði til þess að öll börn komist inn í leikskóla.

### Þjóðvegi eitt lokað í sex vikur

**2 ÁRBORG** Vegagerðin hefur auglýst lokun á þjóðvegi eitt í gegnum Selfoss. Lokunin varir frá 25. febrúar næstkomandi í allt að sex vikur. Framkvæmdir við gatnamót Austurvegar og Tryggvagötu á Selfossi er ástæða lokunarinnar. Vegfarendum sem leið eiga í gegnum bæinn er beint á hjáleið í gegnum íbúðahverfi en þungaflutningar þurfa að fara örlítið lengri hjáleið. Að meðaltali fara um sjö þúsund bílar á sólarhring um veginn.

### Eygló þjappar sveitarstjórn saman

**3 SKAFTÁRHREPPUR** Eygló Kristjánsdóttir, fráfarandi sveitarstjóri Skaftárhrepps, stappaði stálinu í sveitarstjórn hreppsins þegar slit á ráðningarsamningi hennar var til umfjöllunar í sveitarstjórn. Óskaði hún í bókun að allir gætu enn unnið saman að góðum málum fyrir hreppinn. Enginn eiginlegur meirihluti var í sveitarfélaginu og unnu allir listar saman. Ó-listi telur nú það samkomulag fokið út í veður og vind við starfslok Eyglóar.





**INGA DÓRA SIGFÚSDÓTTIR** Rannsakar líðan ungmenna.

Íslenskur prófessor styrktur:

## 300 milljónir króna frá ESB

**VÍSINDI** Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, fær tvær milljónir evra, eða um 300 milljónir íslenskra króna, í rannsóknarstyrk frá Evrópusambandinu. Inga Dóra er annar Íslendingurinn sem hlýtur svo háan styrk, að því er segir í frétt HR. Rannsóknir Ingu hafa staðið yfir í tvo áratugi og snúast um líðan ungs fólks á Íslandi. Niðurstöðurnar eru notaðar um gjörvalla Evrópu til forvarnarstarfs.

Í tilkynningu HR segir að um gríðarlega viðurkenningu sé að ræða fyrir áratuga starf Ingu og íslenskt fræðasamfélag. - ibs

Blaðamannaverðlaun 2014:

## Fimm tilnefndir á fréttastofu 365

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið og Stöð 2 hlutu fjórar tilnefningar til Blaðamannaverðlauna ársins 2014.

Viktoría Hermannsdóttir er tilnefnd fyrir umfjöllun um innflytjendur. Ólöf Skaftadóttir er tilnefnd fyrir viðtal við tvíburana Kára og Halldór Auðar- og Svanssyni. Fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins eru tilnefndir Garðar Örn Úlfarsson og Þorbjörn Þórðarson fyrir umfjöllun um flugslysið við Akureyri. Í þeim flokki er einnig tilnefnd Hrund Þórsdóttir á Stöð 2 fyrir umfjöllun um lyfjamistök. Allar tilnefningar má sjá á Vísi. - kbg

# Öryggi farþega misjafnlega vel tryggt

Framkvæmdastjóri Strætó bs. segir bíla fyrirtækisins sem sinna ferðaþjónustu fatlaðra búna öryggisbúnaði sem uppfylli allar gæðakröfur. Hins vegar sinni leigubílar líka akstrinum en þeir eru ekki í öllum tilvikum búnir þessum búnaði.

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. sendi frá sér yfirlýsingu í gær í kjölfar fréttaflutnings af erindi Guðbjargar Kristínar Ludvígsdóttur þar sem hún deildi hart á öryggi fatlaðs fólks í umferðinni. Guðbjörg sagði í erindi sínu að öryggi fatlaðra í hjólastól væri langt frá því að vera tryggt í bílum sem sinna slíkri akstursþjónustu.

Í yfirlýsingu Strætó kemur fram að ásakanirnar sem þar hafi komið fram eigi ekki við rök að styðjast. Þegar farið hafi verið í endurskoðun á ferðaþjónustu fatlaðra hafi ein helsta forsendan verið sú að auka öryggi og gæði þjónustunnar. Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir nýja bíla akstursþjónustunnar uppfylla öll öryggisskilyrði. „Það er smá misskilningur í þessu ferli öllu saman, við erum með samninga um tvær gerðir af bílum, svokallaður a- og b-hluti. Þar er gerð krafa um það að bílarnir séu með bakstuðningi og öryggisbelti fyrir hjólastóla og festingar. Hins vegar er varaforði í kerfinu sem kallast varabílar, leigubílar. Þar eru bílar sem gætu ekki uppfyllt þessi skilyrði eins og staðan er í dag, þó að við séum að stefna þangað að það sé krafa, þá er öryggi þeirra farþega ekki eins vel tryggt,“ segir hann.

Jóhannes segir að leigubílarnir hafi sinnt þessum akstri undanfarin 25 ár án athugasemda. „En við erum að stefna að því að allir bílar sem eru að keyra undir okkar merkjum uppfylli þessi skilyrði.“

Guðbjörg sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það væri staðreynd að slys yrðu í bílunum vegna þess en erfitt væri að vita tíðni þeirra.



**SEGIR BÍLANA ÖRUGGA** Framkvæmdastjóri Strætó segir öryggisbúnað í nýjum bílum akstursþjónustunnar uppfylla öll skilyrði. Hins vegar sjái leigubílar um hluta akstursins og þar sé öryggi farþega ekki jafn vel tryggt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar, segist hafa reynt að fá upplýsingar um tíðni slysa sem tengjast akstursþjónustu fyrir fatlaða en ekki haft erindi sem erfiði. „Ég hef leitað eftir upplýsingum um það en það er eins og menn hafi eitthvað mikið að fela. Það er farið með þetta eins og mannsmorð. Ég hef beðið landlækni um tölfræðina og Landspítalann líka. Þá er bara farið að þvaðra um einhverja persónuvernd. Ég er ekki að biðja um nöfn og kennitölur heldur bara tölur. Ég veit ekki af hverju þetta ætti að vera eitthvert leyndarmál,“ segir Bergur og tekur fram að ef einhver vafi leiki á örygginu þá eigi að gera allt þess að laga það. „Ef einhverjum öðrum þjóðfélagshóp yrði sagt að hann ætti hugsanlega að búa við skert öryggi þegar farið er frá a-b þá myndi enginn sætta sig við það.“



> Ég hef beðið landlækni um tölfræðina og Landspítalann líka. Þá er bara farið að þvaðra um einhverja persónuvernd.
>
> *Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar.*

viktoria@frettabladid.is



**SKEMMTIFERÐASKIP** Á fjórða þúsund farþegar koma með fjórum skemmtiferðaskipum í mars.

Vetrarsiglingar til Íslands:

## Skemmtiferðaskip í mars

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fjögur skemmtiferðaskip með á fjórða þúsund farþega koma til Íslands sérstaklega vegna sólmyrkvans 20. mars og norðurljósanna. „Þetta er skemmtileg nýbreytni varðandi skemmtiferðasiglingar til Íslands. Það hefur ekki gerst áður að skemmtiferðaskip komi hingað um vetur,“ segir Jóhann Bogason, verkefnisstjóri hjá TVG-Zimsen, í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Um er að ræða ellefu daga siglingu á norðurslóðir og munu öll skipin koma til hafnar í Reykjavík. Uppselt er í siglingarnar. - ibs

Opið hús hjá Hjartaheillum:

## Mælingar á blóðþrýstingi

**HEILBRIGÐISMÁL** Opið hús verður hjá Hjartaheillum að Síðumúla 6 á morgun, sunnudag, frá kl. 11 til 16 í tilefni GoRed-átaksins. Átakinu er ætlað að fræða konur og karla um hjarta- og æðasjúkdóma sem eru algengasta dánarorsök kvenna á Íslandi.

Konum verða boðnar mælingar á blóðþrýstingi, kólesteróli, blóðsykri og súrefnismettun og verður fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga á staðnum.

Flutt verða fræðsluerindi og úthlutað úr rannsóknarsjóði GoRed á Íslandi. - ibs







ford.is

20 ára afmæli Ford
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Flutningur orku mikill flöskuháls

**Uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni er þröngur stakkur skorinn vegna takmarkana í flutningskerfi raforku. Sveitarstjórnarmenn norðanlands og austan lýsa þungum áhyggjum. Þolinmæði iðnaðar- og viðskiptaráðherra vegna seinagangs við uppbyggingu er á þrotum.**

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Afhending 10 megavatta (MW) af raforku í núverandi flutningskerfi er aðeins möguleg í tveimur landshlutum – Suðvesturlandi og á hluta Norðvesturlands. Slitnað hefur upp úr samningaviðræðum milli Landsvirkjunar og fyrirtækja sem óska eftir orkukaupum vegna þessara takmarkana í flutningskerfinu og þannig eru stór erlend fjárfestingaverkefni í hættu.

Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Óla Grétars Blöndal Sveinssonar, framkvæmdastjóra þróunarsviðs Landsvirkjunar, á aðalfundi Samorku sem haldinn var í gær. Fundurinn ályktaði að íslenska raforkukerfið væri í alvarlegum og vaxandi vanda vegna hindrana á uppbyggingu og viðhaldi – en þessi vandi hefur verið til umfjöllunar hér á landi um árabil. Það hefur kristallast í spurningunni um hvort tengja eigi saman flutningskerfi landshluta með háspennulínu yfir hálendið, eða með því að styrkja byggðalínuna sem fyrir er.

Óli sagði einnig í erindi sínu að virkjaðar auðlindir væru ekki nýttar til fulls vegna takmarkana í flutningskerfinu, en að hans sögn takmarkar flutningskerfið vinnslugetu Landsvirkjunar um sem nemur um 100 gígavattstundum (GWh) á ári. Loks torveldar þessi staða þróun nýrra virkjunarkosta, enda óvissa um flutning orkunnar frá virkjunum.



BJARNI TH. BJARNASON



PÁLL BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

### Óþolinmóð

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, tók í sínu erindi undir áhyggjur og ályktanir fundarins um að staðan á flutningskerfinu væri grafalvarleg. Hún lýsti því yfir að þess væri að vænta að nokkuð myndi liðkast um skipulagsmálin með tveimur þingmálum sem hún er vongóð um að verði leidd til lykta á yfirstandandi vorþingi; um kerfisáætlun Landsnets og þingsályktun um málefni loftlína og jarðstrengja.

Óþolinmæði ráðherra gagnvart 3. áfanga rammaáætlunar var öllum fundarmönnum ljós og nefndi hún sérstaklega velþóknun sína á mjög umdeildri tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um að færa fjóra virkjunarkosti í nýtingarflokk úr biðflokki, til viðbótar við Hvammsvirkjun – sem hún sagði mjög skynsamlega. Tilefnið var önnur ályktun aðalfundarins um að Alþingi færi fleiri orkukosti í nýtingarflokk.



**HÁSPENNA** Uppbygging flutningskerfisins hefur þvælst á milli aðila um árabil og lokaniðurstaðan er fjarri því í hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/SAJ

### Óttast stöðnun

Kannski birtist vandinn sem við er að etja – og allir eru sammála um að þurfi að leysa þótt leiðirnar til þess séu bitbein – þegar sveitarstjórnarmenn stigu í pontu og gerðu grein fyrir þýðingu flutningsvanda raforku fyrir byggðir norðan- og austanlands.

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, minnti á að uppbygging í orkumálum og álvers á Reyðarfirði hefði átt að vera fyrsta skrefið til þróunar atvinnulífs á Austurlandi en mögulega væri þeirri uppbyggingu samfara uppbyggingu stóriðju stefnt í uppnám. Einnig væri framþróun í sjávarútvegi, m.a. með rafvæðingu, ógnað.

### Milljarða fjárfesting í gíslingu

Það var ekki síður þungt yfir Bjarna Th. Bjarnasyni, sveitarstjóra í Dalvíkurbyggð. Í sínu erindi sagði hann frá því að raforkuþörf Eyjafjarðar væri um 100 megavött í dag og færi vaxandi. Aðeins eru framleidd átta megavött á svæðinu og nauðsyn flutnings raforku á svæðið æpandi, sagði Bjarni sem greindi frá erlendum aðila sem óskar eftir 10 MW í atvinnuskapandi fjárfestingu, sem metin er á 17 milljarða, í Dalvíkurbyggð, sem skapa myndi um 120 ný störf og umtalsverðar tekjur fyrir sveitarfélagið og þjóðfélagið í heild. Sú erlenda fjárfesting er ekki í hendi vegna flutningsvandans.

Bjarni sagði „öfgahópa" ekki mega stöðva uppbyggingu flutningskerfis raforku og stjórnmálamenn, sveitarstjórnarfólk og hagsmunaaðila vera sofandi á verðinum.

NISSAN
Innovation that excites

NÝR NISSAN X-TRAIL



NÝR NISSAN X-TRAIL
ACENTA PLUS DÍSIL
EYÐSLA 5,1 L/100 KM*
5.790.000 KR.
Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 7 sæta.

ENNEMM / SIA / NM67489

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

GE bílar, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is


Gott í MATINN
Rjómandi góð hugmynd
á konudegi!
Vöfflur + sölt karamella + rjómi + jarðarber
Fleiri hugmyndir á gottimatinn.is
RJÓMI

SÍMTALAMÁLIÐ Í HAFNARFIRÐI

# Kannast ekki við fund í ráðhúsinu

Upphaf símtalamálsins í Hafnarfirði er fundur í ráðhúsinu 15. nóvember. Hafnarstarfsmaður segist hafa farið á fund og rætt störf Más Sveinbjörnssonar hafnarstjóra. Bæjaryfirvöld verjast allra fregna af fundinum. Starfsmaðurinn fékk áminningu sem var þó dregin til baka.

**STJÓRNSÝSLA** Ástæða þess að Hafnarfjarðarbær leitaði til Vodafone um símagögn bæjarins er ágreiningur um hvort fundur hafi verið haldinn laugardaginn 15. nóvember í fyrra í ráðhúsi bæjarins. Á þann fund var starfsmaður hafnarinnar boðaður og mætti hann í ráðhúsið þennan dag.

Tveir einstaklingar sátu fundinn með honum en ekki er enn vitað hvaða einstaklingar voru þar á ferðinni.



MÁR SVEINBJÖRNSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var fundurinn á efri hæð ráðhússins á gangi þar sem ágætis setustofa er fyrir hendi. Sá staður er mjög nálægt skrifstofu bæjarstjóra Haraldar Líndal Haraldssonar.

Þennan laugardag var hafnarstjóri, Már Sveinbjörnsson, í útlöndum og vissi ekki af fundinum í ráðhúsinu.

Á fundinum með starfsmanni hafnarinnar var aðallega farið yfir vaktir sem starfsmenn Hafnarfjarðarhafnar ganga, sem og viðhald á bryggjunni.

Einnig var farið á fundinum yfir rekstur hafnarinnar og starfsmaðurinn spurður nokkuð ítarlega um stjórnun Más hafnarstjóra.

Þessir þættir sem spurt er um eru allir rekstrarlegs eðlis. Hafnarfjarðarhöfn er svokallað B-fyrirtæki innan Hafnarfjarðar, rekið eingöngu á sjálfsaflafé og skilar tekjum í sveitarsjóð því reksturinn stendur undir sér og meira til.

### Enginn kannast við fundinn

Menn innan bæjarkerfisins vilja ekkert kannast við það að þessi fundur hafi nokkurn tímann átt sér stað og enginn innan stjórnsýslunnar virðist kannast við að hafa kallað hafnarstarfsmanninn á fund til sín, þennan umrædda laugardag 15. nóvember 2015.

Þegar hafnarstarfsmaðurinn fór síðan að tala um þennan fund og ræða við samstarfsmenn sína um fundinn í ráðhúsinu fóru hjólin að snúast á bæjarskrifstofum Hafnarfjarðarbæjar.

### „Aðgangskerfið lá niðri“

Til þess að komast inn í ráðhús Hafnarfjarðarkaupstaðar á laugardegi þarf að hafa kort. Húsið er rammlæst og háþróað aðgangsstýrikerfi að húsinu veitir upplýsingar um hverjir eru í húsinu á hverjum tíma. Hins vegar hefur komið fram í viðtölum við starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar að svo virðist sem aðgangsstýrikerfið hafi „legið niðri“ á nákvæmlega þeim tíma sem fundurinn fór fram.

Ekki er hægt að finna út í gögnum bæjarins hverjir hafi verið í húsinu þennan dag og ekki hægt að sjá á myndavélum hverjir gengu þar um. Hins vegar er vitað að bæjarstjóri sjálfur var í húsinu þegar fundurinn var haldinn.

### Áminntur fyrir ósæmilega hegðun í starfi

Á fundi hafnarstjórnar var ákveðið að áminna starfsmanninn vegna ósæmilegrar hegðunar í starfi. Ekki var nánar tilgreint hvað fólst í orðunum „ósæmileg hegðun í starfi“ en að endingu var samþykkt að maðurinn, sem er við það að fara á eftirlaun, yrði áminntur. Sú áminning er talin vera fyrir þær sakir að hann hafi ekki sagt satt og rétt frá um fundinn 15. nóvember.

Hafnarstjórn fól hafnarstjóranum að áminna starfsmann sinn. Már taldi hann hins vegar ekki hafa unnið til áminningar með nokkrum hætti og neitaði að veita hana.

### Áminntur af bæjarfulltrúa

Að endingu var svo ákveðið að formaður hafnarstjórnar og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Unnur Lára Bryde, áminntu starfsmann persónulega fyrir ósæmilega hegðun í starfi. Afhenti Unnur, pólitískt skipuð, starfsmanni hafnarinnar þá áminningu þrátt fyrir að hafa lítið sem ekkert umboð til þess að geta áminnt starfsmenn bæjarfélagsins.

Enn er ekki vitað af hverju maðurinn var áminntur og enginn vill tjá sig um áminninguna.



**Í RÁÐHÚSI HAFNARFJARÐARBÆJAR** Hafnarstarfsmaðurinn segir fundinn hafa verið á efri hæð ráðhússins, steinsnar frá skrifstofu bæjarstjóra sem var í húsinu. Aðgangsstýrikerfið var óvirkt þegar fundurinn var haldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Bréf frá Félagi skipstjórnarmanna

Stéttarfélag hafnarstarfsmannsins, Félag skipstjórnarmanna, sendi Hafnarfjarðarbæ harðort bréf vegna áminningarinnar og bað bæjaryfirvöld um að afturkalla hana hið snarasta og biðja starfsmanninn afsökunar.

Í bréfinu eru vinnubrögðin gagnrýnd og fullyrt að starfsmaðurinn hafi ekki unnið það sér til saka að verða áminntur fyrir störf sín.

Á síðasta fundi hafnarstjórnar 17. febrúar var málið gagnvart hafnarstarfsmanninum látið niður falla og honum sent bréf þar sem áminningin er afturkölluð. Ekki er beðist afsökunar eins og Félag skipstjórnarmanna óskaði eftir.

### Enginn vill tjá sig

Hvorki bæjarstjóri, Haraldur Líndal Haraldsson, né oddvitar meirihlutaflokkanna vilja tjá sig um málið og segja það starfsmannamál. Því sé ekki hægt að ræða það mál í fjölmiðlum.

Hins vegar hefur bæjarstjóri sagt í ræðustól í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að málið hafi verið það alvarlegt að það varðaði öryggi bæjarins og því þurfti að grípa til þeirra aðgerða að kalla eftir gögnum hjá Vodafone. sveinn@frettabladid.is



# Vinnuveitanda geta verið settar skorður

**Póst- og fjarskiptastofnun segir meðferð gagna hjá vinnuveitendum kunna að vera settar skorður í almennum persónuverndarlögum. Oddvitar meirihlutaflokkanna vilja ekki tjá sig um málið. Borgarfulltrúi hefur óskað eftir upplýsingum í Reykjavík.**

**STJÓRNSÝSLA** Vinnuveitanda kann að vera settar skorður samkvæmt almennum persónuverndarlögum varðandi nýtingu og vinnslu upplýsinga. Þetta kemur fram í svari Björns Geirssonar, forstöðumanns Póst- og fjarskiptastofnunar, við fyrirspurn Fréttablaðsins um innanhússrannsókn Hafnarfjarðarbæjar á símtölum starfsmanna sinna og kjörinna fulltrúa.

„Samkvæmt fjarskiptalögum er fjarskiptafyrirtækjum skylt að afhenda áskrifanda fjarskiptaþjónustu sundurliðaðar upplýsingar um þá fjarskiptanotkun sem áskrifandinn hefur gert samning um og greiðir fyrir. Áskrifandi fjarskiptaþjónustu getur verið fyrirtæki, til dæmis sveitarfélag. Þannig getur vinnuveitandi óskað eftir sundurliðun á fjarskiptanotkun starfsmanna sinna, ef hann er áskrifandi fyrir þjónustunni,“ segir Björn.

Björn tekur fram að símamálið í Hafnarfirði hafi ekki borist stofnuninni með neinum hætti og sé ekki til skoðunar þar. Einnig geti hann ekki tjáð sig um einstök mál.

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, vill ekki tjá sig um skoðun



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR** Bíður niðurstöðu Persónuverndar. Hún neitaði að svara hvort hún hefði vitað um innanhússrannsóknina þegar hún stóð yfir.

Hafnarfjarðarbæjar á símtölum bæjarstarfsmanna og kjörinna fulltrúa fyrr en Persónuvernd hefur lokið afgreiðslu sinni um málið.

Þrír bæjarfulltrúar hafa kvartað til Persónuverndar þar sem símanúmer þeirra hafi verið könnuð vegna innanhússrannsóknar bæjarfélagsins á fundi sem talið er að hafi átt sér stað þann 15. nóvember síðastliðinn.

Þar með hafa bæjarstjóri og báðir oddvitar meirihlutaflokkanna í Hafnarfirði gefið það út að þeir muni ekki tjá sig um málið.

Kvörtun bæjarfulltrúa minnihlutans barst Persónuvernd í vikunni og því er líklegt að niðurstaða fáist ekki í málið fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

> **Þannig getur vinnuveitandi óskað eftir sundurliðun á fjarskiptanotkun starfsmanna sinna, ef hann er áskrifandi fyrir þjónustunni.**
>
> *Björn Geirsson, forstöðumaður Póst- og fjarskiptastofnunar.*

Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, spurðist fyrir um hvort viðlíka mál gæti komið upp hjá borginni. „Við notum síma okkar mikið í vinnunni. Það er skrítið og óþægilegt að vita að einhverjir geti fengið upplýsingar um símnotkun okkar kjörinna fulltrúa,“ segir Halldór.

Póst- og fjarskiptastofnun mun ekki taka málið upp að eigin frumkvæði. „Stofnunin tekur ekki upp mál sem eru til meðferðar hjá öðrum stjórnvöldum. Einnig tekur hún ekki upp mál að eigin frumkvæði,“ segir Björn forstöðumaður.

sveinn@frettabladid.is



**BÆJARSTJÓRN** Meirihluti bæjarstjórnar vill ekki tjá sig um málið fyrr en Persónuvernd hefur lokið yfirferð sinni. Það mun taka stofnunina nokkra mánuði að klára málið.

Tónskáldasjóður Rásar 2

Auglýst er eftir umsóknum í Tónskáldasjóð Rásar 2. Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **19. apríl 2015** merktar

„Tónskáldasjóður Rásar 2“
c/o STEF, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík.

Umsóknareyðublöð má fá heimasíðu STEFs.

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA

ŠKODA




Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, öruggir og endingargóðir og þess vegna sérlega vinsælir í endursölu. **Komdu og prófaðu skemmtilega Skoda hjá okkur í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.**

**www.skoda.is**

Ríkið á 53 milljarða tiltæka:

# Áhyggjur af gjaldeyrisforða

**FJÁRMÁL** Hjá framkvæmdahópi um afnám gjaldeyrishafta er litið svo á að það sé áhyggjuefni að hreinn tiltækur gjaldeyrisforði ríkisins sé aðeins 53 milljarðar króna. Ekki sé til gjaldeyrir til að skipta út krónueignum slitabúa föllnu bankanna án þess að taka lán. Seðlabankinn hefur aðgang að jafnvirði 530 milljarða í formi lána. „Það hefur ekki staðið til að nota gjaldeyrisvaraforða landsmanna til að leysa út þessar krónustöður,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. - þþ

Uppljóstranir Snowdens sýna að breska og bandaríska leyniþjónustan brutust inn í tölvukerfi Gemalto:

# Fengu aðgang að milljónum SIM-korta

**BRETLAND** Bandarískir og breskir leyniþjónustumenn komust yfir milljónir dulkóðunarlykla SIM-korta frá stærsta SIM-kortaframleiðanda heims, fyrirtækinu Gemalto sem er með höfuðstöðvar í Hollandi.

Þetta kemur fram í skjölum frá bandaríska uppljóstraranum Edward Snowden, sem enn hefst við í Rússlandi. Vefmiðillinn The Intercept skýrir frá þessu.

Gemalto framleiðir SIM-kort fyrir flest stærstu farsímafyrirtæki heims. Bresku og bandarísku njósnararnir brutust inn í innra tölvukerfi fyrirtækisins og komust þannig í aðstöðu til þess að fylgjast með megninu af öllum símtölum og textaskilaboðum í farsímum heimsins án þess að fá til þess heimild frá stjórnvöldum eða biðja um upplýsingarnar beint frá fyrirtækjunum.

Með því að hafa dulkóðunarlyklana við höndina losnuðu njósnastofnanirnar einnig við að þurfa að leysa úr dulkóðuninni. Bæði Bretar og Bandaríkjamenn notfærðu sér þetta á árunum 2010 og 2011, en ekki kemur fram í skjölunum frá Snowden hvort sambærilegar njósnir hafi verið stundaðar síðan. Í skjölunum frá Snowden kemur fram að símar íslenska símafyrirtækisins NOVA séu meðal þeirra sem njósnastofnanirnar höfðu aðgang að. - gb




**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Hollenska símafyrirtækið Gemalto framleiðir um það bil tvo milljarða SIM-korta á ári hverju. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


**GoRed konudagurinn á Íslandi 22. febrúar**
**Konur klæðumst RAUÐU!**

Ertu kona á miðjum aldri – eða áttu nána ættingja sem hafa fengið hjartasjúkdóm?
Vissir þú að hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök kvenna á Íslandi?

**Viltu vita meira?**

Opið hús í húsnæði Hjartaheilla að Síðumúla 6, milli 11.00 og 16.00

Í boði verður meðal annars:
- Fræðsla um hjarta- og æðasjúkdóma á formi stuttra fyrirlestra og samtala
- Áhættuþáttaskimum fyrir konur: Blóðþrýstingsmæling, blóðfitumæling, súrefnismettun og blóðsykur
- Útdráttarvinningar fyrir heppna gesti

Kl. 12.45 Ávarp formanns GoRed, Þórdísar Jónu Hrafnkelsdóttur
Kl. 13.00 Úthlutað styrk úr Rannsóknarsjóði GoRed

Hvernig væri að draga fram eitthvað rautt úr skápnum og kíkja við?

Hugaðu að hjartanu – ekki bíða til morguns, því þú hefur aðeins eitt!

Nánari upplýsingar á *www.gored.is og www.hjartaheill.is*
GoRed nælan er til sölu í verslunum Hagkaups

GoRed fyrir konur



VERÐI LJÓS!

Velkomin á ársfund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Hilton fimmtudaginn 26. febrúar frá kl. 8:30 – 11:00.

Húsið opnar kl. 8:00 með morgunverði og ljúfum tónum.

Dagskrá ársfundar:
- Ávarp ráðherra – Ragnheiður Elín Árnadóttir
- Verði ljós! - opnunarerindi – Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri
- Ræsing landsbyggðarinnar – Sigurður Steingrímsson
- Ljósið í efnistækninni – Guðbjörg Óskarsdóttir
- Hlutverk „ljósmóðurinnar“ – Sigríður Ingvarsdóttir
- Ljómandi Fab Lab – Frosti Gíslason
- Einstök íslensk upplifun – Sigríður Kristjánsdóttir
- Brautryðjandinn – viðurkenning Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
- Vistbyggðarstigakerfið BREEAM í nýju ljósi – Ólafur Wallevik
- Kastljós á byggingarannsóknir – Björn Marteinsson
- Brautargengi, ljósmegin í lífinu – Bjarnheiður Jóhannsdóttir
- Nýsköpun með ljósi – Kristján Leósson
- Óvænt endalok

Fundarstjóri: Hundur í óskilum
Skráning og nánari upplýsingar á nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands




**HERINN FER** Úkraínskir hermenn á leiðinni brott frá átakasvæðunum, samkvæmt ákvæðum friðarsamkomulags. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Flutu sofandi að feigðarósi

Bresk þingnefnd gagnrýnir bæði bresku stjórnina og ráðamenn Evrópusambandsins harðlega fyrir ómarkviss vinnubrögð í aðdraganda stríðsins í Úkraínu.

**BRETLAND** Í aðdraganda stríðsátakanna í Úkraínu gerðu hvorki bresk stjórnvöld né aðrir ráðamenn í Evrópusambandinu sér neina grein fyrir því hve andsnúnir Rússar voru nánari tengslum Úkraínu við Evrópusambandið.

Þetta kemur fram í ítarlegri skýrslu frá Evrópunefnd lávarðadeildar breska þingsins, að Vesturlönd hafi flotið sofandi að feigðarósi hvað þetta varðar.

Nefndin gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir ómarkviss vinnubrögð og skilningsleysi á ástandinu. Það stafi ekki síst af því að dregið hafi verið úr fjárframlögum til greiningar og upplýsingasöfnunar í breska utanríkisráðuneytinu. Vantað hafi fleiri sérfræðinga um Rússland í ráðuneytið til þess að hægt væri að lesa betur í stöðuna.

Þá hafi forysta Evrópusambandsins gefið sér að Rússland væri á góðri leið með að verða lýðræðisríki, en sú forsenda hafi verið of bjartsýn: „Aðildarríkin hafa verið lengi að endurmeta samskiptin og aðlagast veruleika þess Rússlands sem við eigum við að etja í dag,“ segir í skýrslunni.

„Athafnir Rússa þarf að skoða innan bæði hins sérstaka sögulega samhengis Úkraínu sjálfrar og innan víðara samhengis hegðunar Rússa í nágrannalöndunum,“ segir í skýrslunni. „Staðan nú er mjög frábrugðin því sem var árið 1991 þegar Sovétríkin liðuðust með friðsamlegum hætti í sundur í fimmtán ríki.“

Breska stjórnin hafnar þessari gagnrýni. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir aðalatriðið núna vera að senda Rússum skýr skilaboð um að það sem gerst hafi sé óviðunandi: „Það verður að standa við vopnahléið, og ef það gerist ekki þá verða frekari afleiðingar, frekari refsiaðgerðir,“ hefur BBC eftir honum.

Skýrslan var birt í gær, en þá var rétt ár liðið frá blóðugasta degi mótmælanna í Kænugarði þegar meira en 50 manns létu lífið. Um það bil tveimur mánuðum seinna hófust svo stríðsátökin, sem nú hafa kostað meira en fimm þúsund manns lífið. gudsteinn@frettabladid.is




**ÓSÁTTIR VIÐ RÚSSA** Íbúar í Kænugarði með mótmælaspjöld gegn Pútín Rússlandsforseta og Rússum almennt. NORDICPHOTOS/AFP

Síminn

# Snjallar gjafir og sætir molar á konudaginn




## Samsung Galaxy S5

Kröftugt tæki og stílhrein hönnun

**4.990 kr.** á mánuði í 18 mánuði*

**Frábær sími á lækkuðu verði.**
Verð áður: 99.990 kr.

**Staðgreiðsla: 84.990 kr.**

16GB · 16MP · 5,1" · 4G




## Samsung Galaxy A5

Óaðfinnanleg upplifun og einstakt útlit

**4.690 kr.** á mánuði í 18 mánuði*

Konfektkassi frá Hafliða Ragnarssyni fylgir með

**Staðgreiðsla: 77.990 kr.**

16GB · 13MP · 5" · 4G




## Samsung Galaxy A3

Einfaldur en eldklár

**3.490 kr.** á mánuði í 18 mánuði*

Konfektkassi frá Hafliða Ragnarssyni fylgir með

**Staðgreiðsla: 58.990 kr.**

16GB · 8MP · 4,5" · 4G

Gildir í verslunum Símans í Kringlunni, Smáralind og á Akureyri

HANDMADE ICELANDIC CHOCOLATE HR

*340 kr. greiðslugjald leggst við hvern mánuð ef greiðslum er dreift á kreditkort. Tilboðin gilda í verslunum Símans í Kringlunni, Smáralind og á Akureyri dagana 21. og 22. febrúar 2015.

# Við erum stolt af því að vera besti flugvöllurinn í Evrópu 2014

Keflavíkurflugvöllur hlaut á dögunum viðurkenningu sem besti flugvöllur í Evrópu 2014 af alþjóðasamtökum flugvalla í viðamikilli þjónustukönnun*. Við þökkum farþegum fyrir að velja okkur í fyrsta sæti og erum staðráðin í því að veita áfram frábæra þjónustu.

*Þjónustukönnun ASQ, á vegum Airport Council International, mælir fjölmarga þætti sem snerta m.a. kurteisi og hjálpsemi starfsfólks, þægindi við tengiflug, notalegt andrúmsloft, hreinlæti, afgreiðslu farangurs og margt fleira. Tæplega 100 flugvellir í Evrópu taka þátt í könnuninni, þar á meðal stórir flugvellir á borð við London Heathrow, Paris Charles DeGaulle, Amsterdam Schiphol, Óslóarflugvöllur og Kaupmannahafnarflugvöllur.

@KEFairport #BecauseWeKEF



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Mikill skoðanamunur innan ríkisstjórnarinnar:

# Ráðherra varð heimaskítsmát

Sjávarútvegsráðherra hefur gefist upp. Hann mun ekki freista þess að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Sjálfstæðisflokkurinn leggst gegn breytingum á gildandi lögum, og hefur betur. Þar með hefur flokkurinn náð fram vilja sínum og hagsmunum. Þar á bæ þykir betra að hafa núverandi lög óbreytt en með boðuðum breytingum ráðherrans.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Sigurður Ingi Jóhannsson hefur sem sagt verið borinn ofurliði af samherjum sínum í ríkisstjórn. Ráðherrann vann samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en þar segir meðal annars: „Áfram verður unnið með tillögu sáttanefndar sem starfaði á liðnu kjörtímabili um að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun.“

Nú er ljóst að hér endar málið. Engar breytingar verða gerðar á lögum um stjórn fiskveiða, allavega ekki í næstu framtíð. Fyrsta grein í gildandi lögum er ótvíræð: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Og: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Vilji var til á meðal þingmanna, og sennilega þá líka ráðherra, Sjálfstæðisflokksins að kvótinn, það er veiðirétturinn, verði eign útgerðarinnar, kvótahafanna. Í hinu andvana frumvarpi ráðherrans var gert ráð fyrir að ekki færi á milli mála að aflaheimildirnar yrðu áfram eign þjóðarinnar. Vegna ágreinings milli stjórnarflokkanna verður ekkert af breytingum á lögunum, ekki nú frekar en áður.

Þótt lögin um stjórn fiskveiða verði óbreytt í næstu framtíð er víst að ágreiningurinn hverfur ekki. Fram undan eru átök um breytingar á veiðigjöldum. Svo kann að vera að ríkisstjórnarflokkarnir nái saman um breytt veiðigjöld. Það mun samt ekki duga. Stjórnarandstaðan mun búa sig undir harða varnarbaráttu. Fátt, jafnvel ekkert, veldur eins miklum deilum meðal þjóðarinnar og afgjald útgerðarinnar fyrir að fá að nýta sameiginlega auðlind okkar.

Afdrif frumvarps Sigurðar Inga Jóhannsson sjávarútvegsráðherra er skýrasta dæmið um ágreining innan ríkisstjórnarinnar. Einstaka stjórnarsinnar hafa á síðustu dögum reynt af veikum mætti að gera lítið úr ágreiningnum. Sigurður Ingi á hrós skilið fyrir að hafa sagt hlutina eins og þeir eru.

Hér er tekist á um hugsjónir og mikla hagsmuni. Til þessa hefur Sjálfstæðisflokkurinn náð sínu fram á kostnað Framsóknarflokksins. Víst er að það eykur ekki kæti Framsóknar en þrátt fyrir að framsóknarmenn fari með sjávarútvegsráðuneytið þurftu þeir að lúta í gras í málinu. Eflaust er það sárt. Hverjar afleiðingarnar verða fyrir stjórnarsamstarfið er of snemmt að segja til um. Það skýrist.

Ríkisstjórninni veitir trúlega ekki af að berja í brestina eigi henni að takast að koma í gegn nokkrum veigamiklum málum á þeim um þrjátíu fundardögum sem eftir eru af þinghaldinu nú á vorþinginu. Þar má nefna breytingar á veiðigjöldum, tillöguna um að draga aðildarumsóknina að Evrópusambandinu til baka, breytingar á rammanum, að ná fram náttúrupassa auk annarra stórra mála. Víst er að eitthvað mun undan láta.

Ríkisstjórnin á á hættu að verða undir í komandi baráttu.Að ná ekki fram sumum af sínum helstu málum og það þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi drjúgan meirihluta á Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871






## MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

## Guð ©

Viðbrögðin við síðustu grein minni, Guð er ekki til, hafa verið gríðarlega mikil. Fjöldi fólks hefur tjáð sig á samfélagsmiðlum og víðar. Margir prestar hafa stigið fram og skrifað svargreinar bæði á visir.is og á tru.is. Mér finnst ég knúinn til að koma með andsvar, leiðrétta rangfærslur og misskilning og útskýra afstöðu mína betur.



Ég hef verið gagnrýndur fyrir að alhæfa. Samt alhæfi ég ekki mikið í greininni. Flest sem ég segi byggi ég á persónulegri skoðun, reynslu og upplifun og tek það skýrt fram. Ég segi aldrei að trú stríði gegn heilbrigðri skynsemi heldur skynsemi minni. Þar er stór munur á. Ég meira að segja takmarka það við trúna á persónulegan guð. Ég segi ekki að trú og vísindi séu andstæður heldur að þau séu það oft. Kemur það á óvart? Ég get nefnt þróunarkenningu Darwins og umræður um loftslagsmál af mannavöldum eða stofnfrumurannsóknir og svona mætti lengi telja. Margir telja að taugarannsóknir verði sú grein vísinda sem muni verða í hvað mestri andstöðu við ríkjandi trúarbrögð í heiminum á næstu árum því þar stíga vísindamenn inn á einkalóð trúarbragða og heimspeki; mannsandann sjálfan. Það er alveg rétt hjá mér að vísindin hafi velt trúarbrögðunum af þeim stalli sem þau sátu eitt sinn á. Þau eru ekki lengur það ægivald sem þau voru.

## Hommar og konur verða aldrei páfar

Varðandi mannréttindi held ég varla að ég þurfi að tíunda allt það óréttlæti og mannréttindabrot sem framin eru í heiminum í nafni trúarbragða. Reglulega fara fram mótmælagöngur í Frakklandi og víðar til að mótmæla samkynhneigðum. Þar eru áhrif trúar og kennisetninga mjög áberandi. Þeir sem sjá það ekki vilja einfaldlega ekki sjá það. Staða kvenna er annað dæmi. Mér og mörgum öðrum finnst trúarbrögðin gjarnan gera lítið úr konum og setja þær skör lægra en karlmenn. Þetta staðfestist hræðilega með afstöðunni til fóstureyðinga. Þar víkja sjálfsögð réttindi kvenna til að ráða yfir sínum líkama gjarnan fyrir trúarkreddum. Árið 2012 lést Savita Halappanavar á spítala á Írlandi vegna fósturmissis. Læknar hefðu líklega getað bjargað lífi hennar en gátu ekki samkvæmt lögum sem banna fóstureyðingar.

Að halda því fram að mannréttindi séu í fullkominni harmóníu við hinn svokallaða kærleiksríka guð reynist því ekki standast skoðun. Alhæfingar presta um annað reynast innantómar þversagnir. Séra Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, segir til dæmis í svargrein sinni Guð og Jón Gnarr 17. febrúar að „Afstaða til samkynhneigðra sé t.d. oftast fremur menningarmál en mál trúar“. Ég er ekki sammála því. Auk þess er það afstaða þjóðkirkjunnar að „Hin evangelíska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar sem og annarra norrænna þjóða“. Og er það ekki þannig úti um allan heim?

## Grín er dauðans alvara

Margir þeirra sem tjá sig segja að þeim finnist ég ekki hafa rétt á að tjá mig á þennan hátt, ég hafi hvorki menntun né vit til að ræða um þessi mál, „hvorki siðferðilegan né vitsmunalegan rétt“, eins og séra Sigurður Árni segir í grein sinni. Bæði hann, séra Bjarni Karlsson og fleiri virðast líka þeirrar skoðunar að ekki megi gera grín að trú fólks. Það þykir mér hættulegt viðhorf. Erum við örugglega ekki að grínast með það? Flestir gera alvarlega athugasemd við að ég skuli alhæfa að guð sé ekki til. Samt alhæfa þeir sjálfir hið gagnstæða á hverjum degi og hafa gert lengi. Guð er ekki bara til, hann er kærleikur og hann er svona og hinsegin. Hvað er það sem gefur þeim rétt til þess en meinar mér þess sama? Ég get ekki fallist á það. Ég get heldur ekki fallist á þá niðurstöðu margra að þótt ég hafi ekki fundið guð þá hafi guð fundið mig. Séra Sigurvin Jónsson, prestur í Neskirkju, gerði grein mína að umtalsefni í prédikun sinni 15. febrúar og sagði meðal annars: „Hugmyndin um persónulegan Guð er ekki fjarlæg og óskynsamleg, heldur aðgengileg öllum sem eru fús að leita hans í bæn.“

Þarna er verið að snúa út úr og svara alhæfingu með annarri alhæfingu. Það er líka verið að hæðast að minni sögu og gera lítið úr minni lífsskoðun. Það skipti engu máli hvað mér finnst því guði finnst annað og eina ástæðan fyrir að ég hafi ekki fundið hann sé að ég sé rati og hafi ekki leitað nógu vel.

Ég vil minna trúmenn á að trúleysi er lögvarin lífsskoðun á Íslandi. Ég er meðlimur í Siðmennt, félagi siðrænna húmanista. Ég er stoltur húmanisti. Ég hef nákvæmlega sama rétt og hver annar til að tjá mig um lífsskoðanir mínar og tjá mig á hvern þann hátt sem mér sýnist. Ólíkt mörgum öðrum er ég svo heppinn að vera borgari í lýðræðissamfélagi sem virðir tjáningarfrelsið. Guð er ekki einkamál presta. Þeir eru engir rétthafar að guðshugtakinu. Prestar hafa atvinnuöryggi sitt og lífsafkomu af því að tala um og boða trú. Þeir nýta þann rétt eins og þeim þykir þurfa. Ég þekki þessa presta alla og að góðu einu og bið þá, og aðra trúaða, um að virða minn rétt, eins og þeir virða önnur trúarbrögð. Ég hef atvinnu og lífsafkomu af gríni. Ég geri grín að því sem mér þykir þurfa að gera grín að, á þann hátt sem ég vil og þegar ég vil.

Ég er Charlie!

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# SAMSUNG



**27" WQHD tölvuskjár með USB hub**
LS27D850
Upplausn: 2560 x 1440
Birta: 350 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)
Tengingar: 1x Dual link DVI, 1x HDMI, 1x Display port, USB hub 1-4
**Verð: 109.900 –**



**32" UHD tölvuskjár með USB hub**
LU32D97
Upplausn: 3840 x 2160 4K
Birta: 350 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)
Tengingar: 2x Display port, 1x HDMI, heyrnatól, USB hub 1-4
**Verð: 399.900 –**



**28" UHD tölvuskjár**
LU28D590
Upplausn: 3840 x 2160 4K
Birta: 370 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)
Tengingar: 1x Display port, 2x HDMI, heyrnatól
**Verð: 119.900 –**

## Tölvuskjáir & prentarar



**27" VA tölvuskjár Curved**
LS27D590C
Upplausn: 1920 x 1080
Birta: 350 cd/m2 / Skerpa: mega (3.000:1)
Tengingar: 1x VGA, 1x HDMI, 1x Display port
**Verð: 79.900 –**



**27" PLS tölvuskjár**
LS27D590
Upplausn: 1920 x 1080
Birta: 300 cd/m2 / Skerpa: mega (1.000:1)
Tengingar: 1x VGA, 1x HDMI, 1x Display port
**Verð: 59.900 –**



**Laser prentari svarthvítur**
M2022
Prenthraði: allt að 20 bls/mín
Fyrsta síða út: 8,5 sek
Upplausn: 1200 x 1200 dpi
Pappírsbakki: 150 blöð / Þráðlaus nettenging
**Verð 17.900 –**



**Fjölnotaprentari litur**
C460FW
Prentun – skönnun - ljósritun
Prenthraði: allt að 19 bls/mín
Fyrsta síða út: 14 sek / Upplausn: 2400 x 600 dpi
Pappírsbakki: 150 blöð / Þráðlaus nettenging
**Verð 69.900 –**



**Laser prentari litur**
C1810W
Prenthraði: allt að 19 bls/mín
Fyrsta síða út: 6 sek eða minna
Upplausn: 9600 x 600 dpi
Pappírsbakki: 250 blöð/ Þráðlaus nettenging
**Verð 59.900 –**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR · BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

# HELGIN



**Magni Ásgeirsson söngvari**

## Reynir að ná heim fyrir konudaginn

„Í kvöld ætla ég ásamt þvílíkum hóp af vitleysingum að skemmta á Norðlendingaballinu á Spot. Þetta er Hvanndalsstórfjölskyldan, fyrrverandi og núverandi Hvanndalsbræður. Síðan mun hin goðsagnakennda eitíshljómsveit Stuðkompaníið troða upp. Ég stefni á að reyna, eins og síðustu fimmtán ár, að ná heim á konudaginn með eitthvað í farteskinu en miðað við veðurspá verð ég sennilega bara á Holtavörðuheiði.“



**Gunnar Hansson leikari**

## Lokaður inni í klippiherbergi

„Ég verð alla helgina lokaður inni í klippiherbergi að gera og græja kvikmyndina mína Bakk. Hún er væntanleg með vorinu. Það fer að koma mynd á hana en við eigum enn talsvert fínpúss eftir.“



**Brynja Þorgeirsdóttir, dagskrárgerðarkona á RÚV**

## Tek því rólega fram að Eddu

„Í dag mun ég taka því rólega með strákunum mínum fram að Edduhátíðinni sem fer fram í kvöld. Á morgun mun ég líklega reyna að sjá The Theory of Everything eða kíkja á Stockfish-kvikmyndahátíðina.“



**Rakel Garðarsdóttir, leikstjóri og dagskrárgerðarkona á Hringbraut**

## Umfram allt að hafa gaman

„Í dag fer ég í tökur fyrir nýja þáttinn minn sem fjallar um neytendamál og svo fer ég á Edduna. Á morgun fer ég í blaðaviðtal hjá Vikunni, kannski í langþráðan göngutúr eða útihlaup. Það veltur allt á veðri en spáin gæti orsakað huggulega heimsókn til ömmu.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU…



**Á KVIKMYNDAHÁTÍÐINA STOCKFISH** og horfðu á gæðamyndir á hvíta tjaldinu. Til dæmis má ekki missa af Two Men in Town með Forrest Whitaker og Harvey Keitel.




**Á NÝJA PLÖTU** rapparans Drake If You're Reading This It's Too Late.




**KILJUNA VIÐ** eftir David Nicholls, sama höfund og skrifaði metsölubókina Einn dagur.



**Á EDDUNA** í opinni dagskrá á Stöð 2 í kvöld klukkan 19.40. Edda Björg Eyjólfsdóttir er kynnir hátíðarinnar.

# Við erum í bráðri lífshættu við hvert fótspor

Gaflaraleikhúsið frumsýnir barnafarsann Bakaraofninn með Gunna og Felix undir áhrifum frá Vesturporti. Það verður því líf og fjör í Hafnarfirði um helgina.

Gaflaraleikhúsið frumsýnir í dag barnafarsann Bakaraofninn eftir Gunnar Helgason og Felix Bergsson. Í þessu fjörlega verki fyrir alla fjölskylduna opna Gunni og Felix veitingastaðinn Bakaraofninn þar sem matargerð er lyst og lenda í alls kyns vandræðum og ævintýrum.

Leikarar ásamt þeim félögum eru þau Elva Ósk Ólafsdóttir og Ævar Þór Benediktsson, leikstjóri er Björk Jakobsdóttir og tónlistin er eftir Mána Svavarsson, þann hinn sama og hefur samið alla tónlist fyrir Latabæjarþættina.

„Við Felix höfum reyndar ekki leikið saman á sviði síðan í West Side Story árið 1995 þegar ég skaut hann til bana í lok hverrar sýningar,“ segir Gunni og hlær. „En nú erum við aftur sameinaðir á sviðinu og í brjáluðu stuði. Þessi skotárás í West Side Story hefur samt setið eitthvað í Felix mínum því um daginn henti hann í mig málningarfötu svo að vörin sprakk. Það sprungu reyndar allir líka úr hlátri og því var ákveðið að hafa þetta með í sýningunni. Nú fæ ég fjórar málningarfötur í fangið á hverri sýningu og Felix lofaði að passa sig betur,“ segir Gunni og hlær áður en hann bætir við: „Þetta málningarfötuatriði er aðeins eitt af mörgum áhættuatriðum í sýningunni. Við erum í bráðri lífshættu við hvert fótspor. Við erum svolítið undir áhrifum frá Vesturporti og ætluðum að láta fólk fljúga alveg hægri vinstri en lofthæðin er svo lítil í Gaflaraleikhúsinu að við ákváðum bara að búa til kjallara í staðinn og ég fæ að henda Felix niður í hann.




**HRESSIR SAMAN** Felix Bergsson og Gunnar Helgason frumsýna barnafarsann Bakaraofninn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Við sem erum í að skrifa fyrir börn erum í bransanum að bjarga mannslífum. Bækur og leikhús fyrir börn eru svo mikilvægur þáttur í þroska þeirra, námsmögu-leikum og framtíð. Við teljum því að það sé mörgum sinnum mikilvægara að gera gott barnaefni en fullorðinsefni og við leggjum okkur alla fram og við lofum góðri fjölskylduskemmtun í Gaflaraleikhúsinu á næstunni.“ - mg

# Gómsætt gúllas með sólþurrkuðum tómötum

Það er fátt betra í miklum kulda líkt og þeim sem herjar á landið um helgina en kraftmikið og bragðgott gúllas. Það hentar vel með réttinum að bera hann fram með nýbökuðu og góðu brauði með grófri skorpu.

- 900 g nautagúllas
- 2 msk. ólífuolía
- 1 laukur, hakkaður
- 4 hvítlauksrif, fínhökkuð
- 1 lítil bjórdós
- 2 msk. Worcestershire-sósa
- 4 bollar vatn
- 2 nautateningar
- 1 grænmetisteningur
- ½ bolli sólþurrkaðir tómatar, hakkaðir
- ½ tsk. salt
- ½-1 tsk. paprika
- ½ msk. dijon-sinnep
- Rauðar kartöflur, skornar í fernt
- Gulrætur, skornar í sneiðar

Hitið ólífuolíu í stórum potti eða djúpri pönnu og brúnið kjötið á öllum hliðum. Færið kjötið yfir á disk og setjið lauk og hvítlauk í pottinn. Mýkið laukinn og hellið bjórnum yfir. Hrærið í pottinum þannig að krafturinn á botninum blandist í vökvann. Bætið Worcestershire-sósu, vatni, krafti, sólþurrkuðum tómötum, salti, papriku og sinnepi í pottinn og látið suðuna koma upp. Bætið kjötbitunum í pottinn og lækkið hitann í væga suðu. Látið lokið á og sjóðið við vægan hita í tvær klukkustundir. Bætið kartöflum og gulrótum í pottinn og sjóðið í 30 mínútur. Rétt áður en rétturinn er borinn fram er tekinn 1 bolli af vökva úr pottinum, hrærið 2 msk. af hveiti saman við og hrært aftur út í pottinn. Þetta er gert til að þykkja sósuna.

*Uppskrift fengin af Ljufmeti.com*




THE EUROPEAN LOTTERIES
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED
WLA
65
MILLJÓNIR
POTTURINN BLÓMSTRAR
UM KONUDAGSHELGINA.
POTTURINN STEFNIR Í 65 MILLJÓNIR
LAUGARDAGINN 21. FEBRÚAR
ENNEMM / SÍA / NM67458
Lottó
LEIKURINN OKKAR
facebook / lotto.is

# 50 (ÁR) 50 (SETT) 50 (%)

Húsgagnahöllin var stofnuð árið 1965 og er því **50** ára á þessu ári. Í tilefni afmælisins bjóðum við nú **50** fallega „retro“ sófa ásamt stól á **50**% afslætti. Fyrstur kemur fyrstur fær.



Vandaður 3ja sæta „retro“ sófi og stóll. Ljósgrátt slitsterkt áklæði og viðarlappir.
FULLT VERÐ: SÓFI 119.990 STÓLL 74.990

**ÖRFÁ EINTÖK EFTIR**



AFMÆLISTILBOÐ – SETTIÐ AÐEINS KRÓNUR

# 97.490

LA-Z-BOY®

KOMDU OG SKOÐAÐU LA-Z-BOY SÝNINGARRÝMIÐ OKKAR!

2ja sæta
**399.990**
FULLT VERÐ: 549.990

3ja sæta
**299.990**
FULLT VERÐ: 449.990



**STELLA** Rafdrifinn La-z-boy sófi. Svart og brúnt ekta leður
Stærð: 3ja sæta B:215 D:98 H:104 cm. 3ja sæta B:158 D:98 H:104 cm.

LA-Z-BOY

**Hinn eini sanni!**

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

*La-z-boy – líklega besta sæti í heimi!*



**NORA** La-z-boy stóll. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: B:78 D:85 H:101 cm.

**79.990**
FULLT VERÐ: 89.990



**RIALTO** Rafdrifinn La-z-boy lyftistóll. Svart og ljóst slitsterkt áklæði. Stærð: B:80 D:85 H:110 cm.

**139.990**
FULLT VERÐ: 179.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

# PASO DOBLE

## VANDAÐIR Á FRÁBÆRU VERÐI




Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



## UMBRIA U-SÓFI

Fæst bæði hægri og vinstri.
Slitsterkt áklæði, antrazit og grár
Stærð: Stærri 386 x 250 H: 80 cm
Minni 326 x 250 H: 80 cm

Stærri gerð
**399.990**
FULLT VERÐ: 479.990

Minni gerð
**379.990**
FULLT VERÐ: 439.990

**UMBRIA** sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

## ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF FALLEGRI SMÁVÖRU

iittala ALESSI by nord VIDIVI nuance eva solo S.O.U.L It's about RoMi Rosti Mepal broste bodum S&P

KONUDAGURINN – GJÖFIN FYRIR HANA!

NÝTT Í HÖLLINNI

## Silkiblóm






# HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI

OG Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100



**TOGSTREITA** „Ég gat platað fólk að ég væri sænskur,“ segir Sverrir og segist seinna hafa fundið fyrir því að vera utangarðs bæði í Svíþjóð og á Íslandi. „Maður kemur til Íslands og er ekki alveg inni í þjóðfélaginu hér.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dæturnar eru í fyrsta sæti

**Sverrir Guðnason** hélt að barnsdraumurinn um að verða leikari væri glataður þegar hann flutti frá Íslandi til Svíþjóðar. Nú er hann einn vinsælasti leikari Svía en gætir sig á því að færa ekki dýrmætar fórnir.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Sverrir sá allt svart þegar hann tók á móti virtustu leiklistarverðlaunum Svía á dögunum, Gullbjöllunni. „Ég var tilnefndur til tvennra verðlauna og tók líka þátt í krefjandi skemmtiatriði, var að róla mér í loftrólu. Svo komu dætur mínar óvænt á svið. Þetta var allt saman mjög yfirþyrmandi, ég hafði mikið að hugsa um og þegar ég var loks kallaður á svið til að taka við verðlaununum þá sá ég bara allt svart. Ég gleymdi öllu sem ég ætlaði að segja,“ segir hann og hlær. Það kom ekki að sök, í þakkarræðunni sendi Sverrir kveðju til föður síns og fjölskyldu á Íslandi. Sverrir ólst upp í Reykjavík en fluttist til Svíþjóðar fyrir 25 árum. Þótt fjölskylda hans hafi nærri öll snúið aftur til Íslands býr Sverrir enn í Stokkhólmi með dætrum sínum þremur.

**Ferillinn hófst í Borgarleikhúsinu**

Hann hlaut sænsku Gullbjölluna fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Flugparken, sem er opnunarmynd Stockfish, evrópskrar kvikmyndahátíðar sem nú stendur yfir í Bíói Paradís. Sverrir er einn af þekktustu leikurum Svíþjóðar og Íslendingar þekkja hann helst fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum um Wallander lögreglumann. Leikferill Sverris hófst hins vegar á sviði Borgarleikhússins. Þar lék hann Ólaf Kárason Ljósvíking sem barn í opnunarsýningu Borgarleikhússins á Ljósi heimsins 1989, þá ellefu ára.

Um frammistöðu hans sagði Auður Eydal, þáverandi leiklistarrýnir DV: „Spegill sálar hans, hinn ungi Óli, var ótrúlega vel leikinn af Sverri Páli Guðnasyni, skýrmæltum og yndislegum dreng.“ Sverrir varð fyrir djúpstæðum áhrifum og ákvað ▶

**Ég hafði litið leikið áður en reynslan var stórkostleg. Þetta hafði mikil áhrif á mig.**

**Ég byrjaði að leika aftur í menntaskóla og eignaðist að sjálfsögðu vini. En ég hef alltaf verið svolítið utangarðs í Svíþjóð þótt ég hafi lært á venjur samfélagsins og að vera alvöru Svíi. Ég gat platað fólk að ég væri sænskur.**

# POTTA
## OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN



YFIR **100** TEGUNDIR

# 20-50% afsláttur
## af ÖLLUM pottum og pönnum

# NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
## Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!



POTTASETT
GRILLPÖNNUR
GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
HRAÐSUÐUPOTTAR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
KOPARPOTTAR-
OG PÖNNUR

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:

KitchenAid · ibili · LE CREUSET · Fissler (Fissler. Perfect every time.) · GRUNWERG SHEFFIELD-ENGLAND · Jamie Oliver · evatrio · Tefal

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

Nýtt kortatímabil!

Sjáðu allt úrvalið á byggtogbuid.is

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

# LÍF OG FERILL SVERRIS











Fyrsta hlutverk Sverris í stóru leikhúsi var drengur í Heimsljósi í Borgarleikhúsinu 1989.Hann kom líka fram í áramótaskaupi 1989 og sést hér á mynd í atriðinu. Eftir þessa reynslu ákvað hann að verða leikari. Árið 1996 fékk hann hlutverk í fyrstu sjónvarpsseríunni, Sexton. Hann hefur leikið Pontus í 11 Kurt Wallander-myndum. Fengið verðlaun sem besti karlleikari fyrir hlutverk sitt í dansk/sænsku myndinni Original á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Shanghai 2009. Hann lék aðalhlutverk í Storstadsljus í Borgarleikhúsi Gautaborgar 2008 og í Paraplyerna í Cherbourg í Borgarleikhúsinu í Stokkhólmi 2011. Hann fékk Gullbjölluna 2014 sem besti karlleikari í aukahlutverki í myndinni Monica Z og aftur 2015 fyrir besta leik í aðalhlutverki. Verðlaunin hlaut Sverrir fyrir leik sinn í kvikmyndinni Flugparken, sem fjallar um fyrrverandi hokkíleikara sem þarf að takast á við dauða besta vinar síns. Sverrir var einnig tilnefndur á hátíðinni í flokki aukaleikara fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Gentlemen.

▶ að verða leikari og Kjartan Ragnarsson, leikstjóra sýningarinnar, nefnir hann að sé enn þann dag í dag hans helsti áhrifavaldur.

„Ég fékk hlutverkið eftir leikprufu. Í prufuna fóru heilmargir strákar úr skólum á Reykjavíkursvæðinu og svo fékk ég hlutverkið. Ég hafði lítið leikið áður en reynslan var stórkostleg. Þetta hafði mikil áhrif á mig og gerði það eiginlega að verkum að ég var ákveðinn ellefu ára að verða leikari. Kjartan Ragnarsson leikstjóri var magnaður og enn þann dag í dag tel ég hann vera einn af þeim sem hafa gefið mér mestan innblástur.“

Sverrir lék einnig í áramótaskaupi RÚV árið 1989 og hafði gaman af. Leiklistarbakterían tók sér bólfestu. Hann fluttist ári seinna til Svíþjóðar með foreldrum sínum. Faðir hans fékk prófessorstöðu í byggingartækni. Sverrir kunni ekki sænsku og þurfti að fóta sig í nýju samfélagi. Á þessum árum hélt hann að draumurinn væri úti.

„Ég kunni ekki sænsku og hélt að draumurinn væri glataður. Það var spennandi að koma til Svíþjóðar, það er náttúrulega margt öðruvísi. Ég talaði ensku til að byrja með og þá er maður svolítið kúl, svo reyndi ég að tala sænsku og var alls ekki kúl. Þetta er ekki besti aldurinn til að flytja. Ég þurfti auðvitað að kveðja vini mína sem var erfitt.“

## Alltaf utangarðs

Honum gekk greiðlega að samlagast sænsku þjóðfélagi og byrjaði að elta leiklistardrauminn í menntaskóla. Hann lýsir togstreitunni sem fylgir því að festa rætur á nýjum stað.

„Ég byrjaði að leika aftur í menntaskóla og eignaðist að sjálfsögðu vini. En ég hef alltaf verið svolítið utangarðs í Svíþjóð þótt ég hafi lært á venjur samfélagsins og að vera alvöru Svíi. Ég gat platað fólk að ég væri sænskur,“ segir hann og segist seinna hafa fundið fyrir því sama á Íslandi. Slík séu örlög þess sem á sér tvö heimalönd. „Maður kemur til Íslands og er ekki alveg inni í þjóðfélaginu hér.“

## Svíar svartsýnni en Íslendingar

Hann segir mikinn mun á sænsku og íslensku hugarfari. Það íslenska hafi fylgt honum og nýtist honum vel í leiklistinni. „Svíar eiga það til að vera svolítið svartsýnir en Íslendingar ávallt bjartsýnir. Þeim finnst ekkert ómögulegt og hugsa með sér, þetta reddast. Þegar ég flutti út þá fann ég strax menningarmuninn. Ef mig langaði að fara í bíó með vinum mínum, þá var ekki hægt að láta sér detta það í hug og skella sér. Nei, krakkar voru að plana slíkar ferðir marga daga fram í tímann í dagbókinni sinni. Ég hef aldrei fattað það og íslenska hugarfarið á betur við mig. Það nýtist mér líklega stundum mjög vel í leiklistinni í krefjandi verkefnum.“

## Frelsið í Reykjavík

Sverrir átti heima í Vesturbæ Reykjavíkur áður en hann flutti til Stokkhólms árið 1990. Hann segist hafa notið frelsisins og segir sænsk börn fullorðnast fyrr. „Við fluttum til Svíþjóðar af því pabbi varð prófessor í byggingartækni. Ég átti heima á Grenimel og kunni vel við þetta frelsi sem krakkar hafa ekki í dag, sérstaklega ekki í Stokkhólmi. Við lékum okkur þangað til við vorum kölluð inn. Svo fann ég þegar ég flutti út að krakkar voru fullorðnari í Svíþjóð. Ég hef það á tilfinningunni að íslensk börn hafi fengið að vera lengur börn en þau sænsku.“

## Leitar að góðri tónlist

Hann er á Íslandi, hann var viðstaddur opnunarkvöld Stockfish, evrópskrar kvikmyndahátíðar sem nú stendur yfir í Bíói Paradís. Hann notar tækifærið og heimsækir foreldra sína sem búa á Seltjarnarnesi, fer í sund í Neslauginni og hefur það náðugt.

„Ég kem hingað að minnsta kosti einu sinni á ári í frí, á sumrin eða um jólin en hef komið oftar en vanalega upp á síðkastið,“ segir Sverrir og segir gott að koma hingað til að slaka á. „Ég geri mest lítið, fer í sund og í sumarbústað. Mér finnst líka gaman að skreppa í veiðitúr.“

## Veiktist í tökum

Opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar, Flugparken, fjallar um fyrrverandi hokkíleikara sem þarf að takast á við dauða besta vinar síns. Sverrir leikur uppgjafa íshokkíleikara með brotna sjálfsmynd.

„Ég leik mann sem var íshokkíleikari og hefur alist upp í frekar kaldranalegum heimi. Það er ekki bara íshokkíið þar sem tekist er á, líka í skólanum. Hann hefur aldrei verið númer eitt og verið lagður í einelti. Hann hefur reynt að þrauka og passa inn með því að fylgja öðrum og er laus við ákveðni. Þegar vinur hans hverfur, þá opnast möguleiki á að breyta um stefnu í lífinu. Áhorfendur vita ekki alveg hvað hann er að hugsa, hann prófar sig áfram, ekki endilega til góðs og er á mörkunum,“ segir Sverrir dulúðugur. Myndin er spennandi og mikilvægt að gefa ekki upp hvert átök söguhetjunnar leiða. Tökurnar voru erfiðar, leikarar og tökulið voru í hörkufrosti í tíu tíma á dag í nærri sjö vikur. „Þetta var líkamlega erfitt, því það var svo kalt. Við vorum sex eða sjö vikur í mínus 25 gráðum. Vorum úti allan tímann í tíu tíma á dag þannig að þetta var svolítið hart. Síðustu tvo dagana varð ég ógeðslega veikur. Þá þurfti að fresta tökum af því að ég var í eiginlega öllum senum og það töpuðust tveir tökudagar. Sem betur fer voru framleiðendur tryggðir fyrir þessu,“ segir hann og hlær.

Sverrir þykir hafa gott næmi fyrir dekkri tónum tilverunnar. „Ég reyni að hafa smá breidd í karakternum. Það er eitthvað myrkur í okkur öllum og sársauki, þótt lífið sé að öðru leyti gott,“ segir hann og segir það misskilning að tenging við dekkri hliðar tilverunnar sé endilega slæmur hlutur.

## Dæturnar skipta mestu máli

Sverrir á þrjár dætur, tíu, átta og tveggja ára, og er einhleypur. Hann sleit sambúð við seinni barnsmóður sína fyrir ári síðan. Þótt leiklistin sé krefjandi setur hann dætur sínar í fyrsta sæti, framann í annað sæti. Sú ákvörðun hefur orðið honum til farsældar. „Ég vanda mig við að velja mér verkefni vegna dætra minna. Kvikmyndir henta mér betur til þess að reyna að viðhalda eðlilegu fjölskyldulífi. Leikhúslífið er harðari heimur, þar er unnið mikið á kvöldin og ég vill ekki gera það. Ég kýs fremur að taka vinnuskorpur í nokkrar vikur í senn og helga svo tíma minn dætrum mínum. Ég hef líka komist að því að með því að setja dætur mínar í fyrsta sæti þá vanda ég mig líka meira í þeim verkefnum sem ég tek mér á hendur. Ég einbeiti mér betur, það er góð leið til þess að gera góða hluti að velja vel verkefni sín.“ Hann segir bæði sína mestu gleði og erfiðustu stundir varða börnin sín. „Það er stundum erfitt að skipuleggja lífið en með börnunum mínum á ég mínar bestu stundir. Ég er ánægður, ef ég er það ekki, þá sé ég það ekki núna,“ segir hann íhugull. „Þær eru einfaldlega það verðmætasta í lífi mínu. Ég held að allir breytist og þroskist þegar þeir eignast börn því þetta er í fyrsta skipti í lífinu sem maður lærir að elska einhvern meira en sjálfa sig. Það er gott og hollt.“

## Tónlistin er innblástur

Á milli þess sem hann sinnir leiklist og fjölskyldunni nýtur hann lífsins. Hann hefur gaman af ferðalögum, að elda mat og hlusta á góða tónlist. Tónlist notar hann oft sem innblástur í leik. Hér í Reykjavík ætlar hann einmitt að leita sér að góðri tónlist til að taka með sér aftur til Stokkhólms.

„Ég myndi vilja segja að ég ferðaðist mikið. En ég ferðast oft ekki að eigin frumkvæði, vegna þess hvað það er mikið að gera er ég leiddur á staði sem koma mér síðan á óvart. Það er gaman, en ég væri líka til að ferðast sjálfur. Mig langar til dæmis mjög mikið til Japan. Ég hef líka gaman af því að hlusta á tónlist, um þessar mundir hlusta ég mest á tónlist frá The L.A. canyons 1967 til 1976. Ég ætla að kaupa mér einhverjar íslenskar plötur núna um

**„Þetta var líkamlega erfitt, því það var svo kalt. Við vorum sex eða sjö vikur í mínus 25 gráðum. Vorum úti allan tímann í tíu tíma á dag þannig að þetta var svolítið hart. Síðustu tvo dagana varð ég ógeðslega veikur.**

helgina. Ég spila líka og syng, þótt ég fái nú ekki oft borgað fyrir það,“ segir hann og gerir lítið úr hæfileikum sínum.

„Ég hef unnið mikið með leikstjóranum Mikael Marcimain. Ég fæ mikla orku af því að vinna með honum. Hann getur leikstýrt mér með því að láta mig fá plötu til að hlusta á, eða lag. Tónlist skiptir mig miklu máli.“

## Vill ekki láta plata sig

Beðinn um að lýsa sjálfum sér segist hann fyrst og fremst vera hreinskiptinn. Hann vill að aðrir komi hreint fram við sig þrátt fyrir að lifa og hrærast í því að setja á svið tilfinningar. „Ég vil helst ekki plata fólk og ég vil ekki vera plataður. Ekki í daglega lífinu. Ég held að ég sé ágætis náungi, Það er erfitt að lýsa sjálfum sér. Það sem mér finnst skemmtilegast er þegar ég segi já við einhverju mjög krefjandi sem ég þarf að leggja mig fram við að gera. Gallar mínir hljóta svo að vera hvað ég er óskipulagður og óstrúktúraður.“

Hann segist vel geta hugsað sér að flytja til Íslands. Það geti þó reynst erfitt. Líf dætra hans er í Svíþjóð og þaðan vill hann ekki rífa þær upp með rótum. Hann segir lausnina felast í því að koma oftar í heimsókn og vinna verkefni á landinu.

„Ég væri alveg til í að flytja en það yrði of erfitt með stelpurnar. Þeirra líf er hér en ég væri til í að vinna meira á Íslandi. Hingað til hefur hins vegar verið of mikið að gera í Svíþjóð. En ég ætla að tala við fólk um verkefni hér,“ segir Sverrir og gefur lítið annað uppi.


„... snilldarleg glæpasaga þar sem von og örvænting takast á allt aftur að síðustu blaðsíðu.“
Ekstra Bladet
„Afturgangan er frábær spennubók!“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ
„Rauk beint í fyrsta sæti á metsölulistum – ég er ekki hissa á því. Jo Nesbø stendur upp úr ... Snillingur á sínu sviði.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN
1.
Metsölulisti Eymundsson
HEILDARLISTI VIKA 7
„Drulluspennandi ... rænir þig svefni.“
EGILL HELGASON / KILJAN
„Þetta er frábær bók, eins og við mátti búast ... hrikalega spennandi og óvænt.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN
„Talandi um spennu, ég tók síðustu 2–300 blaðsíðurnar í einum rykk.“
JO NESBØ
AFTURGANGAN
„Besta skáldsaga Nesbø.“
Evening Standard
www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Hver er Mohammed bin Khalifa Al Thani?

Fréttablaðið kannar sögu og bakgrunn þessa auðuga huldumanns sem komst í kynni við stjórnendur Kaupþings í gegnum vináttu við Ólaf Ólafsson.




**Nadine Guðrún Yaghi**
nadine@frettabladid.is





Lítið sem ekkert hefur heyrst né spurt til mannsins sem Al Thani-sakamálið er nefnt eftir í daglegu tali, sjeik Mohammed bin Khalifa Al Thani eða einfaldlega sjeik Mohammed, eftir að rannsókn hófst á málinu hér á landi. Al Thani-málið svokallaða er eitt stærsta efnahagsbrotamál í Íslandssögunni sem sérstakur saksóknari rak gegn fjórum einstaklingum, fyrrverandi stjórnendum eða eigendum bankans, vegna viðskipta sem Kaupþing banki hf. átti við hinn vellauðuga kaupsýslumann sjeik Mohammed frá Katar skömmu áður en bankinn féll.

Samningar tókust hinn 22. september 2008 um að sjeik Mohammed keypti rúmlega fimm prósent hlutafjár í bankanum. Seljandinn var bankinn sjálfur. Hlutabréfin voru seld fyrir 25,7 milljarða króna og lánaði bankinn allt söluverðið. Kaupandinn var einkahlutafélag í eigu sjeik Mohammed og tók hann persónulega ábyrgð á greiðslu helmings kaupverðsins. Lítið er vitað um sjeik Mohammed á Íslandi og á tímabili velti ákæruvaldið fyrir sér hvort hann væri yfirhöfuð til.




## Myndir og upplýsingar um sjeikinn eru af skornum skammti

➜ Al Thani-ættin er bundin eins konar þagnarskyldu samkvæmt reglum ættarinnar og þeim er annt um að vernda einkalíf sitt. Til að mynda eru aðeins örfáar myndir til af sjeik Mohammed og eingöngu fengust skjáskot af netmiðlum í Katar. Upplýsingar um hagi fjölskyldunnar eru einnig af skornum skammti en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir þessum fyrri störfum sjeiksins.

- **Stjórnarformaður** í Qatar National Bank árið 1990.
- **Fjármálaráðherra** í Katar á árunum 1995 til ársins 1998.
- **Ráðgjafi emírsins**, bróður síns.
- **Aðstoðarforsætisráðherra** Katar í stjórnartíð bróður síns.
- **Fjárfestir.** Hann á fjölmörg félög um allan heim. Vitað er fyrir víst að ættin hefur fjárfest gríðarlega mikið í London, meðal annars í verslunarhúsinu Harrods.
- **Átti íslensk hlutafélög**, meðal annars Q Iceland Finance sem keypti fimm prósenta hlut í Kaupþingi. Ákæran í Al-Thani-málinu snerist að hluta um lánveitingar til aflandsfélaga á Jómfrúaeyjum sem fjármögnuðu Q Iceland Finance.
- **Eigandi** „Al Shahania Stud“ sem er alþjóðlegt kappreiðafyrirtæki í Doha.

## SÖGULEGUR DÓMUR



**Hreiðar Már Sigurðsson,** fyrrverandi forstjóri Kaupþings, var dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi fyrir markaðsmisnotkun og umboðssvik.



**Ólafur Ólafsson** fjárfestir hlaut fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm óskilorðsbundinn fyrir markaðsmisnotkun.



**Sigurður Einarsson,** fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, var dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir markaðsmisnotkun og hlutdeild í umboðssvikum. Dómurinn er óskilorðsbundinn.



**Magnús Guðmundsson,** fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, var dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi óskilorðsbundið.

## SVONA KYNNTIST AL THANI KAUPÞINGSMÖNNUM



Sjeik Mohammed er mikill áhugamaður um hestamennsku og er eigandi Al Shahania Stud sem er viðurkennt alþjóðlegt kappreiðafyrirtæki.

Tenging sjeik Mohammeds við Kaupþing liggur í persónulegri vináttu hans og Ólafs Ólafssonar. Vinskapur þeirra er sagður kristallast í sameiginlegu áhugamáli, hestamennskunni, en Ólafur heimsótti meðal annars Al Shahania-býlið í Doha sem er í eigu sjeiksins.

Ólafur Ólafsson var sá sem kynnti sjeik Mohammed fyrir Kaupþingi banka og hafði milligöngu um viðskiptin. Ólafur lýsti því yfir í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi á árinu 2005 kynnst sjeiknum og frænda hans sjeik Sultan bin Jassim Al Thani, sem kom að undirbúningi viðskiptanna með hlutabréf í Kaupþingi.

Sjeik Sultan bin Jassim Al Thani kom til Íslands með Sigurði Einarssyni árið 2008 og sótti hann kynningarfund um Kaupþing banka hf. með Hreiðari Má, fyrrverandi forstjóra bankans.

Ólafur og Sigurður voru við skotveiðar í Englandi árið 2008 með þeim frændum, sjeik Mohammed og sjeik Sultan bin Jassim Al Thani, þar sem þeir lýstu yfir hrifningu sinni á bankanum.

Fljótlega eftir veiðiferðina bar Hreiðar Már upp við Ólaf að kanna hvort sjeik Mohammed kynni að hafa áhuga á að kaupa hlut í bankanum, sem hann gerði og stuttu síðar var staðfest að áhugi væri fyrir hendi. Samkomulag tókst svo í september 2008.

## EIN EFNAÐASTA FJÖLSKYLDA HEIMS

Al Thani-ættin hefur verið við völd í Katar síðan á 19. öld. Katar er eitt auðugasta ríki heims í ljósi auðugra náttúruauðlinda og er Al Thani-ættin ein efnaðasta fjölskylda heims. Um er að ræða einveldi sem erfist í beinan karllegg. Emírinn er höfuð ættarinnar og hann velur sjálfur ráðherra og lykilmenn stjórnkerfisins.

Sjeik Mohammed er fæddur árið 1964 í Doha, höfuðborg Katar. Hann býr í höllinni Al Shahaniya Palace í bænum Al Shahaniya.

Faðir sjeiks Mohammeds er sjeik Khalifa bin Hamad Al Thani. Hann var einráður emír í Katar 1972 til 1995. Einn bræðra sjeiks Mohammeds er sjeik Hamad bin Khalifa Al Thani en hann var emír í Katar 1995 til 2013 eftir að hafa steypt föður þeirra af stóli.

Flökkusagan í Katar segir að ósætti hafi orðið innan fjölskyldunnar eftir valdatökuna þar sem hinir bræðurnir, meðal annars sjeik Mohammed, hefðu getað orðið einvaldir.

Á þeim tíma er viðskipti íslensku fjórmenninganna áttu sér stað við sjeik Mohammed var hann bróðir ríkjandi emírs í Katar.

Núverandi emír í Katar er **sjeik Tamim bin Hamad bin Khalifa Al Thani** sem er bróðursonur sjeik Mohammeds.




VEGAMÓT
Vegamót bjóða 20% afslátt af matseðli og vinseðli gegn framvísun miðans mánudaga til fimmtudaga.
Gildir út mars 2015.
VEGAMÓT
FISKFÉLAGIÐ
Fiskfélagið býður 20% afslátt af matseðli, alla virka daga
Gildir EKKI af vinseðli eða öðrum drykkjum.
Tilboð gildir út mars 2015
AFSLÁTTAR-KORT Á VEITINGASTAÐI
fylgir öllum blómvöndum í Skútuvogi, Hafnarfirði og Grafarholti
meðan birgðir endast
STILL ALICE
2 fyrir 1 á bíó
Þessi miði gildir 2 fyrir 1 á kvikmyndina STILL ALICE í Laugarásbíó.
Gildistími: 27. febrúar - 15. mars.
ATHUGIÐ MYNDIN ER FRUMSÝND 27. FEBRÚAR NÆSTKOMANDI.
BÍÓ
Kaupauki fylgir öllum blómvöndum
2 fyrir 1 á kvikmyndina STILL ALICE
fylgir blómvöndum í Skútuvogi, Hafnarfirði og Grafarholti
meðan birgðir endast
ILMVATNS-PRUFA
Stella MC Cartney
FYLGIR ÖLLUM VÖNDUM!
meðan birgðir endast
10 TÚLÍPANAR
1.490kr.
KONUDAGURINN
í Blómavali!
Friðarlilja
1.390 kr
1.990
Konfekt GuyLian súkkulaðihjörtu
499 kr.
699
Orkidea
1.490 kr
2.490
Konudagsvöndur
4.490kr
Kaupauki fylgir
Gloss eða maskari frá Avon fylgir meðan birgðir endast
KOMDU Á KONUDAGINN OG NÝTTU ÞÉR TILBOÐIN!
OPNUNARTÍMI Á KONUDAGINN
Blómaval Skútuvogi kl. 8-19 ▪ Blómaval Grafarholti kl. 8-18
Blómaval Hafnarfirði kl. 10-17 ▪ Blómaval Akureyri kl. 11-15
Sjá nánari opnunartíma um land allt á blómaval.is
blómaval


20 YEAR WARRANTY
25 YEAR WARRANTY
HYDRO SEAL
GUARD
WARRANTY
10 YEAR
SPLASH
WARRANTY
SOLUTIONS
PEFC


QUICK·STEP
Quick Step, tryggðu
þér alvöru harðparket
Vatnshelt harðparket með Hydra Seal.
Meiri pressun í millikjarna og 100% lokuð fösun á milli borða.
25 ára ábyrgð.
Allt að 10 sinnum meira rispuþol en áður.
EIK
IMPRESSIVE
Verð áður 6.490
Vsk breyting -78 kr
Vörugjalda lækkun -280 kr
Útsöluafsláttur 35% -2.146 kr
Samtals:
3.986
HARÐVIÐARVAL
Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is

# UPPÁHALDS Í HOSILÓ

GUÐNÝ HREFNA SVERRISDÓTTIR

FÖRÐUNARFRÆÐINGUR



➜ **STAÐURINN** **UPPÁHALDSSTAÐURINN** Í stofunni eru stórir gluggar og við þá stendur Eggið sem hannað var af Arne Jacobsen. Stólinn hefur Guðný átt í rúm átta ár og í honum fær hún sér morgunkaffið og nýtur útsýnisins. „Ég sit alltaf hérna með kaffibollann og horfi á útsýnið áður en við förum af stað,“ segir Guðný, en út um gluggann má sjá alla leið frá Seltjarnarnesi og upp í Hafnarfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GAMLAR BÆKUR** Fyrstu hlutirnir sem Guðný sýnir okkur eru gamlar barnabækur sem margir kannast sjálfsagt við. Bækurnar búa yfir tilfinningalegu gildi ásamt því að vera hið mesta stofustáss. „Amma mín las þær alltaf fyrir mig þegar ég var lítil, þær eru mjög gamlar, örugglega fimmtíu til sextíu ára.“



**SKEMMTILEGT** Veggklukkan frá Karlsson setur litríkan og sterkan svip á stofuna. Hana keypti Guðný í Berlín. Eigandinn ræður sjálfur hvernig henni er raðað upp.



**KOPAR** Tom Dixon-ljósið setur mikinn svip á stofuna en það er í miklu uppáhaldi hjá Guðnýju. Ljósið keypti hún sjálf en það hefur í gegnum árin fengið marga hönnunaráhugamanneskjuna til þess að kikna í hnjánum. Kopar hefur einnig verið að koma sterkur inn á síðustu árum og það er augljóst að okkar kona er með trendin á hreinu.



**TÚLÍPANAR** Lifandi blóm eru alltaf falleg og Guðný er mjög hrifin af túlípönum. Á hliðarborði í stofunni stendur fallegur vasi með rauðum túlípönum sem lífga upp á stofuna.



**HANDSAUMAÐUR** „Skírnarkjóllinn er handsaumaður af langalangömmu minni og hann er búinn að fara ættliðanna á milli. Hann er örugglega níutíu til hundrað ára,“ segir Guðný og bætir við að nöfn allra barna sem hafi verið skírð í kjólnum séu saumuð í faldinn og hann muni vafalaust halda áfram að ganga ættliða á milli.

**Gyða Lóa Ólafsdóttir**
gydaloa@frettabladid.is

# Stílhrein sveit í borg

**Guðný Hrefna Sverrisdóttir** er búsett á Álftanesi með fjölskyldunni þar sem afar vel fer um þau.

Guðný Hrefna Sverrisdóttir förðunarfræðingur býr ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum þeirra á Álftanesi í fallegu húsi með stórum gluggum og góðu útsýni. „Mér finnst æðislegt að búa hérna. Það er fjölskylduvænt en samt nálægt, sveit í borg.“

Þegar inn er komið er augljóst að við erum hér komin á heimili mikillar smekkkonu, hér blasir við mikið af klassískri og fallegri hönnunarvöru. Það er augljóst að sá sem hér býr hefur gott auga og það er valinn hlutur í hverju horni. „Þetta er svolítið blandað, skandinavískt, gamalt og nýtt,“ segir Guðný. Hún bætir við að innanhússhönnun sé eitt af hennar áhugamálum en hún á vefverslunina Minimaldecor.is og ber heimili hennar hönnunaráhuganum augljóst vitni. Hún byrjar að sýna okkur sína uppáhaldshluti og það er ljóst að af nógu er að taka.

> **Mér finnst æðislegt að búa hérna. Það er fjölskylduvænt en samt nálægt, sveit í borg.**

# YLJAÐU ÞÉR VIÐ BÓK




## Afturgangan
Verð: 3.699.-




## Villt
**Vildarverð: 2.999.-**
Verð: 3.899.-




## Aftur á kreik
Verð: 3.699.-




## Listamaður á söguslóðum
Verð: 7.999.-




## Undur
**Vildarverð: 2.999.-**
Verð: 3.699.-




## Bonita avenue
Verð: 3.699.-




## Alex
**Vildarverð: 2.959.-**
Verð: 3.699.-




## Heimsmetabók Skúla skelfis
Verð: 1.699.-




## Öræfi - kilja
Verð: 3.699.-



## Etta og Otto og Russel og James
Verð: 3.699.-




## Hreint mataræði
Verð: 3.999.-




## Dansað við björninn
**Vildarverð: 3.119.-**
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 21. febrúar, til og með 23. febrúar. Vildarverð á bók mánaðarins gildir til og með 28. febrúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Óttinn nagar Vesturlandafólk

Danskir ráðamenn andæfa gegn fordómum í kjölfar skotárásanna í Kaupmannahöfn um síðustu helgi, rétt eins og franskir ráðamenn gerðu eftir árásirnar í París. Bandaríkjaforseti talar á sömu nótum, en um leið er verið að grafa skotgrafir.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is





**LEYNISKYTTUR FYLGDUST MEÐ** Danska lögreglan var við öllu búin þegar öryggisvörðurinn Dan Uzan var jarðsunginn í Vestre-kirkjugarðinum í Kaupmannahöfn á miðvikudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Danska stjórnin kynnti í vikunni hertar aðgerðir gegn hryðjuverkum. Næstu fjögur árin hyggst hún verja nærri milljarði danskra króna, um 20 milljörðum íslenskum, til þess að styrkja lögreglu, leyniþjónustu, her og eftirlit með almenningi.

Sitt sýnist reyndar hverjum um þessi áform. Á vef danska ríkisútvarpsins segir fyrrverandi yfirmaður dönsku leyniþjónustunnar, Hans Jørgen Bonnichsen, engan veginn nógu langt gengið. En á sama vef vara mannréttindasérfræðingar við því að með þessum aðgerðum sé verið að grafa undan mannréttindum fólks.

Til dæmis sé orðalag alltof óljóst í lagafrumvarpi um heimildir lögreglu til þess að taka vegabréf af fólki: „Því ónákvæmara sem orðalag frumvarpsins er, því meiri er hættan á því að við hittum fyrir alsaklaust fólk,“ hefur danska útvarpið eftir Peter Vedel Kessing, sérfræðingi hjá dönsku Mannréttindastofnuninni.

Sams konar umræða á sér stað í fleiri Evrópulöndum, þar sem verið er að herða enn frekar varnir ríkjanna gegn þeirri hryðjuverkaógn sem skekið hefur heiminn undanfarinn áratug og rúmlega það.

## Ungt fólk á refilstigum

Hinn 22 ára gamli Omar Abdel Hamid el Hussein, sem drap tvo menn og særði fimm í Kaupmannahöfn um síðustu helgi, virðist greinilega hafa tekið sér til fyrirmyndar árásirnar í París nokkrum vikum fyrr. Skotmörkin í báðum borgunum voru annars vegar gyðingar, hins vegar tjáningarfrelsið.

Ekkert hefur komið fram um að el Hussein hafi verið í tengslum við öfgasamtök á borð við Íslamska ríkið. Hann virðist samt hafa látið heillast af baráttu þeirra eins og fjölmörg önnur ungmenni víðs vegar um heiminn, þar á meðal á Vesturlöndum.

Talið er að meira en 20 þúsund manns víðs vegar að úr heiminum hafi haldið til Sýrlands og Íraks að berjast með Íslamska ríkinu. Nokkur þúsund þeirra hafa þegar snúið til baka, að því talið er, og þótt sennilega séu fæstir þeirra í raun og veru líklegir til þess að fremja hryðjuverk þá þykir afar líklegt að fáeinir þeirra geri alvöru úr því.

Þar að auki veit enginn hve margir íbúar Evrópulanda finna hjá sér hvöt til þess að leggja málstað Íslamska ríkisins lið upp á eigin spýtur, rétt eins og hinn danski el Hussein. Allt þetta nærir og viðheldur óttanum á meðal íbúa, stjórnvalda og lögreglu víðs vegar um hinn vestræna heim.

## Talað gegn óttanum

Að því leyti hafa hryðjuverkamennirnir náð fram markmiðum sínum: Óttinn er farinn að stjórna umræðunni. Viðbrögð stjórnvalda hafa því verið þau að „herða ráðstafanir gegn hryðjuverkum“, efla öryggisgæslu, eftirlit og njósnir. En um leið eru ráðamenn einnig farnir að tala gegn óttanum og andæfa gegn þeim fordómum sem óttinn elur af sér.

„Þegar aðrir reyna að hræða okkur og sundra, þá er svar okkar ætíð sterk samstaða. Við erum staðráðin í að standa vörð um gildi okkar. Við ætlum ótrauð að hlúa að frelsi okkar,“ sagði Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, á minningarathöfn í Kaupmannahöfn á mánudaginn var: „Við lítum til hvert með öðru.“

Ráðamenn í París, London og víðar í Evrópu töluðu með svipuðum hætti í kjölfar árásanna í París snemma í janúar.

Helle Thorning-Schmidt hafði þá um helgina, þegar el Hussein hóf árásir sínar í Kaupmannahöfn, tekið fram að Vesturlönd ættu engan veginn í stríði við múslima: „Þetta er barátta milli gilda sem reist eru á frelsi einstaklingsins og myrkrar hugmyndafræði.“

Barack Obama Bandaríkjaforseti tók í sama streng á málþingi í Hvíta húsinu nú í vikunni: „Að sjálfsögðu mæla hryðjuverkamenn ekki fyrir munn rúmlega milljarðs múslima sem hafna haturshugmyndafræði þeirra. Þeir eru ekki frekar fulltrúar íslams en hver annar brjálæðingur sem drepur saklaust fólk í nafni guðs er fulltrúi kristindóms eða gyðingdóms eða búddatrúar eða hindúasiðar. Engin trúarbrögð bera ábyrgð á hryðjuverkum. Fólk ber ábyrgð á ofbeldi og hryðjuverkum.“

## Bush sagði það líka

Þetta tal er reyndar alls ekki nýtt af nálinni. Strax níu dögum eftir árásirnar í New York og Washington í september árið 2011 flutti George W. Bush Bandaríkjaforseti ræðu, þar sem hann sagði hryðjuverkamennina alls ekki geta talist fulltrúa íslamstrúar:

„Hryðjuverkamennirnir stunda jaðarútgáfu af íslamskri öfgastefnu sem íslamskir fræðimenn og allur meirihluti íslamskra klerka hafa hafnað.“ Þetta sé „jaðarhreyfing sem afskræmir hinar friðsamlegu kenningar íslams“.

Hann beindi orðum sínum líka sérstaklega til múslima um heim allan: „Við berum virðingu fyrir trú ykkar. Hún er iðkuð hindrunarlaust af mörgum milljónum Bandaríkjamanna og milljónum annarra manna í löndum sem Bandaríkin telja til vina sinna. Kenningar hennar eru góðar og friðsamlegar, og þeir sem fremja illvirki í nafni Allah lasta nafn Allah. Hryðjuverkamennirnir eru svikarar við sína eigin trú og stefna í raun að því að taka íslamstrú ránshendi.“

## Helltu olíu á eldinn

Þetta breytti því samt ekki að Bandaríkjaher var fljótlega sendur af stað til að standa í stórræðum víða í Mið-Austurlöndum og allt austur til Pakistans þar sem bandarískum sprengjum er enn varpað á fólk úr mannlausum flygildum. Flest ríki á Vesturlöndum hafa tekið þátt í þessum hernaði Bandaríkjanna á framandi slóðum.

Um leið þurfti að styrkja varnirnar heima fyrir, meðal annars vegna þess að hernaðurinn gegn hryðjuverkafólki í Afganistan, Írak og fleiri löndum þar í grennd slökkti ekki aðeins elda heldur kveikti jafnóðum nýja: Talibanar voru hraktir frá völdum í Afganistan og leiðtogar Al Kaída hrökkluðust í felur, en í beinu framhaldi spruttu ofbeldishópar af sama tagi upp í nágrannalöndunum og teygðu anga sína allt til Evrópu.

Þótt trúarhiti skýri sjaldnast það aðdráttarafl sem baráttusamtök gegn ofríki Vesturlanda hafa á ungt og ístöðulítið fólk, jafnvel víða í Evrópu sjálfri, þá er reglulega verið að drepa fólk í nafni hinnar þröngu hugmyndafræði íslamskra öfgamanna.

Gegn þessu brynja stjórnvöld sig á Vesturlöndum og grafa um leið skotgrafirnar sjálf: „Við erum dugleg að vernda okkur sjálf, en við getum ekki varið okkur algerlega gegn brjálæðingi eins og þeim sem við sáum í gær,“ sagði Helle Thorning-Schmidt á sunnudaginn var.




ICRS, sem er rannsóknarstofnun um öfgar og róttækni á vegum King's College-háskólans í London, segir að alls hafi meira en 20 þúsund manns haldið til Sýrlands eða Íraks að berjast með vígasveitum Íslamska ríkisins.

Þetta er orðinn meiri fjöldi en kom til Afganistans á sínum tíma að berjast gegn hernámi Sovétríkjanna, en talið er að þangað hafi næstum því 20 þúsund manns haldið.

Flestir þeirra koma frá Mið-Austurlöndum, eða alls um 11 þúsund manns, en frá fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna koma um 3.000 manns.

Upp undir 4.000 manns hafa komið frá löndum Vestur-Evrópu til Íraks eða Sýrlands að berjast með Íslamska ríkinu. Flestir þeirra koma frá fjölmennustu löndunum, sem eru Bretland, Frakkland og Þýskaland.

ICSR telur að 5 til 10 prósent þessara útlendinga hafi látið lífið en 10 til 30 prósent að auki hafi farið frá átakasvæðunum og séu annaðhvort komin aftur til heimalands síns eða hafi ílengst eða bíði átekta í öðrum löndum.

Samkvæmt því má búast við að nú séu 12 til 17 þúsund útlendingar að berjast með vígasveitum Íslamska ríkisins í Írak og Sýrlandi.

## Trúin skýrir sjaldnast ofstækið

**Trúarhiti virðist sjaldan vera raunhæf skýring á því hvers vegna fólk gengur til liðs við öfgahópa eða hryðjuverkasamtök. Liðsmenn þeirra virðast oft hafa afar takmarkaðan skilning á trúarlegum eða öðrum hugmyndafræðilegum forsendum þeirra samtaka sem þeir skipa sér í sveit með. Ýmsir fræðimenn hafa rannsakað raunverulegar ástæður þess að menn leiðast út í slíkt. Hér að neðan eru dæmi um niðurstöður slíkra rannsókna:**

### Helstu leiðir einstaklinga til róttækni og öfga:

- Persónulegur gremjuvaki: Persónulegur harmleikur eða ranglæti sem menn hafa (eða telja sig hafa) orðið fyrir.
- Pólitískur gremjuvaki: Pólitískur harmleikur eða ranglæti sem menn þurfa (eða telja sig þurfa) að bregðast við.
- Tilfinningatengsl: Einstaklingur kemst í samband við öfgasamtök vegna tengsla sinna við einstakling eða einstaklinga innan samtakanna.
- Rótleysi: Einstaklingur missir félagslega staðfestu í lífi sínu, oft vegna áfalla, og verður þá móttækilegur fyrir áhrifum öfgahópa.
- Upphefðarþrá eða spennufíkn: Einstaklingur leitar í hóp þar sem hann nýtur viðurkenningar eða fær útrás fyrir spennufíkn.
- Eitt leiðir af öðru: Einstaklingur missir smám saman fótfestuna eftir að komið er út á hina hálu braut ofbeldis og öfga.

### Það sem einstaklingar sækjast eftir í öfgahópum:

- Hefnd: Einstaklingur er fullur gremju gegn einstaklingi eða hópi sem hann telur bera ábyrgð á ranglæti eða óförum sínum eða annarra.
- Upphefð: Einstaklingur leitast eftir að komast í virðingarstöðu innan hóps og njóta viðurkenningar.
- Sjálfstenging: Einstaklingur reynir að finna sjálfsmynd sinni fótfestu innan hóps með eftirsóknarverðan málstað.
- Spenna: Einstaklingur leitar í öfgahóp vegna fyrirheita eða vona um spennu, ævintýri og frægð.

*Heimild: Grein eftir Randy Borum úr tímaritinu Journal of Strategic Security, 2011*



Hér vantar eitthvað …
Hvar er … þú veist …?



Hvað er þetta? Hvaðan kom þetta??
Ég hélt að ég hefði bannað þetta 1940!



Nei, nei, nei, í guðs bænum, skoðaðu sögu-bækurnar. Ég hef ekki séð svona síðan 1919.
Ég lít út eins og Ylmaz í kebab-búllunni.



Veist þú hvað Kínverjar gerðu
til að verjast? Þeir reistu múr.
Og þeir kalla það menningu!
Á meðan ég lifi verður enginn múr
reistur í Þýskalandi!



Ekki Marx! Hans vandamál er
að hann vildi völdin til fólksins en ekki
foringjans eins og Stalín.



Burt með þennan!! Stærð skeggsins skiptir
ekki máli til að vinna stríð heldur
hversu vel það er klippt …



Loksins! Þetta er fullkomið!

„Má hlæja að Hitler?
Auðvitað, hvers vegna ekki? …
Hitt er betri spurning:
Er *Aftur á kreik* fyndin?
Svarið er já.“
TIMES ON SATURDAY

„Vermes tekst mjög vel að búa til
mjög trúverðugan Hitler:
stífan, húmorlausan, smámunasaman …
yfirþyrmandi og orðljótan …“
SUNDAY TIMES




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

## 8 UPPÁHALDS ÖPPIN



Hildur Sverrisdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

**PODCAST**
Mér finnst huggulegt að geta hlustað á fína örþætti á meðan ég labba á milli staða. Mæli sérstaklega með þáttunum This American Life og Freakonomics.

**QUIZUP**
Þetta íslenska spurningakeppnisapp hefur löngu sannað sig sem frábær tímaþjófur. Ég bíð spennt eftir nýju útgáfunni.

**TWITTER**
Ég var lengi hrædd við Twitter en við að ná smám saman tökum á því sýnist mér það vera skemmtilegasti samfélagsmiðillinn.

**NIGHT SKY**
Sniðugt app fyrir okkur sem lærðum aldrei almennilega hvernig Karlsvagninn lítur út með því einfaldlega að beina símanum til himins.




**DUOLINGO**
Tungumálakennsluapp þar sem þú verður að ná ákveðinni færni til að komast áfram eins og í tölvuleik. Skemmtilegt að læra ítölskuna sem mig hefur alltaf langað til að kunna.

**UNTAPPD – DISCOVER BEER**
Samfélagsleg viðbót við aukna bjórmenningu landans þar sem bjóráhugamenn geta deilt myndum og staðsetningu bjórsöturs með athugasemdum og einkunnagjöf.

**PERIOD TRACKER**
Fyrsta appið sem ég fékk mér á eftir Facebook. Sniðugt app sem lærir inn á tíðahring hverrar konu betur en hún sjálf, sem getur aldeilis verið nytsamlegt.

**MENIGA**
Skynsamlegt app þótt það sé svolítið erfitt að hætta að vera í fullkominni afneitun um hvað ég eyði peningunum mínum í.

# Stórfelldar loftslagsbreytingar líklegasta orsök heimsendis

Hvernig ferst heimurinn? Ný rannsókn byggð á vísindalegum gögnum útlistar líklegustu ástæður heimsendis. Markmið rannsóknarinnar er að hvetja fólk til umhugsunar um hætturnar.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



T. S. Eliot veltir fyrir sér í stórvirki sínu The Hollow Men tilgangsleysi mannsins, vonleysinu sem sífellt gerir vart við sig í skúmaskotum mannshugans. Eliot fullyrðir í lokin að heimurinn farist ekki með hvelli, heldur kjökri. Mögulega sá Eliot ekki stóru myndina. Mögulega er enginn tilgangur annar en að bæta heiminn. Þetta er að minnsta kosti það sem Dennis Pamlin og Stuart Armstrong, rannsakendur hjá Global Challenge Foundation og Future of Humanity-stofnuninni lögðu til þegar þeir skráðu tíu líklegustu sviðsmyndirnar fyrir ragnarök út frá vísindalegum heimildum. Hætturnar eru til staðar og munu líklega raungerast. Það er markmið okkar að koma í veg fyrir það.

**1. Stórfelldar loftslagsbreytingar**
Þetta ætti ekki að koma á óvart. Óvissuþættirnir eru margir (þiðnun sífrera o.fl.) og gera það að verkum að erfitt er að segja til um hversu mikið hitastig kemur til með að hækka. Bjartsýnismenn segja 2°C, aðrir gera ráð fyrir 4°C og 6°C á næstu öldum. Slík hækkun mun hafa ólýsanleg áhrif á vistkerfi jarðar. Fótunum er kippt undan tilvist mannsins. Það sem meira er þá vitum við að loftslagsbreytingar hafa verið orsökin fyrir hruni siðmenninga áður.

**2. Kjarnorkustyrjöld**
Gömul og góð hugmynd. Hér er áhersla lögð á samskipti kjarnorkuveldanna, hvernig þeim er háttað og líkur á átökum. Styrjöld sem þessi og kjarnorkuveturinn sem fylgir mun að öllum líkindum raska fæðuframleiðslu heimsins. T.S. Eliot hefði verið hrifinn af þessu. Í kjarnorkustyrjöld sveltum við.

**3. Hnattræn farsótt**
Við þekkjum pestir sem eru ólæknanlegar (ebóla), banvænar í meirihluta tilfella (hundaæði), gríðarlega smitandi (venjulegt kvef) og eru lengi að gera vart við sig (HIV). Við værum varnarlaus gegn veiru sem sameinar þessa þætti. Þrátt fyrir öflugar sjúkdómavarnir er aukið þéttbýli vandamál og öflugri samgöngur opna á nýjar og alvarlegri smitleiðir.

**4. Hrun vistkerfa**
Aldauði er hugtak sem notað er yfir atburð þegar yfirgnæfandi meirihluta einstaklinga af ákveðinni tegund drepst. Þetta hefur gerst nokkrum sinnum, til dæmis með risaeðlunum. Út frá gífurlegum fjölda tegunda sem er útrýmt á ári hverju eru margir sem fullyrða að við lifum núna á nýju skeiði aldauða.

**5. Hrun samfélaga**
Hér er vísað til efnahagskreppu og félagslegs glundroða sem fylgir í kjölfarið. Höfundarnir benda á að heimsskipan stjórnmála og fjármála byggist á nokkrum stórum kerfum sem öll reiða sig hvert á annað til að þrauka. Ekki vænlegt til árangurs.

**6. Árekstur við smástirni**
Við fáum heimsókn frá stóru smástirni (5 km í þvermál) á 20 milljóna ára fresti eða svo. Blessunarlega þekkjum við þessa ógn nokkuð vel. Sjálfur áreksturinn yrði alvarlegur en stóra vandamálið verður rykskýin sem leggjast yfir jarðkringluna og kæfa gróður og menn.

**7. Ofureldstöð**
Þær þekkjum við líka vel. Rétt eins og vandamálið með smástirnið þá eru það gosagnir sem þyrlast upp í andrúmsloftið sem verða stóra vandamálið með tilliti til samgangna og fæðuframleiðslu. Við vitum um tuttugu ofureldstöðvar sem standur.

**8. Líftækni**
Við erum rétt að fóta okkur í spennandi heimi líftækninnar. Þrátt fyrir að erfðabreytt matvæli gefi góða raun er regluverkið í þessum bransa ungt og máttlítið þegar frumkvöðlar eru annars vegar. Hættan á stórfelldum breytingum á vistkerfum er sannarlega áhyggjuefni, svo ekki sé minnst á þróun efnavopna.

**9. Nanótækni**
Önnur tækni sem við skiljum ekki nægilega vel en möguleikarnir eru stórkostlegir. Rannsakendur benda á hættuna á þróun véla sem framleiða eftirlíkingar af sjálfum sér sem mögulega geta yfirtekið umhverfi sitt.

**10. Gervigreind**
Raunveruleg gervigreind, ekki meðalsnjallar vélar heldur vélar með yfirburðagreind eru fyrirbæri sem við munum, eðli málsins samkvæmt, ekki skilja. Hvernig stjórnum við því sem við skiljum ekki? Hvað ef velferð mannanna skiptir ofurgreinda vél ekki nokkru máli?


6


9


2


3


1

## Þróun í rétta átt

**EVOLVE** ★★★★☆
Turtle Rock Studios/
XBOX ONE/PS4 **SPENNA**

Leikjahönnuðirnir hjá Turtle Rock Studios kunna að búa til tölvuleiki. Þeir sönnuðu það með Left 4 Dead, einum besta fjölspilunarleik fyrr og síðar. Áherslan á samskipti spilara er einnig í Evolve en hér gengur framleiðandinn skrefinu lengra.

Spilarinn velur milli fjögurra flokka veiðimanna elta skrímslið á fjarlægri plánetu. Flokkarnir eru afar fjölbreyttir. Hver og einn er ómissandi ef markmiðið er að drepa skrímslið. Þannig er samstarf spilara nauðsynlegt. Spilarinn getur síðan valið að stjórna skrímslinu og um leið breytist Evolve í sataníska útgáfu af Pacman. Skrímslið drepur og étur til að komast á næsta stig þróunar. Þegar 3. stigi er náð er skrímslið nánast ósigrandi.

Spilunin er frábær og sömuleiðis hönnun umhverfisins og borðanna. Sagan er þó varla til staðar sem er miður og óheyrilegt framboð af niðurhalsefni (DLC) við útgáfu er síðan hálfgerð móðgun við spilara.

Stóra vandamálið aftur á móti er mannlegi þátturinn. Afar fáir spilarar nota hljóðnemann, örfáir í raun og um leið hrynja samskipti spilara. Ef þú ætlar að spila hinn frábæra Evolve, notaðu hljóðnemann. - khn



**EVOLVE** Leikurinn er ný nálgun á skotleiki.

# Kínversk Nýárshátíð

**Efnt verður til menningarveislu í Háskóla Íslands af tilefni komu kínverska nýársins**

Drekadans, bardagalistir og leikið á kínversk hljóðfæri
Kínversk skrautskrift, myndlist og heilsurækt
Fróðleikur um sögu Kína, nám og ferðalög
Kínverskur matur og te, þrautir, leikir og margt fleira



Frítt inn og allir hjartanlega velkomnir

**Laugardaginn 21.febrúar á Háskólatorgi kl.14:00-16:30**

Háskóli Íslands · Kínaklúbbur Unnar · Samtök Kínverja á Íslandi · Kínverska sendiráðið · KÍM · Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

# ALLT MÖGULEGT

## Allt fyrir baðherbergið

CERAVID
Þýsk gæði

3-6 lítra hnappur

Hæglokandi seta

Skál: „Scandinavia design"

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara
**39.990**

**BOZZ sturtuklefi**
80x80cm
**41.990**
Fást einnig í 90x90cm á **kr. 43.490**. Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 43.990**
Sturtustöng og -brúsa fylgja.

**11.990**
AGI-167 hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu fáanleg með upp stút.
Rósetturog hjámiðjur fylgja. Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**

## Guoren hitastýrð blöndunartæki

GUOREN

**Guoren** TLY Sturtusett
kr. **39.990**

LÁTUM FAGMENN VINNA VERKIN

EN 1111:1997

Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.

**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
kr. **18.990**

**Guoren** 1L Hitastýrt baðtæki standard
kr. **16.990**

CE

**Guoren**-AL Hitastýrt tæki með uppstút
kr. **13.990**

**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. **13.990**

## Gæðamálning á góðu verði

GÓÐ ÞVOTTAHELDNI

Deka Pro 4. Veggja- og loftamálning. 10 lítrar
**6.195**

Deka Project grunnur. 10 lítrar
**6.295**

Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
**6.995**

Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
**4.795**

Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill. - Sett
**1.695**

Scala málarakýtti
**495**

Deka Spartl LH. 3lítrar
**2.295**

LF Veggspartl 0,5 lítrar
**945**

Deka Meistaralakk 70 Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**2.195**

Deka Meistaragrunnur Hvítur. 1 líter
**1.895**

25cm Málningarrúlla og grind
**840**

Málningarlímband 38mmx50m
**315**

DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
**5.995**

Hagmans 2 þátta Vatnsþ / epoxy 4kg
**11.860**

Scala Panellakk Glært. 1 líter
**1.795**

Mako pensill 50mm
**275**

Málningarpappi 20mx80cm
**795**

Maston Hammer málning 250 ml.
**1.095**

Deka Gólfmálning grá 3 lítrar
**4.995**

Deka Olíulakk 30
**2.195**

Mako málaramotta 1x3 metrar
**1.145**

Deka Olíugrunnur 1 líter
**1.895**

Maston Hammer málning 750 ml.
**2.395**

Áltrappa 4 þrep
**4.940**

Mako ofnarúlla
**425**

## Allt í plasti

G 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm **3.250**

G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34 cm **2.149**
G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm **1.279**

G 8855 **42** lítra 53x37x31cm **1.790**

4 litir
2 stærðir
5807 **52** lítra **1.971**
5808 **72** lítra **2.559**

G 7805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.370**

G 801 **18** lítra 43x28x23,5 cm **865**
G 802 **11** lítra 35,5x24x20,5 cm **637**
G 803 **6** lítra 28,5x20x18,5 cm **484**
G 804 **2,5** lítra 23x16x14 cm **370**
G 805 **23** lítra 50x33,5x27 cm **1.373**

4 litir
3 stærðir
5005 **3,5** lítra **489**
5006 **7,5** lítra **785**
5007 **15** lítra **995**

G B003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm **1.470**

3 litir
Grænt, bleikt, blátt

m/loki
**60** lítra **2.590**

40 cm **295**
50 cm **495**
60 cm **795**

060
1012
8019
2 litir

**13** lítra **440**
m/loki **20** lítra **983**
m/hjólum+loki **90** lítra **2.658**

5055 28x18,5x14,4 cm **489**
5056 41x29x15 cm **884**
5057 41x29x25,5 cm **983**

# LIFI SAMKEPPNIN!

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

**Plötusala Múrbúðarinnar er á Kletthálsi 7 Reykjavík og að Fuglavík 18 í Reykjanesbæ**

- Furukrossviður
- Birkikrossviður
- Mótakrossviður
- Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
- Veggplötur með nót
- Skrúfur og festingavörur
- Sökkuldúkur

FSC
PEFC

Rakaþolplast 0,2 mm
Stærð 4x25metrar= 100m²
kr. **11.990**

International Plywood BV
SPANOGROUP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ruspert skrúfupakki 4,5x50 200 stk kr. **1.095** | Vinkill 90x90 kr. **110** | Þakásanker 170x32mm kr. **95** | Gataplata 100x300mm kr. **295** | Bjálkaskór frá kr. **190** |

GAH ALBERTS Ideen für Haus und Garten — Þýskar gæðavörur

**Mikið úrval af skrúfum og festingavörum**

| Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A4 | A2 | Rafgalv | Ruspert | Gipsskrúfur | Kopar |

Chemfix teinalím 345 ml
**2.295,-**

Deka festifrauð 750 ml
**985** kr.

# Í MÚRBÚÐINNI!

MÚRBÚÐARVERÐ

## Parket og flísar í úrvali

NG-Kutahya Orient Anthrazite 33x66cm
**3.490** kr. m²

Steinskífa Mustang 30x60
**3.990** kr. pr. m²

Veggflís, Kai, hvít, 25x40cm
**2.290** kr. pr. m²

Flísalím Profiflex 25 kg
**3.190**

Rakaþéttikvoða 7 kg
**6.290**

Rose, 30x60cm postulíns gólfflís
**2.990** kr. pr. m²

Náttúrusteins mósaik

8,3 mm þykkt

Comfort line plastparket, dökk eik 1215x194x8,3 mm
**1.655** kr. m²

Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm
**1.655** kr. m²

Eik Natur Planki **1.790** pr.m²

## Dreglar og mottur - gott úrval

Ódýrar mottur
40x60 cm frá kr.
**350**

Gúmmímottur margar gerðir og stærðir, verðdæmi 66x99cm
**2.190**

6mm gúmmídúkur grófrifflaður
**2.990** pr.lm.
einnig til 3mm á kr.
**1.990**

PVC mottur 50x80 cm **1.590**
66x120 cm kr **2.890**
100x150 cm kr **5.590**

Breidd: 1 metri
Verð pr. lengdarmeter
**1.845**

Breidd: 67 cm
Verð pr. lengdarmeter
**1.595**

Margar stærðir og gerðir

## Verkfæraúrval

Rafhlöðuborvél með höggi, HDA2544 18V
**17.990**

Asaki AM18DWE Asaki borvél 18V Ni-CD 2,0ah
**16.990**

Drive 12V Li Ion rafhlöðuborvél
**5.918**

Búkki – Vinnuborð stillanlegt (E)
**3.942**

Drive hornalaser 90 gráður
**12.450**

ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion 2,8Ah 38Nm 2 hraðar
**38.990**

Drive útdraganlegt rafmagnskefli 15 metra
**11.990**

63303 2 Tóg 450 cm – þolir 2,3 tonn
**1.750**

Vinnuljós (langhundur) m/flúor peru 8W
**2.490**

SHA-0203 Vinnuljóskastari m handf 400W ECO pera 1,8m snúra
**3.490**

Rafmagnshitablásari 2Kw
**1.990**

Drive Delta Sander 180W
**3.390**

15 metra rafmagnssnúra
**3.190**

T38 Vinnuljós
**5.590**

Kapalkefli 15 mtr
**4.190**

Protool Mini fjölnota sög 600 W 85mm m/6 fylgihlutum
**13.990**

Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku
**11.990**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8 -18 |

## Hágæða múr- og flotefni

Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm
**2.590**

Weberfloor 4160 Hraðþornandi flotefni 2-30mm
**3.890**

Weberfloor 4310 Trefjastyrkt flotefni 5-50mm
**2.890**

Weberfloor 4350 Flotefni fyrir 20-80 mm
**2.290**

Weber REP 980 þéttimúr grár
25 kg **3.590**

Weber Gróf Múrblanda
25 kg **1.690**

Weber Milligróf múrblanda 25 kg **1.890**

weber

DEKA

Deka Fíber trefjastyrkt múrblanda
25 kg **3.350**

Deka Latex
5 lítr. **4.795**

Deka Acryl grunnur
1 kg **1.380**
5 kg **4.940**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

...rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# DROTTNING Á EINUM HVÍTUM SILKISOKK

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** veltir fyrir sér hvaða máli skipti hið grimmilega launmorð þegar kóngur og drottning Serbíu voru drepin.



Drottning var bara á einum sokk. Þetta var að vísu silkisokkur af vönduðustu gerð, mjallahvítur og náði henni passlega langt upp fyrir hné, ekkert upp á það að klaga, en þetta var samt bara einn sokkur, og hversu virðuleg getur drottning verið í aðeins einum sokk? Auðvitað hafði hún svo sem ýmislegt fleira og líklega stærra til að hafa áhyggjur af einmitt í svipinn, hún heyrði hrópin og köllin í morðvörgunum þegar þeir fetuðu sig um höllina í leit að konungshjónunum, hún hafði heyrt ógurlegan hvellinn þegar þeir sprengdu sér leið inn í svefnherbergi hjónanna, og ef þeir römbuðu á kytruna þar sem þau lágu í felum væri eins víst að þau yrðu drepin formálalaust, hún hafði heyrt skothvellina þegar þeir stráfelldu lífverði og þjónustufólk, en þótt lífshættan væri raunveruleg, þá var hún drottning samt og ekki hátignarlegt að vera bara í einum sokk.

Hún hét Draga, var drottning í Serbíu og þetta var árið 1903. Skelfileg saga, alveg hreint. Samsærismennirnir höfðu brotið sér leið inn í konungshöllina í Belgrad um lágnættið og skutu formálalaust alla sem ekki gáfust upp fyrir þeim umsvifalaust, þeir voru vel skipulagðir og gengu hiklaust til þessa grimmdarlega leiks, en verðirnir í höllinni ringlaðir og vissu ekki sitt rjúkandi ráð eftir að rafmagnsljósin voru eyðilögð, þá þegar voru menn orðnir háðir rafmagnsljósum en samsærismenn höfðu kyndla og kerti. Þeir sprengdu upp volduga hurðina að svefnherberginu með dínamíti, en það reyndist vera tómt, samsærismenn tóku að óttast að konungshjónin hefðu komist undan og allt væri að fara út um þúfur. Í tvo tíma leituðu þeir um höllina hátt og lágt, þá kom loks einhver auga á svolítið skráargat á einum veggnum í herbergi konungshjónanna.

Handan skráargatsins var örlítil kompa. Þangað höfðu kóngurinn Alexander I og hans Draga drottning náð að stinga sér rétt áður en dínamítið tætti sundur hurðina að herbergi hennar. Þessi kompa hafði verið inngangur að leynigöngum sem lágu yfir í rússneska sendiráðið handan götunnar og skyldi nota einmitt í tilfellum sem þessum. En þegar Alexander gekk að eiga drottningu sína hafði hún látið þernur sínar koma þar fyrir níðþungu strauborði, nú hvíldi borðið óhreyfanlegt ofan á hlera leyniganganna og konungshjónin máttu dúsa bjargarlaus í kompunni fram eftir nóttu meðan samsærismenn leituðu af æ meiri örvæntingu í höllinni. Alexander notaði tækifærið og klæddi sig varlega í buxur og rauða silkiskyrtu sem hann hafði gripið með sér á flóttanum inn í kytruna, hann ætlaði ekki standa allsber andspænis morðingjum sínum. Og Draga sveipaði sig slopp en hvernig sem hún þreifaði fyrir sér í myrkrinu fann hún bara einn sokk.

### Ráðist inn í kompu kóngs

En að lokum fundu sem sagt samsærismenn kompuna. Þeir hrópuðu gegnum hurðina að hér væru komnir liðsforingjar í her hans. Alexander kallaði á móti hvort hann gæti treyst þeim liðsforingjum. Þeir sögðu svo vera. Þá dró Alexander djúpt andann, þrýsti hönd konu sinnar og opnaði kompudyrnar.

Í svefnherberginu tóku vissulega á móti þeim liðsforingjar í serbneska hernum. En þeir höfðu engar vöflur á, heldur hófu þegar skothríð á konunginn. Bláa blóðið slettist um flöktandi kertabirtuna, hann hneig á kné, Draga reyndi að vernda hann með líkama sínum, þeir hikuðu hvergi heldur skutu hana líka mörgum sinnum. Svo drógu þeir upp sverð sem liðsforingjar báru þá ennþá og hjuggu bæði kóng og drottningu í spað, ristu þau á kvið og rifu út úr þeim iðrin. Blæðandi skrokkum þeirra var dröslað út á svalir og fleygt niður í garð fyrir neðan, ótrúlegt nokk var enn lífsmark með kóngi og hann greip furðu fast í handrið á svölum þegar átti að henda honum niður, þá hjuggu þeir einfaldlega af honum höndina.

Og Alexander var kastað niður á hæla konunnar hans í sínum eina sokk sem var nú orðinn mórauður af blóði.

### Nautið kemur til skjalanna

Þessi hryllilegi atburður gerðist aðfaranótt 11. júní og það er vart hægt annað en hrærast til meðaumkunar með kóngi og drottningu þar sem þau kúra í kytrunni meðan morðingjar leika lausum hala en reyna þó að bera sig konunglega og bregðast við örlögum sínum svo sómasamlega sem kostur er.

En samsærismenn höfðu sigrað, margir voru þeir háttsettir í serbneska hernum og pólitíkinni, nú stukku þeir til og drógu fram gamlan keppinaut konungs og krýndu hann umsvifalaust Pétur I. Sundurlemstruð lík Alexanders og Drögu voru varla kólnuð í rykugum garðinum við höllina. Sá ofursti í hernum að nafni Dragutin Dimitrijević sem hafði skipulagt þessa blóðugu morðárás og drottinssvik var af serbneska þinginu útnefndur hvorki meira né minna en „frelsari föðurlandsins“, tuddalegur maður enda kallaður „Nautið“ en fékk að launum prófessorsembætti við herskólann í Belgrad. Engum var refsað fyrir morðin, allt gekk sinn vanagang í Belgrad.

Og skipti þessi atburður þá engu máli, nema náttúrlega fyrir konungshjónin föllnu? Var þetta bara eitt tilgangslausa grimmdarverkið enn þar suður á Balkanskaga, ein hinna blóði drifnu frétta sem blöðin voru sífellt að segja frá um þær mundir en enginn botnaði í, bara hamslaust fólk sem þar virtist búa, ofstopafullt og deilugjarnt, líkt og bændur sem flugust á, nema hvað suðrá Balkanskaga drápu bændur hver annan, stjórnlausir af metnaði og grimmd?

Þegar að er gáð – jú, þetta skipti máli. Og þau hjón Alexander og Draga voru kannski ekki alveg eins göfug og hryggileg endalok þeirra gætu gefið til kynna.

Alexander I var aðeins 26 ára en hafði verið kóngur frá barnsaldri. Serbía var þá nokkuð öflugt og herskátt ríki á hinum brothætta Balkanskaga. Tyrkland var mjög á fallanda fæti og nágrannaríki sátu um að krækja í bita af því og Serbar voru þar einna fremstir í flokki og nutu gjarnan velvildar trúbræðra sinna Rússa. En Serbar litu Bosníu líka hýru auga, enda bjuggu þar frændur þeirra, en Austurríkismenn höfðu komið sér þar tryggilega fyrir nokkru áður. Sumum útþenslusinnuðum Serbum fannst Alexander lítt líklegur til að færa út landamærin að ráði, hann stóð meira í stússi innanlands, meðal annars felldi hann úr gildi frjálslynda stjórnarskrá og setti aðra og íhaldssamari í staðinn. Fóru brátt að renna á Serba tvær grímur um þeirra unga kóng.

> **Alexander notaði tækifærið og klæddi sig varlega í buxur og rauða silkiskyrtu sem hann hafði gripið með sér á flóttanum inn í kytruna, hann ætlaði ekki standa allsber andspænis morðingjum sínum.**

SERBIA OG NÁGRENNI 1903






**DRAGA** Serbíudrottningin var ekki af aðalsættum.

### Kynósa drottning

En þegar Alexander gekk í hjónaband árið 1900, þá fyrst blöskraði ýmsum. Konan Draga hafði verið hirðmær móður hans, hún var 12 árum eldri en Alexander og þótt stillilegar ljósmyndir þess tíma beri það ekki endilega með sér, þá þótti hún sérlega kynósa og var sögð hafa veitt hinn bjálfalega strákskóng í rekkjugildru sína. Og sat hann þar svo fastur og heillaður. En flestum öðrum þótti Draga drottning helstil ótigin og jafnvel groddaleg. Allra verst var þó að allir í Serbíu vissu að Draga gat ekki átt börn, það hafði víst reynt meira en nóg á það gegnum tíðina. Og því voru ríkiserfðir í uppnámi eftir dag Alexanders.



**DRAGUTIN DIMITRIJEVIĆ OFURSTI**

Þau Alexander og Draga gripu hins vegar til óvæntra bragða. Allt í einu var tilkynnt að víst væri Draga barnshafandi og von á erfingja krúnunnar. Þetta var hins vegar bara lygi og þegar allt komst upp fannst þjóðinni sér hafa verið gerð hin versta niðurlæging – og enn verra var að Nikulás II Rússakeisari móðgaðist stórlega yfir þessum fíflaskap, og kólnaði nú mjög samband Rússa og Serba. Alexander greip þá til þess að vingast við Austurríkismenn og virtist tilbúinn til að gefa upp á bátinn kröfur Serba til Bosníu í skiptum fyrir vináttu við Vínarborg.



**ALEXANDER I KONUNGUR**

Þegar svo spurðist út að Alexander ætlaði líklega að gera bróður Drögu að ríkisarfa sínum, þá var mörgum nóg boðið, því þessi bróðir þótti bæði ofstopafullur hrokagikkur og fífl. Dimitrijević ofursti (Nautið) stofnaði nú leynifélagið Svörtu höndina til að vinna á konungshjónunum og það leynifélag stóð fyrir árásinni á konungshöllina í júní 1903 sem endaði með hinum hrottalegu morðum á konungshjónunum.

### Hvað hefði breyst?

Hinn nýi kóngur Serbíu, Pétur I, lét það verða sitt fyrsta verk að blása af vinskap við Austurríki en ganga aftur í faðm Rússa. Og vissan um að Rússar myndu ævinlega standa að baki Serba olli því til dæmis að Nautið og hans Svarta hönd fóru nú hiklaust að grafa undan yfirráðum Austurríkismanna í Bosníu. Og þegar kornungur serbneskur Bosníumaður að nafni Gavrilo Princip myrti ríkisarfa Austurríkis, Franz Ferdinand, í höfuðborg Bosníu, Sarajevo, í júní 1914, hver stóð þá að baki því launmorði?

Jú, Nautið Dragutin Dimitrijević og enginn annar. En ef Alexander og Draga hefðu nú sloppið lifandi frá tilræði Svörtu handarinnar og kóngur aftur náð að treysta sig í sessi í Serbíu, svo hann hefði fengið tóm til að rækta nýja vináttu Serba og Austurríkismanna, þá er að minnsta kosti ljóst að kveikjan að fyrri heimsstyrjöldinni hefði ekki orðið morðárás á Franz Ferdinand að undirlagi Serba. Hverju það hefði nákvæmlega breytt og hvort Evrópa hefði sloppið alveg við hina ægilegu styrjöld í fjögur ár og hið hræðilega mannfall, það vitum við náttúrlega ekki.

Því það gerðist ekki. Drottningin dó í sínum eina sokk.



**PALLABALL**
**Páll Óskar Hjálmtýsson heldur eitt af sínum vinsælu Pallapöllum á laugardaginn. Nú verður hann staddur í Gamla kaupfélaginu á Akranesi þar sem hann skemmtir fram eftir nóttu.**









# LÖNGUN Í SÆTINDI NÁNAST HORFIN

**ICECARE KYNNIR** *Zuccarin-töflurnar eru fæðubótarefni sem henta þeim sem þurfa að draga úr sykurnotkun og minnka hættuna á sykursýki 2.*

Hrafnhildur Jónsdóttur reynir að hugsa vel um heilsuna, borða hollan mat og fer reglulega á hestbak en hún segir sykurinn hafa verið stóran löst í sínu lífi. „Mig langaði til að losna við sykurátið og ekki vildi ég enda með sykursýki 2 eða aðra sjúkdóma en ég var hins vegar ekki nógu viljasterk til að segja nei af því að sjúkleg löngun í sykur var alltaf til staðar."

Hún segir það geta verið mjög erfitt að halda sig frá sykrinum þar sem hann er í nánast öllu sem við borðum. „Mér hefur allavega ekki tekist að losna við sykurpúkann sem hefur setið á öxlinni á mér og hvíslað að mér að ég eigi skilið smávegis súkkulaði."

Eftir að Hrafnhildur fór að taka Zuccarin-töflurnar getur hún hins vegar sagt „nei, takk" við sælgæti eða látið sér duga að fá sér smávegis. „Mér finnst ég vera orkumeiri og mittið hefur aðeins minnkað sem er ekki verra. Ég mæli því eindregið með Zuccarin."



**HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR** mælir með Zuccarin. Hún getur nú sagt „nei,takk" við sælgæti. MYND/GVA

**EKKI LENGUR ORKULAUS**

Rósa Harðardóttir skólasafnskennari hefur gert margar tilraunir til að útiloka sykur úr daglegri fæðu sinni með misgóðum árangri. „Ég hef fundið fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sætindi og kökur, finn til í skrokknum og fæ höfuðverk. Oft hef ég fundið fyrir aukinni orku eftir að hafa fengið mér sætindi en verð orkulaus og þreytt fljótlega á eftir," segir Rósa.




Hún hefur í gegnum tíðina lagt sig fram við að borða hollan og næringarríkan mat og hreyfa sig daglega en sykurlöngunin er alltaf til staðar. „Eftir að ég fór að taka Zuccarin er þetta hins vegar ekkert mál. Ég hef nánast enga löngun í súkkulaði og önnur sætindi og finn að ég er öll kraftmeiri."

Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Zuccarin er auðvelt í notkun. Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.



**RÓSA HARÐARDÓTTIR** er kraftmeiri og hefur litla löngun í sætindi eftir að hún fór að taka Zuccarin. MYND/STEFÁN

## SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Zuccarin er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

IceCare
þín heilsa







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

Kynning
í Heilsuhúsinu, Kringlunni
í dag, laugardag, frá kl. 14-17
20% afsláttur á Dr. Organic á meðan kynningunni stendur.


TIGER BALSAM
VIRKAR Á VERKI
- HÁLS OG AXLAVERKIR
- BAKVERKIR
- LIÐVERKIR
- VÖÐVAVERKIR
- HAUSVERKIR
ASÍSKA UNDRASMYRSLIÐ
100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM
Fæst í öllum apótekum – Hagkaup – Fjarðarkaup – Heimkaup – Heilsuver – Heilsulausn.is


FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN? KOM ÞAÐ OF SEINT?
Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer 800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is
Póstdreifing
Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.
Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum
FRÉTTABLAÐIÐ



**30 ÁRA FERILL** Helgi segist vera rómantískur og finnst gaman að koma eiginkonunni á óvart. Ekkert frekar á konudegi en öðrum dögum ársins. „Ég er ekki rómantískur á ákveðnum dögum heldur þegar mér dettur það í hug. Þá verður það óvænt og skemmtilegt.“
MYND/STEFÁN

# EINLÆGUR OG RÓMANTÍSKUR SJARMÖR

***POPPARINN** Helgi Björnsson, söngvari og leikari, höfðar vel til þjóðarinnar með lögum sínum. Hver smellurinn á fætur öðrum flýgur upp vinsældalistann. Um þessa helgi verður Helgi þó hvorki á Mývatni né Kópaskeri.*

Edduverðlaunin verða afhent í kvöld þar sem mikið verður um dýrðir. Meðal þeirra sem eru tilnefndir er Helgi Björnsson. Hann hlaut tilnefninguna besti leikari í aukahlutverki fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni París norðursins. „Það verður nóg að gera um helgina,“ svaraði Helgi þegar við slógum á þráðinn til hans. Hann ætlar þó að vera í fríi frá söng og leik. Í gærkvöldi var hann viðstaddur afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna en þar koma allir helstu tónlistarmenn landsins saman. Síðan er það Eddan í kvöld þar sem kvikmynda- og sjónvarpsfólk hittist. Hann segist ekki vera búinn að semja ræðuna, ef hann skyldi vinna. „Maður spinnur bara eitthvað á staðnum ef til þess kemur.“

Á Eddunni hittist bransinn og allir í sínu fínasta pússi. „Það er virkilega skemmtilegt að gleðjast með þessu fólki. Hátíðin er ekki síst mikilvæg fyrir það fólk sem vinnur á bak við myndavélina. Það er stór hópur, frábærir fagmenn sem starfa bæði við íslenskar kvikmyndir og á alþjóðlegum markaði. Kvikmyndagerðin er orðin stór atvinnugrein sem skiptir verulegu máli. Ekki er langt síðan þetta fagfólk var í annarri vinnu meðfram þar sem verkefnin voru ekki nægilega mörg. Nú hefur þetta breyst og margir sem starfa við kvikmyndagerð eru í fullu starfi. Það er ánægjuleg þróun,“ segir Helgi.

**PABBAR SEM GRÁTA**

Helgi fagnaði þrjátíu ára starfsferli síðasta haust. Í tilefni af því fór hann í vel heppnaða tónleikaferð um landið. Hann á farsælan feril að baki en mörg laga hans hafa orðið feikilega vinsæl og þjóðin syngur gjarnan þegar hún er í góðu skapi. Má þar nefna lög eins og Mér finnst rigningin góð og Þúsund sinnum segðu já með Grafík og síðan lög eins og Geta pabbar ekki grátið sem Helgi söng með Sssól. Undanfarin ár hefur Helgi gert vinsælar plötur með Reiðmönnum vindanna en mörg þeirra laga hljóma reglulega á öldum ljósvakans. Í haust kom síðan út lagið Ég fer á Land Rover frá Mývatni til Kópaskers sem náði miklum vinsældum. Hann segist nú reyndar ekki bruna um landið á Land Rover heldur á Dodge. „Þetta lag varð einmitt til á ferðalagi um landið. Þetta var ótrúlega skemmtileg ferð og alls staðar mikil stemning.“

Þegar Helgi er spurður hver sé galdurinn á bak við þessar vinsældir segist hann ekki átta sig á því. „Ég veit ekki hvernig ég á að svara því. Ég hef alltaf haft mjög gaman af fallegum og grípandi melódíum. Áhersla mín er kannski á slík lög auk þess sem ég vil vera einlægur og sannur gagnvart hlustendum. Ég hef undanfarið sungið mikið lög eftir aðra, gömul og góð lög, en nú langar mig að leggja meiri áherslu á frumsamda tónlist. Ég er að vinna að slíkri plötu og lagið Ég fer á Land Rover er fyrsta lagið sem kemur út af henni. Síðan verða fleiri lög í þessum anda. Ég hef samið töluvert af lögum og þau hafa safnast upp, mörg eru ekki enn fullunnin. Áður setti maður ófullgerð lög inn á segulband en nú dælist þetta inn á tölvuna. Sum verða að „barni“ en önnur ekki. Ég býst við að koma einu lagi út í vor eða sumar en platan kemur síðan út með haustinu.“

**ÁSTRÍÐAN Í LÍFINU**

Helgi hefur haft mikið að gera undanfarið. Fyrir utan tónleika kemur hann fram á alls kyns mannfögnuðum, á árshátíðum, í brúðkaupum, afmælum og því um líku. „Það er yndislegt að fá tækifæri til að vinna við það sem manni þykir skemmtilegt. Vinnan er í raun mín ástríða. Ég get því ekki kvartað,“ segir hann.

Það hefur farið minna fyrir vinnu í leikhúsum og Helgi segist sakna þess. Hann hefur meira verið á hvíta tjaldinu, síðast í París norðursins og Hross í oss. „Ég tók síðast þátt í leiksýningu með Vesturporti 2012. Ég væri alveg til í að kíkja aftur á leiksviðið, ég myndi að minnsta kosti ekki hafna tilboði. Leikhúsið bindur mann á staðnum en þar sem ég hef dvalið mikið í Berlín undanfarin ár hefur það ekki hentað mér. Svo eru alltaf einhverjar kvikmyndir á teikniborðinu sem bíða fjármagns og maður veit aldrei hvenær af þeim verður.“

**ÓVÆNT RÓMANTÍK**

Það er konudagur á morgun. Þar sem Helgi er rómantískur sjarmör er sjálfsagt að spyrja hvað hann ætli að gera fyrir frúna, Vilborgu Halldórsdóttur. „Jú, ég er rómantískur. Það er nauðsynlegt til að halda í litbrigði lífsins. Ég gæti hugsað mér að vakna snemma í fyrramálið, fara í blómabúð og kaupa eitt tonn af rósum sem ég dreifi um svefnherbergið og fram á bað. Læt renna í baðið og sæki

## LÖGIN Á TOPPNUM

„Ég hef alltaf haft mjög gaman af fallegum og grípandi melódíum. Áhersla mín er kannski á slík lög auk þess sem ég vil vera einlægur og sannur gagnvart hlustendum.“

## ÁHUGAVERÐIR FYRIRLESTRAR UM KVIKMYNDAGERÐ

**Kvikmyndahátíðin Stockfish hófst í Bíói Paradís á fimmtudag og stendur til 1. mars. Þar verða sýndar 30 kvikmyndir sem allar hafa hlotið mikla athygli á hátíðum víða um heim en ekki ratað í sýningarsali hérlendis hingað til. Þetta er í fyrsta sinn sem Stockfish – evrópsk kvikmyndahátíð í Reykjavík er haldin en hún er byggð á grunni Kvikmyndahátíðar í Reykjavík sem stofnuð var 1978.**

**Von er á þekktum verðlaunaleikstjórum og öðru alþjóðlegu kvikmyndagerðarfólki hingað til lands, auk þess sem boðið verður upp á ýmsa viðburði, fyrirlestra og vinnustofur fagfólks í tengslum við hátíðina. Má þar nefna masterclass leikstjórans Rachid Bouchareb og leikkonunnar Brendu Blethyn, um samstarf leikstjóra og leikara. Hann verður haldinn mánudaginn 23. febrúar milli 16 og 17.**

**Eins má nefna fyrirlesturinn Úr öskustónni á Óskarinn þar sem kvikmyndagerðarkonan Christine Bachon fjallar um þær hindranir sem framleiðendur óháðra mynda þurfa að yfirstíga, en hún hefur áralanga reynslu af því að framleiða óháðar bandarískar kvikmyndir. Myndir hennar, Alice, Far From Heaven og Boys Don't Cry, hafa sópað til sín verðlaunum. Fyrirlesturinn verður haldinn laugardaginn 28. febrúar klukkan 15.**



**Þá verður íslenski kvikmyndatökumaðurinn Sigurður Sverrisson í brennidepli. Þrjár af myndum hans; Land og synir, Tár úr steini og Kaldaljós verða sýndar 24.-26. febrúar og mun hann sjálfur ræða ferilinn og svara spurningum í lok hverrar sýningar.**

**Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á bioparadis.is.**

ískalt kampavín og jarðarber. Ég ber síðan olíu á hana eftir baðið. Fyrir utan húsið bíða tveir hvítir hestar sem við ríðum vestur á Gróttu og horfum á sólarlagið saman. Hljómar þetta ekki vel?“ spyr Helgi sem var hugsanlega að semja nýtt lag eða láta sig dreyma. Hann er nefnilega á förum til Berlínar á morgun og hefur því varla mikinn tíma fyrir rómantík. „Ég er ekki rómantískur á ákveðnum dögum heldur þegar mér dettur það í hug. Það verður það óvænt og skemmtilegt,“ viðurkennir hann. „Ég hef reyndar stráð rósablöðum heima hjá mér og kom þá konunni rækilega á óvart. Það er svo gaman að gleðja einhvern sem ekki á von á því.“

### Á FERÐ OG FLUGI

Helgi flýgur utan á morgun, fyrst er ferðinni heitið til Berlínar en síðan Brussel. „Þar ætlum við Jakob Frímann Magnússon að funda fyrir hönd Félags tónskálda og textahöfunda. Þetta er fagfundur slíkra félaga í Evrópu. Eftir þann fund tek ég annan fund í Berlín á leiðinni heim. Ég eignaðist mikið af vinum í borginni og hef starfað með hljómsveitinni Capital Dance Orchestra sem ég flutti hingað til lands í fyrra. Við erum að skoða nokkur verkefni.“

Er Berlín svona æðisleg, eins og sagt er?

„Já, Berlín er svona æðisleg, eins og sagt er,“ svarar Helgi um hæl. „Borgin hefur upp á svo margt að bjóða en er þó afslappaðri en margar aðrar heimsborgir. Þarna er gróskumikið mannlíf og suðupottur alls kyns hugmynda. Í Berlín finnast mörg tækifæri,“ segir Helgi sem flýgur þangað nokkrum sinnum á ári.

### LÍFIÐ ER FALLEGT

Þegar Helgi er spurður hvernig notaleg fríhelgi myndi hljóma hjá honum, svarar hann: „Ég myndi elda góðan mat og bjóða gestum. Spjalla og sötra gott rauðvín. Það finnst mér skemmtilegt á föstudags- eða laugardagskvöldi þegar ég er ekki að vinna.“

Helgi viðurkennir að hann sé góður kokkur og matgæðingur. „Ítalskur matur er í sérstöku uppáhaldi. Við bjuggum á Ítalíu um tíma og það býr í manni. Ítalir hafa skemmtilega afstöðu til lífsins, þeir taka setninguna „La vita e bella“ alvarlega, það er „Lífið er fallegt“. Við eigum að njóta lífsins á meðan við getum. Þeir horfa öðrum augum á lífsgæði en Íslendingar. Reyndar finnst mér nóg komið af neikvæðri umræðu hér á landi, þetta endalausa skítkast er löngu komið út í öfgar,“ segir poppgoðið og sjarmörinn Helgi Björnsson.

*elin@365.is*



# SPÁÐI RÉTT UM SIGURLAGIÐ

**REYNDUR EUROVISIONFARI** *Sigga Beinteins hefur nóg að gera um helgina við að syngja og hugsa um litlu tvíburana sína.*

Sigríður Beinteinsdóttir hefur lengi verið ein af uppáhaldssöngkonum þjóðarinnar. Hún er reyndur Eurovisionfari og kom fram á dögunum í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins með öðrum dívum sem hafa farið í lokakeppnina. Þar sungu þær lagið Non ho l'età sem vann keppnina árið 1964 en Ellý Vilhjálms söng lagið á íslensku undir heitinu Heyr mína bæn. „Þetta var æðislega skemmtilegt, þær eru allar svo yndislegar, þessar söngkonur, og ég held að það hafi skinið í gegn hjá okkur hvað okkur fannst þetta frábært," segir Sigga. Aðspurð segir hún þær hafa fengið fyrirspurnir um að koma aftur fram saman og hún segir það vel geta verið, það komi bara í ljós.

**MARÍA NÆR LANGT Í EUROVISION**

Sigga var búin að segja að lögin Once Again og Unbroken með þeim Friðriki Dór og Maríu Ólafsdóttur yrðu efst í keppninni áður en úrslitakeppnin í Söngvakeppninni fór fram um síðustu helgi. „Ég setti þessi lög á toppinn og var viss um að Unbroken myndi vinna. Hún María sem syngur Unbroken er alveg frábær, hún hefur svo mikla útgeislun og fallega nærveru og ég veit að hún á eftir að standa sig vel. Ég held að þetta lag geti gert mikið fyrir okkur úti, það hefur einhvern erlendan blæ yfir sér sem ég held að eigi eftir að virka vel. Það lag er aðeins hraðara en Once Again og ég held að það gefi okkur meira en ballaða, annars var Friðrik Dór alveg frábær líka. Það var gaman að sjá svona mikið af ungu fólki í keppninni en það var komin þörf á að fá meira af nýju fólki inn í tónlistarlífið hér á Íslandi. Mér fannst lögin í ár mikið betri en oft áður, það voru mun fleiri lög góð núna."

**PABBI KEMUR Á ALLA TÓNLEIKA**

Sigga er með mörg járn í eldinum þessa dagana en meðal verkefna eru tónleikar á Akureyri þann sjöunda mars næstkomandi. „Við Guðrún Gunnars og Jógvan Hansen höfum verið með tónleikana Við eigum samleið – lögin sem allir elska í einhvern tíma í Salnum. Þetta er mjög skemmtilegt verkefni þar sem við syngjum gömlu, góðu íslensku lögin sem við Guðrún dáðum og dýrkuðum þegar við vorum litlar. Svo kemur Jógvan ferskur inn því hann er bara ellefu ára gamall Íslendingur eins og hann segir sjálfur þannig að þessi skemmtilegu gömlu lög eru ný fyrir honum. Á milli laga segjum við sögur og gerum grín hvert að öðru og lögunum, þetta er mjög létt og skemmtilegt og fólki hefur líkað þetta vel. Nú ætlum við að bjóða Norðlendingum upp á þetta og ferðast eitthvað um landið með tónleikana en svo verðum við í Salnum síðasta vetrardag," segir Sigga. Hún segir fólk á mjög breiðu aldursbili hafa gaman af tónleikunum. „Pabbi minn kemur til dæmis á alla tónleika hjá okkur. Hann verður 83 ára á árinu og hann elskar þetta. Svo erum við að sjá fólk alveg frá þrítugu, þetta eru lög sem svo margir þekkja og kunna."

**SÖNGVABORG FIMMTÁN ÁRA**

Sigga hefur í gegnum árin átt sér marga unga aðdáendur en hún og María Björk gáfu saman út mynddiskana um Söngvaborg. „Nú er Söngvaborg orðin fimmtán ára og við erum að hugsa um að hafa stóra afmælisveislu í sumar fyrir alla litlu stubbana og erum auk þess að undirbúa nýja Söngvaborg 7. Við höfum lengi fengið fyrirspurnir um hvort við ætlum ekki að gefa út nýja Söngvaborg og ætlum nú að verða við þeim óskum en okkur finnst þetta alltaf ofsalega skemmtileg verkefni."

**EKKI MJÖG RÓMANTÍSK**

Í kvöld verður Sigga að spila með Stjórninni á árshátíð en bandið hittist annað slagið og setur saman dagskrá þegar óskað er eftir því. „Stjórnin hefur alltaf verið stemningsband og við leggjum mikið úr því að ná upp stuði og spila það sem fólk vill heyra. Þetta er annasöm helgi hjá mér og ég verð að spila lengi fram eftir í kvöld og fæ því að sofa út á konudaginn á morgun." Hún svarar því hlæjandi að það sé aldrei að vita hvort hún fái svo morgunmat í rúmið í tilefni dagsins. „Ég hef aldrei verið talin rómantísk sjálf en ég vona að ég skáni nú eitthvað með aldrinum. Það er mikið að gera hjá okkur báðum í vinnu og að hugsa um börnin þannig að lítill tími gefst fyrir rómantík en maður verður að reyna," segir hún og brosir.

**TVÍBURARNIR ÓLÍKIR KARAKTERAR**

Sigga og kona hennar, Birna María Björnsdóttir, eiga saman tvíburana Viktor Beintein og Alexöndru Líf sem verða fjögurra ára í apríl. „Lífsstíll minn hefur breyst mjög mikið eftir að við eignuðumst þau. Núna nýti ég daginn í að vinna í því sem er á döfinni og að búa til verkefni. Þegar klukkan er orðin fjögur þá loka ég tölvunni og er með þeim, það er bara yndislegt. Þau eru mjög ólíkir karakterar, Viktor er rosalega ljúfur og blíður, hún er miklu ákveðnari og algjör töffari. Það kom mér á óvart hve snemma karakterinn kemur í ljós. Ég hélt að við fengjum einstaklinga í hendurnar sem hægt væri að móta nánast að eigin vild en þegar maður kynnist þessu sjálfur þá sér maður að börn fæðast með sterkan karakter. Tvíburarnir eru á svo skemmtilegum aldri núna að við erum hlæjandi út í eitt. Það er ofsalega gaman að heyra þau tala saman og ég segi stundum eina góða sögu af þeim. Þau voru að leika sér inni í herbergi og ég heyrði Alexöndru biðja Viktor um að koma í feluleik, þá svarar hann: „Nei, ég er hræddur um að týnast." Hún svarar þá bara „ó" eins og það gæti alveg gerst og þau hætta við leikinn," segir Sigga og hlær sínum smitandi hlátri.

■ liljabjork@365.is



**SIGGA BEINTEINS** ætlar að verja tíma með fjölskyldunni um helgina auk þess að syngja með Stjórninni í kvöld. MYND/GVA

## BÖRNIN

„Þau eru mjög ólíkir karakterar, Viktor er rosalega ljúfur og blíður, hún er miklu ákveðnari og algjör töffari. Það kom mér á óvart hve snemma karakterinn kemur í ljós."

Margverðlaunuð vítamín og bætiefni frá Natures Aid



GMP vottuð framleiðsla

natures aid

Sérfræðingar í náttúrulegri heilsu síðan 1981

## FJALL+KONA

**● SÝNING**

**Í tilefni af konudeginum á sunnudag verður Arna Valsdóttir með listamannaspjall í Ásmundarsafni á sunnudag klukkan 15. Hún mun ræða við gesti um verk sitt á sýningunni Vatnsberinn: Fjall+Kona sem nú stendur yfir í Ásmundarsafni.**

**Á sýningunni er þess minnst að á árinu 2015 eru 100 ár liðin frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi. Hin kunna höggmynd Ásmundar Sveinssonar, Vatnsberinn (1937), er þungamiðja og leiðarstef sýningarinnar. Á sýningunni verða önnur valin verk Ásmundar í samtali við verk þeirra Örnu Valsdóttur, Daníels Magnússonar, Kristínar Gunnlaugsdóttur, Níelsar Hafstein, Ólafar Nordal, Ragnhildar Stefánsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar. Sýningin stendur til 26. apríl 2015. Sýningarstjóri er Harpa Björnsdóttir.**




Nýtt kortatímabil!
TÍSKUSÝNING KL 14:00 Í DAG!
Zik Zak er 14 ára og býður í RISA afmælisveislu!
Dagana 19-22. feb
Allt að 70% afsláttur af völdum nýjum vörum!
ZIK ZAK TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 36-46
MUSSA ÁÐUR 12.990 NÚ 4.990 42-56
LEGGINGS ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 36-56
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 S-XL
MUSSA ÁÐUR 12.990 NÚ 4.990 42-56
PEYSA ÁÐUR 11.990 NÚ 2.990 S-XL
BOLUR ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 Ein stærð
BOLUR ÁÐUR 9.990 NÚ 3.990 42-56
BOLUR ÁÐUR 9.990 NÚ 4.990 Ein stærð
PEYSA ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 38-50
SÍÐUR BOLUR 3.990,- S-3XL
KJÓLL 5.990,- S-5XL
SKOKKUR 4.990,- S-3XL
Við stelpurnar kynnum glænýja Zik Zak fatalínu!
Klassísk snið fyrir konur í stærðunum 36-56
Helga Braga og Brynja Valdís ásamt fleiri skvísum kynna línuna í glæsilegri tískusýningu í dag kl 14:00 fyrir utan verslunina í Kringlunni!
Skoðaðu fleiri tilboð á www.Facebook.com/zikzakkringlan
Hægt er að panta í síma: 551-1314
1. hæð Kringlunnar

# SYKRUÐ RÓMANTÍK

**EFTIRRÉTTIR** *Í tilefni konudagsins er tilvalið að galdra fram rómantískan eftirrétt. Hér eru uppskriftir að þremur slíkum.*



### HJARTALAGA BRÚNHILDUR

Fátt endurspeglar ástina meira en hjartalaga súkkulaði.

1/4 bolli hveiti
1/4 tsk. salt
1/4 tsk. matarsódi
2 msk. kakó
80 g dökkt súkkulaði, saxað
3 msk. ósaltað smjör
1/2 bolli sykur
1 stórt egg
1 eggjarauða
1 tsk. vanilla
vanillu/jarðarberja ís

Hitið ofninn í 160 gráður. Setjið bökunarpappír í bökunarform sem er 10x20 cm. Blandið saman hveiti, salti, matarsóda og kakói. Geymið. Bræðið saman súkkulaði og smjör, blandið saman við sykri, eggjum og vanillu. Hrærið nú þurrefnunum saman við þar til blandan er jöfn. Setjið deigið í bökunarformið og bakið í 25-30 mínútur. Látið kólna í um 20 mínútur. Færið kökuna á skurðarbretti og skerið út hjörtu. Geymið þau í plasti þar til bera á þau fram með ís.

### LITLAR PAVLOVUR

Dásamlega fallegar og yndislega góðar.

8 stórar eggjahvítur
1 klípa af salti
500 g sykur
4 tsk. maíssterkja
1 tsk. vanilludropar
2 tsk. hvítvínsedik
750 ml rjómi, þeyttur
ber að eigin vali
flórsykur

Hitið ofninn í 180 gráður. Þeytið eggin með saltinu þar til myndast þéttir toppar en blandan á ekki að vera stíf. Bætið varlega við sykri og hrærið stöðugt á meðan. Bætið við maíssterkjunni, örfáum dropum af vanillu og edikinu og blandið varlega saman.

Teiknið hringi á bökunarpappír í þeirri stærð sem ætlunin er að hafa Pavlovurnar. Setjið blönduna í hvern hring, gott er að láta kökurnar hækka til hliðanna til að dæld myndist í miðjunni.

Setjið í ofninn og lækkið hitann í 150 gráður. Bakið í 30 mínútur. Slökkvið þá á ofninum og látið bíða í annan hálftíma. Takið út og látið kólna.

Þeyttur rjómi er settur ofan á marengsinn og berjum raðað ofan á hann. Sáldið flórsykri yfir til skrauts.





### SÚKKULAÐIFONDÚ

Auðvelt og fljótlegt en sjúklega gott.

3/4 bolli rjómi
500 g súkkulaði dökkt eða ljóst
Jarðarber, ananas, þurrkaðir ávextir og annað sem hugurinn girnist.

Hitið rjóma og súkkulaði í potti á lágum hita. Hitið þar til súkkulaðið er bráðið. Færið þá plönduna yfir í skál og berið strax fram.


**KOOL´n´SOOTHE gelblöðin veita kælingu við mígreni og svæsnum höfuðverk í allt að 8 klst.**

- NÁTTÚRULEG lausn
- FRÁBÆRT Í FERÐALAGIÐ
- FÆST Í HELSTU APÓTEKUM






**„Plástrarnir hafa reynst mér vel í mígreniskÖstum.**

Í mígreniskÖstum hefur mér alltaf þótt gott að setja eitthvað kalt á ennið og þá koma plástrarnir sterkir inn.

Þeir kæla, og deyfa og lina verkinn. Stundum hefur dugað að nota plásturinn einan og sér án annarra verkjalyfja."

*Lilja Dögg Gylfadóttir kjólaklæðskeri og verslunareigandi*

Dreifingaraðili NOZ ehf




**RAUÐAR TÁKNA ÁST** Það er vel við hæfi að gefa elskunni rauðar rósir í tilefni dagsins.

# HVAÐ TÁKNA LITIRNIR?

**GEFA ÝMIS MERKI** *Á konudaginn tíðkast að gefa rósir. Yfirleitt gefa eiginmenn, unnustar og kærastar konum sínum rauðar rósir enda tákna þær ást, fegurð, ástríðu og rómantík. Með þeim er í raun verið að segja ég elska þig. Aðrir litir hafa aðra merkingu og er ekki úr vegi að glöggva sig á þeim.*



**Dökkrauðar** eða **vínrauðar** rósir tákna fegurð.

**Rauðar** rósir tákna ást.

**Hvítar** tákna sakleysi, hreinleika, virðingu, auðmýkt, æsku, þögn og leynd.

**Bleikar** tákna þakklæti, sæmd, aðdáun, hamingju og mildi.

**Gular** tákna gleði, vináttu og dásemd. Með þeim getur þú sagt; Mér þykir vænt um þig, velkomin/inn aftur eða mundu mig. Þær geta hins vegar líka táknað afbrýðisemi.

**Appelsínugular** rósir tákna þrá, girnd, hrifningu og áhuga.

**Ferskjulitar** tákna velþóknun og þakklæti.

**Fjólubláar** (lavender) rósir tákna ást við fyrstu sýn og töfra.

**Bláar** tákna það sem er ófáanlegt og ómögulegt.

**Heimild: rkdn.org**

# HÚÐFLÚR

Kynningarblað
Reykjavík Ink, Bleksmiðjan og Classic Tattoo Reykjavík.

LAUGARDAGUR 21. FEBRÚAR 2015




# ÞAKTIR HÚÐFLÚRI

**Hafþór, Rúnar og Andri Már eru misstórir karlmenn en allir vel skreyttir húðflúri. Allir fengu þeir sér sitt fyrsta húðflúr ungir og eru hvergi nærri hættir.**

## HAFÞÓR JÚLÍUS BJÖRNSSON

Kraftakarlinn Hafþór Júlíus Björnsson hefur í nógu að snúast þessar vikurnar. Fram undan eru tvö stórmót auk þess sem hann flýgur til Katar í næstu viku þar sem hann verður viðstaddur stóra tölvuleikjahátíð.

„Fyrra mótið sem ég tek þátt í er Arnold Sports Festival í Bandaríkjunum, nefnt eftir meistaranum sjálfum Arnold Schwarzenegger. Svo er ég á fullu að búa mig undir mótið Sterkasti maður heims sem haldið verður í apríl í Malasíu. Ég stefni auðvitað á fyrsta sætið en ég er í mjög góðu formi og vel stemmdur fyrir mótið.“ Í næstu viku heldur Hafþór til Katar en honum var boðið sérstaklega á stóra tölvuleikjahátíð sem haldin er þar. „Ég á marga aðdáendur á þessum slóðum og fer raunar bara út til að hitta þá og gefa eiginhandaráritanir.“

Hafþór er vel skreyttur tattúum en það fyrsta fékk hann 15 ára gamall. „Ég þurfti auðvitað leyfi frá pabba mínum og suðaði í honum í margar vikur þar til hann gaf sig loksins. Fyrst fékk ég mér tribal-tattú á bakið en þau voru í tísku á þessum tíma. Svo hef ég haldið áfram hægt og rólega gegnum árin.“

Meðal húðflúra á Hafþóri má nefna Elvis Presley og Marilyn Monroe sem hvort prýðir sinn fótlegginn. Jón Páll Sigmarsson er einnig á vinstri fætinum og fræg tilvitnun hans þegar hann sló met í réttstöðulyftu á sínum tíma: „There is no reason to be alive if you can't do deadlift.“

Hægri armur Hafþórs er alsettur húðflúri en sá vinstri til hálfs. „Markmiðið er að klára vinstri handlegginn einhvern tíma síðar á árinu.“

## RÚNAR GEIRMUNDSSON

Rúnar Geirmundsson starfar sem aðstoðarmaður á Bleksmiðjunni sem er húðflúrstofa í Reykjavík. Utan þess á hann og rekur fatafyrirtækið Akkeri Clothing í félagi við Dag Gunnarsson en fyrirtækið framleiðir „Streetwear“-fatnað fyrir karla og konur á borð við boli, derhúfur og peysur. Hann fékk snemma mikinn áhuga á húðflúri og segist hafa pantað fyrsta tímann sinn 14 ára gamall. „Ég mátti það víst ekki fyrr en ég var orðinn 18 ára þannig að ég þurfti að bíða í nokkur ár. Þegar ég hafði aldur til tók ég fyrst nánast allan vinstri handlegginn í einu.“

Uppáhaldshúðflúrið hans þessa stundina er fiðrildi framan á hálsinum sem hann fékk sér fyrir mánuði. „Ég hef nú ekki talið tattúin nýlega enda svo sem aukaatriði hvað þau eru mörg. Hins vegar stefni ég á að innan eins og hálfs árs verði allur líkaminn þakinn húðflúri, eða svokallað „Body Suit“. Það er verið að vinna í því plani á fullu og stefnan sett á að klára það seinni part árs 2016.“

## ANDRI MÁR ENGILBERTSSON

Eigandi Irezumi Ink-húðflúrstofunnar í Reykjavík, Andri Már Engilbertsson, hefur mörg járn í eldinum. Undanfarin ár hefur hann þjálfað fitness sport og crossfit en í augnablikinu er stofan, sem hann opnaði nýlega, fyrirferðarmest í lífi hans. Sjálfur var hann fimmtán ára gamall þegar hann fékk sitt fyrsta tattú. „Fyrir tólf árum fékk ég mér fyrsta húðflúrið. Það fór á bakið og er víkingarúnir.“

Andri Már er í dag með flúr á báðum handleggjum sem tengist við brjóstkassann, á maganum og báðum síðum. „Næsta verk er að fá mér skálm á löppina hægra megin og fylla alla löppina.“

Hann segir erfitt að nefna eitt uppáhaldstattú umfram önnur. „Þau renna eiginlega öll saman í eitt stórt tattú í dag og því erfitt að velja. Ég er ánægður með þau öll og líka spenntur fyrir þeim næstu sem ég búinn að teikna upp. Þar tek ég fyrir bak og rass og það verður það hrikalegasta sem ég á eftir að vera með og væntanlega uppáhaldið mitt. Það verður japanskt þema og sá sem mun sjá um það heitir Sören og kemur frá Kaupmannahöfn. Hann er einn af þeim betri á Norðurlöndum og verkið tekur sjálfsagt rúmlega 50 klukkustundir.“



# Fallegt tattú er eins og skartgripur

Á Reykjavík Ink vinna margir húðflúrarar sem sérhæfa sig í alls kyns stílum en mest eru þeir þó í því að gera sérhönnuð húðflúr. Á stofuna koma erlendir gestahúðflúrarar í hverjum mánuði með nýjustu strauma og stefnur.

Á Reykjavík Ink vinna margir húðflúrarar sem sérhæfa sig í alls kyns stílum. „Við hér á Reykjavík Ink gerum allar gerðir af húðflúri, „walk in's“, lítil, stór og lögum húðflúr sem aðrir treysta sér ekki í, en mest erum við í sérhönnuðum flúrum. Fólk kemur hingað inn með alls kyns hugmyndir og svo er unnið út frá þeim. Viðkomandi fær tíma og spjall með húðflúrara sem teiknar að ósk viðskiptavinarins og úr því verður fallegt húðflúr,“ segir Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, annar eigenda Reykjavík Ink, en hún og eiginmaður hennar, Össur Hafþórsson, eiga stofuna.

Linda Mjöll segir þau á Reykjavík Ink gera mikið af svokölluðum cover-up-húðflúrum en þá eru gömul flúr löguð eða annað flúr sett yfir. „Við erum þekkt fyrir að laga ýmislegt sem aðrir treysta sér ekki til að gera. Fólk þarf virkilega að vanda valið þegar það velur sér húðflúr þar sem þetta er varanlegt.“

Á Reykjavík Ink koma erlendir gestahúðflúrarar í hverjum mánuði. Þeir koma með nýjustu strauma og stefnur, reka sjálfir stofur í sínum heimalöndum og vita hvað þeir eru að gera, að sögn Lindu Mjallar. „Við leggjum upp úr því hér að vera ekki með langa biðlista og reynum að hafa ekki meira en viku bið í flúr. Hér er opið frá tólf til tíu alla daga nema á sunnudögum.

Að sögn Lindu Mjallar er húðflúrmenning á Íslandi, líkt og annars staðar, orðin miklu almennari en áður var. „Það eru allir með húðflúr, að minnsta kosti mjög margir. Alls konar fólk í öllum stöðum og stéttum kemur hingað til að fá sér flúr. Þetta er alls ekki bundið við einhverja ákveðna hópa eins og raunin var kannski áður. Ég hef mjög gaman af því hve margar konur eru orðnar óhræddar við að fá sér stærri og meira áberandi húðflúr. Að mínu mati er fallegt tattú eins og fallegur skartgripur. Maðurinn minn segir að það sé orðið staðalbúnaður að vera með eitt slíkt, “ segir hún og brosir.

Það er oft sagt að þeir sem fái sér eitt húðflúr fái sér annað áður en langt um líður. Linda Mjöll samsinnir þessu og segir að flestir sem komi til þeirra komi aftur. Hún segir ákveðna staði á líkamanum vera vinsælli en aðra. „Konur fá sér oft „half a sleeve“, tattú undir brjóstin, á síðuna, á öxlina eða fallegt stykki á lærið. Karlmenn fá sér svokallaða sleeve eða ermi, bakstykki, fá húðflúr á kálfann eða á bringuna.“

Aðspurð segir hún alla stíla vera í gangi en vissulega séu tískubylgjur í þessu eins og öðru. „Tribal-tattúin eru sem betur fer dottin úr tísku. Einhverjir bera þau alveg en við erum mikið í því að breyta þeim fyrir fólk í dag. Það er alveg hægt að breyta húðflúrum og fólk þarf því ekki að skammast sín fyrir þau eftir tuttugu ár.“



Linda Mjöll og Össur Hafþórsson, eiginmaður hennar, eiga Reykjavik Ink. MYNDIR/VILHELM



Margir karlmenn fá sér svokallaða sleeve eða ermi.



Black and grey-myndir eru vinsælar.



Fallegt tattú og mikið um smáatriði.



Linda Mjöll segir konur vera orðnar óhræddari við að fá sér stór tattú.

# Nýtur þess að vera í vinnunni

Húðflúraranum Ólafíu Kristjánsdóttur finnst svo gaman að flúra að hún gleymir sér stundum við verkið. Hún sérhæfir sig í svokölluðum black and grey realistic-húðflúrum.

Ólafía Kristjánsdóttir er húðflúrari á Reykjavík Ink. Hún er sjálf með mörg húðflúr, öll í black and grey-stíl. „Mér finnst lituð flúr mjög falleg en fannst passa best við mig að hafa allt black and grey.“

Hún segist stundum fá skrítnar hugmyndir inn á borð til sín en þar stendur upp úr húðflúr af tveimur pylsum með remúlaði. „Sama hver hugmyndin er þá reyni ég alltaf að útfæra flúrið á flottan og faglegan hátt. Ferlið í því að fá sér tattú er þannig að fólk kemur og við ræðum saman og þróum hugmyndina. Ég teikna svo flúrið upp eftir ósk viðkomandi, síðan er búinn til stensill sem er límdur á og þá er byrjað að flúra. Tíminn sem það tekur fer eftir stærð húðflúrsins og hversu mikil smáatriði eru. Minnstu flúrin geta tekið um það bil fimmtán mínútur en sumir eru í stólnum alveg í sex til átta tíma. Verkin eru stundum það stór að það er betra að skipta þeim niður og fólk kemur í nokkur skipti.“

Ólafía segist ekki eiga í neinum erfiðleikum með að flúra í svo langan tíma í einu. „Þetta er svo skemmtilegt að ég gleymi mér alveg og hugsa ekki um neitt annað. Maður verður bara að passa að taka sér pásur til að næra sig,“ segir hún og hlær.



Ólafía er sjálf með mörg húðflúr.



Húðflúrin sem Ólafía gerir eru listaverk.

Ólafía Kristjánsdóttir er húðflúrari á Reykjavík Ink. Henni finnst svo skemmtilegt að flúra að hún gleymir sér við verkið. MYNDIR/VILHELM

# Hagstofa Íslands

## leitar eftir lykilstarfsmanni




# Sviðsstjóri efnahagssviðs

Hagstofa Íslands leitar eftir öflugum leiðtoga til að veita efnahagssviði Hagstofunnar forystu. Sviðsstjóri efnahagssviðs ber ábyrgð á framleiðslu og framþróun efnahagstölfræði stofnunarinnar en undir hana falla þjóðhagsreikningar, verðvísitölur, tölfræði um opinber fjármál, utanríkisviðskipti og þjónustujöfnuð. Starfið er lykilstarf við stofnunina.

**Helstu verkefni**

- ✓ Veita efnahagssviði Hagstofunnar faglega og stjórnunarlega forystu
- ✓ Leiða uppbyggingu og nýsköpun á sviði efnahagstölfræði Hagstofunnar
- ✓ Þátttaka í yfirstjórn Hagstofunnar
- ✓ Vera í forsvari fyrir alþjóðasamskipti efnahagssviðs
- ✓ Koma fram fyrir hönd Hagstofunnar og svara fyrir efnahagstölfræði hennar gagnvart stjórnvöldum, stofnunum eða öðrum hagsmunaaðilum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- ✓ Háskólamenntun í hagfræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum
- ✓ Mikil og víðtæk þekking á efnahagsmálum og efnahagstölfræði
- ✓ Reynsla af faglegri og stjórnunarlegri forystu
- ✓ Stjórnunarfærni
- ✓ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- ✓ Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- ✓ Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- ✓ Frumkvæði og drifkraftur til aðgerða

**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2015**

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

| | |
|---|---|
| Póstáritun | Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík |
| Netfang | *starfsumsokn@hagstofa.is* |
| Upplýsingar | Ólafur Arnar Þórðarson *[olafur.thordarson@hagstofa.is]* |

Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands · Borgartúni 21a · 150 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099 · Vefur: www.hagstofa.is

ASÍ

Alþýðusamband Íslands er heildarsamtök launafólks. Félagsmenn í ASÍ eru um hundrað þúsund í 5 landssamböndum og 51 aðildarfélagi um land allt. Þar af eru ríflega 98.000 virkir á vinnumarkaði. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og réttindi.

# ASÍ leitar að framkvæmdastjóra

Alþýðusamband Íslands auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra.

Leitað er að einstaklingi sem er kraftmikill og jákvæður, faglegur og framsýnn og hefur brennandi áhuga á þeim málefnum sem ASÍ vinnur að. Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði í starfi og hafa mikla reynslu af mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á stjórnunar- og skipulagshæfileika, faglegan metnað og hæfileika til að vinna sjálfstætt og í nánu samstarfi við miðstjórn og forystu aðildarsamtakanna að fjölbreyttum verkefnum. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir forseta ASÍ.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri skrifstofu sambandsins
- Framkvæmd ákvarðana miðstjórnar
- Þátttaka í stefnumótun og yfirumsjón með starfi málefnanefnda
- Skipulag og ábyrgð á samstarfi og samskiptum skrifstofunnar við aðildarfélög og landssambönd innan ASÍ
- Þátttaka í samstarfi ASÍ við erlend systursamtök og alþjóðasamtök stéttarfélaga

**Æskileg menntun og hæfni:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af félagsstarfi
- Góðir samskipta- og forystuhæfileikar
- Stefnumiðuð hugsun og drifkraftur
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í a.m.k. einu Norðurlandamáli
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

**Upplýsingar veita:**

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ARCTICA FINANCE

# Sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf

Arctica Finance hf. óskar eftir að ráða starfsmann í fyrirtækjaráðgjöf. Fyrirtækjaráðgjöf veitir alhliða ráðgjöf við kaup og sölu á fyrirtækjum, fjármögnun, ásamt því að koma að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Meðal verkefna fyrirtækjaráðgjafar er umsjón með skráningu verðbréfa á markaði og yfirtöku fyrirtækja.

**Helstu verkefni:**
- Gerð verðmatslíkana og arðsemisútreikninga
- Gerð kynningar- og sölugagna
- Vinna við undirbúning og uppsetningu samninga
- Uppsetning hugmynda fjármögnunar
- Greining fjárahagsstöðu fyrirtækja og ársreikninga
- Gerð greiðsluhæfismata

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Þekking á helstu verkefnum fyrirtækjaráðgjafar
- Starfsreynsla á fjármálamarkaði æskileg
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Faglegur metnaður og ögun í vinnubrögðum

Arctica Finance er framsækið félag og byggir félagið þjónustu sína á því að veita fagfjárfestum og öðrum fjársterkum aðilum ráðgjöf í gegnum þrjú svið, eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskipti. Áhersla er lögð á að byggja upp traust samband við viðskiptavini, þar sem fagmennska og trúverðugleiki eru í fyrirrúmi.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

# Rekstraraðili verslunar Orkunnar í Árbæ




**Skeljungur hf. auglýsir eftir aðila til að reka verslun Orkunnar í Hraunbæ í Árbæ.**

Um er að ræða rekstur verslunar og umsjón með bensínstöð.

Hér er á ferðinni spennandi tækifæri fyrir traustan aðila til að leigja verslunarrými og reka eigin verslun í stóru hverfi.

Reynsla af rekstri er æskileg.

**Nánari upplýsingar veitir**
Logi L. Hilmarsson
sími: 444 3000, netfang: llh@skeljungur.is

Skeljungur

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## VERKEFNASTJÓRI

Á mannauðsdeild er laust til umsóknar starf verkefnastjóra í kjaramálum. Við leitum eftir jákvæðum og lifandi einstaklingi sem er töluglöggur, lausnamiðaður og með ríka þjónustulund.

Landspítali er einn fjölmennasti vinnustaður landsins með um 5.100 starfsmenn. Helstu áherslur í starfseminni eru öruggur spítali, góður vinnustaður, skilvirkir verkferlar og ábyrgur rekstur.

### Helstu verkefni og ábyrgð
- » Túlkun kjarasamninga, gerð stofnanasamninga og samskipti við stéttarfélög
- » Ráðgjöf og stuðningur við mannauðsráðgjafa og stjórnendur um kjaramál og réttindi og skyldur starfsmanna
- » Mannauðsgreiningar og úttektir
- » Önnur verkefni samkvæmt ákvörðun starfsmannastjóra

### Hæfnikröfur
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Reynsla af verkefnisstjórnun, breytingastjórnun og umbótastarfi
- » Færni í greiningu, meðferð og framsetningu tölulegra upplýsinga
- » Góð framkoma og færni í mannlegum samskiptum
- » Metnaður, frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### Nánari upplýsingar
- » Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Ráðið er í starfið frá og með 1. apríl 2015 eða eftir samkomulagi.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og eftir atvikum viðtölum við umsækjendur.
- » Upplýsingar veita Bryndís Hlöðversdóttir, starfsmanna-stjóri, sími 543 1330, bryndishlo@landspitali.is og Aldís Magnúsdóttir, verkefnastjóri, sími 543 1339 og 825 3848, aldism@landspitali.is.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

www.vinna.is
vinna.is sími: 511 1144

# Forstöðumaður Bókasafns Kópavogs

Bókasafn Kópavogs er framsækið safn sem er með starfsemi á tveimur stöðum í bænum, í Hamraborg þar sem aðalsafnið er og í Lindasafni, Lindaskóla. Bókasafnið tilheyrir Listhúsi Kópavogsbæjar sem fer með öll menningarmál bæjarins og starfar samkvæmt menningarstefnu Kópavogsbæjar. Lista- og menningarráð Kópavogs fer með stjórn safnsins.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með rekstri og stjórnun bókasafnsins
- Stjórnun og ábyrgð á fræðslu, viðburðum og miðlun á vegum safnsins
- Ábyrgð á fjármálum, þjónustu og á innkaupum safnkosts
- Áætlanagerð s.s. starfs- og fjárhagsáætlanagerð
- Starfsmannamál
- Þátttaka í almennri stefnumótun og hugmyndavinnu
- Náin samskipti og samstarf við Listhús Kópavogsbæjar og menningarstofnanir bæjarins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af stjórnun, rekstri og skipulagningu fræðslu og viðburða
- Góð þekking á sviði safnfræða og/eða bókmennta
- Leiðtogahæfileikar, jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, hugmyndaauðgi og metnaður til að ná árangri í starfi
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Færni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Þekking af opinberri stjórnsýslu er kostur

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# DEILDARLÆKNAR

Laus eru til umsóknar tvö störf deildarlækna í endurhæfingarlækningum á endurhæfingardeildinni á Grensási í 6-12 mánuði. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá 1. apríl 2015 eða eftir samkomulagi.

Á deildinni eru fjölbreyttum endurhæfingarverkefnum sinnt með áherslu á endurhæfingu í kjölfar meðferðar á bráðadeildum Landspítala s.s. heilablóðfalla, heilaskaða, mænuskaða, fjöláverka, missi útlims, ýmissa alvarlegra veikinda og langvinnra tauga- og vöðvasjúkdóma.

Starfið getur nýst sem hluti af sérnámi í endurhæfingarlækningum en eftir atvikum einnig í námi í öðrum sérgreinum, svo sem lyf-, tauga-, öldrunar- eða heimilislækningum.

Fjölbreytt teymisvinna með góðu fagfólki. Í boði er góð starfsaðstaða og þátttaka í vísindarannsóknum.

## Helstu verkefni og ábyrgð
Deildarlæknir fær víðtæka þjálfun í lækningum og endurhæfingu sjúklinga í kjölfar bráðainnlagnar á Landspítala. Starfið fer aðallega fram á sólarhringsdeild en einnig á dagdeild og göngudeild.

## Hæfnikröfur
» Vilji til þátttöku í áframhaldandi þróun í endurhæfingarlækningum
» Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
» Almennt lækningaleyfi

## Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2015.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt lækningaleyfi.
» Umsækjendum sem uppfylla skilyrði verður boðið í viðtal og byggir ráðning m.a. á frammistöðu í viðtali og innsendum gögnum.
» Upplýsingar veitir Stefán Yngvason, yfirlæknir, sími 543 9107, stefanyn@landspitali.is

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

PIPAR\TBWA • SÍA • 150921




**Roðasalir er hjúkrunarsambýli með 11 hjúkrunarrými og 20 dagþjálfunarrými fyrir minnisskerta aldraða í Kópavogi.**

Í Roðasölum er unnið metnaðarfullt starf þar sem starfsfólk og heimilismenn vinna saman að því að skapa öruggt og heimilislegt umhverfi og rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt heimilismanna og þátttöku þeirra. Roðasalir heyra undir þjónustudeild aldraðra sem er ein af fimm deildum velferðarsviðs. Alls starfa um 30 manns í Roðasölum. Um er að ræða fullt starf í dagvinnu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- **Íslenskt hjúkrunarleyfi**
- **Faglegur metnaður**
- **Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og skipulagsfærni**
- **Lausnamiðuð hugsun, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð**
- **Reynsla af stjórnun og hjúkrun aldraðra er æskileg**
- **Þekking á Rai-mælitæki æskileg**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2015.**

Ítarlegri upplýsingar um starfið er að finna á vef Kópavogsbæjar, **www.kopavogur.is.**
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Hafðu útsýni í sumar

strætó.is

**Strætó bs. auglýsir eftir vagnstjórum í sumarafleysingar.** Ef þér finnst gaman að keyra og hefur unun af því að hitta nýtt fólk á hverjum degi þá er Strætó bs. með tækifærið fyrir þig.

Í starfinu felst að aka strætisvögnum Strætó bs. samkvæmt leiðakerfi, aðstoða og leiðbeina farþegum við að komast leiðar sinnar um höfuðborgarsvæðið.
Unnið er samkvæmt vaktafyrirkomulagi.

Vagnstjórar í vaktafríi geta svo notið þess að láta líða úr sér í heitapottum borgarinnar endurgjaldslaust og fá auk þess frítt í strætó. Þá er nú upplagt að leggja bílnum og njóta þess að vera til.

**Helstu starfs- og ábyrgðarsvið eru:**

- Akstur eftir vakta- og vagnaferlum
- Samskipti og þjónusta við farþega
- Miðlun upplýsinga
- Vagnumsjón
- Fagmannleg vinnubrögð samkvæmt stefnu Strætó bs.

**Hæfniskröfur:**

- Hreint sakavottorð er skilyrði
- Framúrskarandi aksturshæfileikar
- Aukin ökuréttindi/réttindaflokkur D
- Íslenskukunnátta æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund

ÍSLENSKA SIA.IS STR 72983 02/15

**Umsjón með ráðningum hefur Sigurborg Þórarinsdóttir**
Umsóknir skulu berast í gegnum straeto.is eða með tölvupósti á sigurborg@straeto.is.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.
Umsóknarfrestur er til 8. mars. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun maí.
Laun fara eftir ríkjandi kjarasamningum.

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## SUMARSTÖRF 2015

**Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða fólk í fjölbreytt sumarstörf.**

**Um er að ræða landvörslu, upplýsingagjöf, afgreiðslu, umsjón tjaldsvæða, ræstingar, vaktstjórn í veitingasölu og almenn verkamannastörf.**

- **Skaftafell:** Landvarsla og upplýsingagjöf, umsjón tjaldsvæðis, ræstingar, afgreiðsla í verslun og veitingasölu, vaktstjórar í veitingasölu.
- **Lónsöræfi:** Landvörður.
- **Höfn í Hornafirði:** Landverðir og starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í almenn störf.
- **Askja og Ódáðahraun:** Landverðir.
- **Snæfellsstofa á Skriðuklaustri:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf, afgreiðslu og ræstingar.
- **Snæfell, Kverkfjöll og Hvannalindir:** Landverðir.
- **Kirkjubæjarklaustur:** Landvörður og starfsfólk í upplýsingagjöf.
- **Hólaskjól, Nýidalur og Lakagígar:** Landverðir.

**Ofangreind störf** eru flest á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst. Nokkur störf eru þó til lengri (*maí – september*) eða skemmri (*júlí – ágúst*) tíma. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

**Umsækjendur um landvarðastörf** skulu hafa lokið landvarðanámskeiði, eða búa yfir sértækri reynslu sem nýtist í starfi. **Ítarlegri upplýsingar** um störfin, hæfniskröfur og aðbúnað starfsmanna má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; www.vjp.is og hjá þjóðgarðsvörðum á viðkomandi svæðum.

**Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsóknarfrestur er til og með 9. mars n.k. og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsoknir@vjp.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.**

PORT hönnun

SS VERKTAKI SVEINBJÖRN SIGURÐSSON
- Við byggjum upp -

**Óskum eftir að ráða smiði og rafvirkja einnig starfsmenn og undirverktaka í utanhússklæðningu.**

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu okkar
Sími: 414 2400 eða verktaki@verktaki.is

V&V
VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐIÐ
TRANAVOGUR 3 S: 588 4970
VÖRUBÍLAR-VAGNAR-LYFTARAR-VINNUVÉLAR

## Við óskum eftir í fullt starf:

Faglærðum bifvélavirkja / vélvirkja eða ófaglærðum manni vönum viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Viðkomandi þarf að hafa rafsuðukunnáttu og geta unnið sjálfstætt, vera reglusamur og eiga gott með mannleg samskipti. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2015.**

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 899-6810.
Umsóknir skulu sendar á **mummi@vvehf.is.**

HÓPBÍLAR

## BIFREIÐASTJÓRAR ÓSKAST

**Vegna aukinna verkefna óska Hópbílar eftir að ráða bifreiðastjóra**

| | |
|---|---|
| **Starfshlutfall:** | Fullt starf |
| **Dagsetning ráðningar:** | Sem fyrst |
| **Starfslýsing:** | Leitum að bifreiðastjórum til þess að sjá um ýmsan akstur á höfuðborgarsvæðinu sem utan þess. |
| **Hæfinskröfur:** | Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D). Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð. |

**Áhugasamir hafi samband við:**
Ágúst Haraldsson - gusti@hopbilar.is eða
Pálmar Sigurðsson - palmar@hopbilar.is.
Einnig er hægt að sækja um inn á heimasíðu Hópbíla **www.hopbilar.is** undir liðnum starfsfólk og fylgja þeim leiðbeiningum sem þar koma fram.

**Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um**

NORÐLENSKA

## Kjötiðnaðarmaður

Norðlenska óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann í kjötvinnslu fyrirtækisins á Akureyri. Um er að ræða fjölbreytt starf í vinnslusal, m.a. umsjón með reyk- og suðuklefum, söltun, skinkugerð, afleysing í lögun og fleira sem verkstjóri felur viðkomandi.

**Hæfniskröfur:**

- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni og jákvæðni
- Fagmennska og geta til að vinna undir álagi
- Góð tölvu-, ensku- og íslenskukunnátta

Frekari upplýsingar veitir Eggert H. Sigmundsson vinnslustjóri í síma 840 8858 eða netfang eggerts@nordlenska.is. Áhugasamir geta sent ferilskrá á netfangið jona@nordlenska.is eða fyllt út eyðublað á www.nordlenska.is.

Umsóknarfrestur er til **5. mars 2015**. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Norðlenska er eitt öflugasta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins, með um 180 starfsmenn að jafnaði. Meðal þekktustu vörumerkja fyrirtækisins eru Goði, KEA, Húsavíkur hangikjöt og Bautabúrið. Norðlenska er með virka jafnréttisstefnu og hvetur bæði kyn til þess að sækja um laus störf.

Jafnlaunavottun PwC 2014

sinnum
heimaþjónusta

**Spennandi atvinna í ört vaxandi fyrirtæki**

Vegna vaxandi umsvifa vantar okkur félagsliða og almenna starfsmenn í heimaþjónustu, liðveislu og þrif. Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru góðir í mannlegum samskiptum og hafa ánægju af því að sinna fólki. Viðkomandi þarf að hafa bíl til afnota. Um er að ræða fullt starf eða hlutastarf.

Sótt er um á heimasíðu Sinnum
**www.sinnum.is**
Frekari upplýsingar fást í s. 770 2221

HÓTEL Varmahlíð

## Hótel Varmahlíð í Skagafirði auglýsir eftir matreiðslumanni næsta sumar

**Við leitum að öflugum matreiðslumanni til að stýra eldhúsinu á Hótel Varmahlíð næsta sumar.**

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, séð um innkaup, matseðlagerð og vera lipur í samskiptum.Við leggjum mikinn metnað í matinn hjá okkur, notum hráefni úr héraði, vinnum allt frá grunni og viljum veita gestum okkar einstaka matarupplifun.

**Áhugasamir hafi sambandi við Svanhildi Pálsdóttur hótelstjóra, á netfangið svanhild@hotelvarmahlid.is eða í síma 453 8170.**



## VILT ÞÚ VINNA ÚTI Í SUMAR?

### Nauthóll óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf og hlutastarf

Æskilegt er að umsækjendur geti byrjað í hlutastarfi eða fullu starfi frá 1. apríl nk. eða fyrr. Unnið er á vöktum, 2-2-3 kerfi eða eftir samkomulagi

**Við leitum að framsæknum og brosmildum einstaklingum með ríka þjónustulund**

Aldurstakmark er 20 ára og þarf viðkomandi að vera reyklaus

Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn ásamt ferilskrá á **gudridur@nautholl.is** fyrir 28.febrúar nk.

NAUTHÓLL Bistro

VÖRN ÖRYGGISKERFI

## Vegna mikilla anna hjá VÖRN öryggiskerfum vantar okkur starfsfólk

**Helstu verkefni:**
- Uppsetning á öryggis og myndavélakerfum

**Hæfniskröfur:**
- Vanur uppsetningu á öryggis-og myndavélakerfum. Æskilegt en ekki skilyrði.
- Sjálfstæði, samviskusemi og vönduð vinnubrögð.
- Geta unnið undir álagi og farið í verkefni úti á landi.
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð.

**Umsókn skal skilað á netfangið vorn@vorn.is merkt atvinna ásamt ferilskrá og mynd.**

# ÞAÐ VERÐUR ERFITT AÐ STARA EKKI ÚT UM GLUGGANN Í VINNUNNI

En þrátt fyrir magnað útsýni lofum við því að það verður nóg að gera á stærsta hóteli landsins. Fosshótel Reykjavík opnar í júní og við leitum að starfsfólki á flest svið rekstrarins!



125 STÖRF Í BOÐI

Starfsfólk á tæknisvið | Húsvörður | Matreiðslumeistarar | Matreiðslusveinar | Birgðastjóri | Framreiðslumeistari | Matreiðslunemar Framreiðslusveinar | Morgunverðarþjónar | Starfsfólk í móttöku | Herbergjaþrif | Starfsfólk í eldhús | Þvottahússtjóri | Barþjónar Starfsfólk í þvottahús | Næturstarfsfólk í móttöku | Þjónar

Nánari upplýsingar á www.fosshotel.is/atvinna

PIPAR\TBWA • SÍA

Sími 562 4000 | fosshotel.is/atvinna

FOSSHOTEL REYKJAVÍK

# Starfsmaður í móttöku

Óskum eftir að ráða jákvæðan og glaðlyndan einstakling í móttöku ÁTVR að Stuðlahálsi 2

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Upplýsingagjöf og þjónusta
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Framkoma sem einkennist af ríkri þjónustulund og jákvæðni
- Góð hæfni í samskiptum
- Nákvæmni í vinnubrögðum, stundvísi og samviskusemi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli
- Góð almenn tölvukunnátta

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Um hlutastarf er að ræða og er vinnutími mánudaga til föstudaga 12.30-17.00.
Viðkomandi einstaklingur verður að geta unnið allan daginn í afleysingum.
**Starfshlutfall er 64%.**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir, gudrun@vinbudin.is – 560 7700

ÁTVR rekur 49 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

VÍNBÚÐIN



# Ert þú stjórnandi?

Vegna aukinna umsvifa leitar Krónan að fleiri góðum stjórnendum í hóp öflugra verslunarstjóra

**Starfslýsing**
- Innkaup og sala
- Stjórnun starfsfólks í versluninni
- Ábyrgð á ráðningum og tímaskráningum
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum
- Ábyrgð og eftirlit með birgðum og rýrnun
- Ábyrgð á útliti verslunar
- Umsjón og framkvæmd vikutilboða
- Samskipti við birgja
- Samþykkt reikninga
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun í viðskiptafræði eða verslunarstjórnun er kostur
- Reynsla af matvörumarkaði er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

**Sótt er um starfið á www.kronan.is**
**Umsóknarfrestur er til 1. mars**

Krónan er matvörukeðja í sókn sem rekur 13 lágvöruverðsverslanir og stefnir á að opna þrjár nýjar verslanir á höfuðborgarsvæðinu á næstu mánuðum. Markmið Krónunnar hefur frá upphafi verið að veita virka samkeppni í verði og vöruúrvali auk þess að leggja áherslu á ferskleika í kjöti, ávöxtum og grænmeti. Krónan er í eigu Kaupás, sem rekur 23 matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Nóatúns og Kjarval.

KRÓNAN



## SKIPSTJÓRI ÓSKAST

Skipstjóra vantar á farþegaferjuna Gísla í Papey sem siglir daglega frá Djúpavogi til Papeyjar frá 1. júní - 31 ágúst. Viðkomandi þarf að hafa amk. 65BT og vélav: (<24M<750KW)

**Upplýsingar í síma: 4788119**

## Sveitarfélagið Ölfus auglýsir laus störf

## Garðyrkjustjóri

Sveitarfélagið Ölfus leitar eftir garðyrkjustjóra í fullt starf í spennandi verkefni í víðfeðmu sveitarfélagi. Leitað er að garðyrkjufræðingi af skrúðgarðyrkjubraut með reynslu og þekkingu í verkstjórn. Æskilegt er að viðkomandi hafi haldgóða reynslu og færni í hellulögn og hafi próf á stórar vinnuvélar.

**Starfssviðið er margþætt, m.a.:**
- Umsjón með Skrúðgarðinum í Þorlákshöfn.
- Umsjón með vinnuflokkum vinnuskólans og þau verkefni sem honum tengjast.
- Umsjón með málaflokknum umhverfismál.

Undir umhverfismál er m.a. umsjón með sorpi og gáma- og móttökusvæði fyrir sorp. Einnig losun rotþróa og meðferð á seyru til notkunar við landgræðslu. Samvinna við íbúa og fyrirtæki varðandi flokkun úrgangs og nýtingu úrgangs til uppgræðslu. Viðkomandi starfar einnig með fjallskilanefnd og hefur umsjón með refa- og minkaeyðingu.
Starfsmaðurinn er tengiliður sveitarfélagsins við Golfklúbb Þorlákshafnar og Landgræðslu ríkisins.
Önnur umhverfismál, s.s. uppgræðsla, skógrækt, endurbætur og lagfæringar á gönguleiðum og reiðleiðum sem bæjarfélaginu viðkemur og verkefnum þar sem bæjarfélagið tekur þátt í lagfæringum á ferðamannastöðum.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS.
Garðyrkjustjóri heyrir undir skipulags-, byggingar og umhverfissvið, undirmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Óskað er eftir að starfsmaður geti hafið störf 1. apríl 2015.

**Umsóknarfrestur er til 7. mars 2015.**
Umsóknir berist til Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir skipulags- og byggingarfulltrúi; s. 480-3800 eða sigurdur@olfus.is

## Pípulagningarmaður

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir laust til umsóknar heilsársstarf fyrir lærðan pípulagningarmann hjá Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins. Í starfinu felast m.a. viðhaldsverkefni fyrir stofnanir sveitarfélagsins sem snúa að pípulögnum en einnig tilfallandi störf í Þjónustumiðstöðinni.
Leitað er að jákvæðum einstaklingi, sjálfstæðum í vinnubrögðum með góða skipulagshæfileika.
Æskilegt er að starfsmaðurinn hafi próf á stórar vinnuvélar og meirapróf.
Laun eru samkvæmt launataxta Sambands ísl. sveitarfélaga og Samiðnar.
Pípulagningarmaður heyrir undir verkstjóra Þjónustumiðstöðvar.

Óskað er eftir að starfsmaður geti hafið störf 1. apríl 2015.

**Umsóknarfrestur er til 7. mars 2015.**
Umsóknir berist til Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir verkstjóri Þjónustumiðstöðvarinnar; s. 483-3803 / 862-0920 eða ossur@olfus.is

*„Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áherslu á góðan starfsanda í vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er."*

## ALHLIÐA PÍPULAGNIR SF

Okkur vantar vana pípulagnamenn í vinnu. Helst menn á miðjum aldri með reynslu í nýlögnum. Unnið í mælingu.

Umsóknir sendar í rafpósti pipulagnir@alhlida.is
Upplýsingar í síma 566 7001 á skrifstofutíma

# LAGERMAÐUR

*Við hjá Nordic Store viljum ráða lagermann til starfa sem fyrst.*

Verkefni eru fjölbreytt, m.a. umsjón með lager, pökkun fyrir net og heildsölu. Við leitum að drífandi og skipulögðum starfsmanni með góða enskukunnáttu sem getur unnið sjálfstætt og leyst þau verkefni sem honum eru falin fljótt og vel.

*Umsóknir sendist á bjarni@nordicstore.com*

NORDIC STORE
www.nordicstore.net



## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Velferðarsvið**
- Starfsmaður á hæfingarstöð fyrir fatlaða

**Stjórnsýslusvið**
- Starfsmaður í ræstingu 50% starf

**Menntasvið**
- Kennsluráðgjafi í upplýsingatækni

**Skólar**
- Forstöðumaður í dægradvöl í Lindaskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Lindaskóla

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Deildarstjóri í leikskólann Sólhvörf
- Sérkennari/Þroskaþjálfi í leikskólann Grænatún
- Leikskólakennari í leikskólann Urðarhól

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

## HS Veitur hf leita að öflugum liðsmönnum á aðalskrifstofu fyrirtækisins í Reykjanesbæ

### Innkaupastjóri - fjármál

**Starfssvið**
Hefur yfirumsjón með innkaupa- og birgðamálum fyrirtækisins. Starfar með forstjóra við fjölbreytt verkefni á fjármálasviði og við margvísleg rekstrarverkefni.

**Hæfniskröfur**
- Viðskiptamenntun eða háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Samskiptahæfni og frumkvæði. Starfið krefst mikilla samskipta við fólk, bæði innan og utan fyrirtækisins.
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson forstjóri í síma 422 5200.

### Þjónustustjóri

**Starfssvið**
Ber ábyrgð og yfirumsjón á þjónustuborði og þeim verkferlum sem þar eru í gildi. Vinnur markvisst með yfirmönnum að umbótum í þjónustu. Leysir flóknari verkbeiðnir, útreikninga og leiðréttingar ásamt því að sinna almennri þjónustu við viðskiptavini.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla og/eða menntun sem gæti nýst í starfi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Samskiptahæfni, skipulagsfærni og frumkvæði.
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Eva Jónsdóttir deildarstjóri þjónustu í síma 422 5200.

Umsækjendur sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins **www.hsveitur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2015.**

HS Veitur hf voru stofnaðar 1. desember 2008 þegar Hitaveitu Suðurnesja hf. var skipt í HS Veitur hf og HS Orku hf.
HS Veitur hf annast raforkudreifingu á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, í hluta Garðabæjar, í Vestmannaeyjum og í Árborg.
HS Veitur hf annast hitaveiturekstur á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Annast vatnsveiturekstur í Vestmannaeyjum og að stórum hluta á Suðurnesjum .
Starfsstöðvar HS Veitna hf eru fjórar, í Reykjanesbæ, í Hafnarfirði, í Vestmannaeyjum og í Árborg.
Hjá HS Veitum hf starfa nú 84 starfsmenn en auk þess eru ákveðnir starfsþættir, m.a. á fjármálasviði, keyptir af HS Orku hf.
Frekari upplýsingar um fyrirtækið er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.hsveitur.is

HS VEITUR HF
www.hsveitur.is

talenta.

## Vilt þú starfa á ört vaxandi vinnustað?

### Talenta leitar að reyndum sérfræðingum á sviði SAP ráðgjafar til að mæta auknum verkefnum

**Starfslýsing:**
- Ráðgjöf og þjónusta við SAP hugbúnað
- Innleiðing/betrumbætur á SAP lausnum
- Virk þátttaka í stefnumótun félagsins
- Virk þátttaka í þróun á vöruframboði félagsins

**Við leitum að einstaklingum sem:**
- Hafa mikla reynslu og/eða brennandi áhuga á viðskiptalausnum
- Hafa góða þekkingu á SAP eða sambærilegum viðskiptalausnum
- Taka krefjandi verkefnum með brosi á vör
- Finnst fátt betra en að vinna í hóp að lausn krefjandi verkefna
- Hafa tileinkað sér ögða vinnubrögð og hafa uppbyggilegar skoðanir á skipulagi

**Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk.**
Sótt er um á talenta.is. Fyrirspurnum skal beint til Brynhildar Halldórsdóttur á netfangið brynhildur@siminn.is.

**Um Talenta:**
Talenta er ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu og rekstri á SAP lausnum. Hjá félaginu starfa 12 manns í dag en samstarfsaðilar eru alþjóðlegir og virkir í okkar daglegu verkefnavinnu. Við leggjum mikið upp úr gildum okkar og með þau að leiðarljósi tryggjum við að hagsmunir viðskiptavina og starfsmanna falli hvað best saman. Við mætum krefjandi verkefnum með bros á vör og töpum aldrei gleðinni.
Gildin okkar eru: **Leikgleði** – **Lipurð** – **Heilindi** – **Nánd**.

Ármúli 25 · 108 Reykjavík · Ísland

# SÖLUMENN

**ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA SÖLUMANN Í FULLT STARF OG SÖLUMANN Í HLUTASTARF**

**Leitum að kraftmiklum sölumönnum** bæði í fullt starf og hlutastarf. Viðkomandi þurfa að hafa mikinn áhuga á raftækjum og vera 22 ára eða eldri. Heiðarleiki, góð tölvukunnátta og rík þjónustulund skilyrði.

**Sjónvarpsmiðstöðin** er ein rótgrónasta raftækjaverslun landsins þar sem mikið er lagt upp úr góðri og persónulegri þjónustu.

Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á **www.sm.is** – smellið á „Upplýsingar".

Alltaf gæði og gód kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

---

# Spennandi starf í heildsölu
## með frábæru teymi

**Vegna aukinna umsvifa leitar Reykjavík Warehouse heildsala nú eftir að bæta við starfsfólki í sölu og þjónustustörf.**

**Menntun í háriðn- og eða reynsla af heildsölustörfum æskileg.**

**Reynsla af sölustörfum skilyrði.**

**Trúnaði heitið.**

**Óskum einnig eftir förðunarfræðing til starfa hjá okkur.**

Umsóknir ásamt ferilskrá berist fyrir 5. mars á info@reykjavikwarehouse.is

REYKJAVIK WAREHOUSE
SINCE 2011

Heildsalan rw er umboðsaðilli Eleven Austrailia, Silk Oil Of Morocco, Chill UK, Mica Beauty, Jucie Beauty, Aria Beauty, Kalahari Lifestyle og Magnatic Lash.

---

# LÖGFRÆÐINGUR Í RANNSÓKNUM

▶ **Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið leitar að öflugum lögfræðingi til starfa við samtímarannsóknir**

Laust er starf lögfræðings við rannsóknir á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði Fjármálaeftirlitsins. Sviðið annast vettvangsathuganir, verðbréfamarkaðseftirlit og samtímarannsóknir þvert á þá markaði sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Rannsóknarteymi sviðsins sinnir frumrannsóknum á meintum brotum á lögum um fjármálafyrirtæki, verðbréfaviðskipti og vátryggingastarfsemi. Einnig sinnir teymið rannsóknum á háttsemi á markaði sem bendir til misferlis.

## Starfssvið

- Rannsóknir er varða meint brot á lögum um eftirlitsskylda starfsemi, einkum á verðbréfa- og fjármálamarkaði
- Greining, eftirfylgni og umsjón með afdrifum mála sem send hafa verið embætti sérstaks saksóknara
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Starfsreynsla, einkum á sviði rannsókna
- Viðeigandi reynsla af störfum tengdum fjármálamarkaði er æskileg
- Rík greiningarhæfni og færni til að tjá sig í ræðu og riti er nauðsynleg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Frekari upplýsingar veita Jónas Gauti Friðþjófsson, forstöðumaður rannsókna á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði (jonasg@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

---

## Fjölbreytt og skemmtilegt hlutastarf

Starfið felst í aðstoð við hreyfihamlaðan útivinnandi einstakling á heimili hans. Aðstoða þarf við athafnir daglegs lífs, þrif, innkaup, heimilisbókhald, vinnuferðir o.fl. Um er að ræða óreglulegan vinnutíma á morgnana og kvöldin eða eftir samkomulagi. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bílpróf. Vinnan byggir á hugmyndafræði NPA (notendastýrðri persónulegri aðstoð).
**Upplýsingar veitir Haraldur í síma 896 7887.**

---

HÚÐLÆKNASTÖÐIN **óskar eftir sjúkraliða**

Sjúkraliði óskast til starfa á Húðlæknastöðin ehf. Starfshlutfall er 60% og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Starfið er fjölbreytt og krefst sjálfstæðra vinnubragða. Leitað er eftir röskum einstaklingi sem getur unnið undir álagi ef svo ber undir.
Tekið er á móti umsóknum á netfanginu johanna@hls.is eða bréflega til Húðlæknastöðvarinnar merkt **"starfsmannastjóri"**.

---

HEILSUGÆSLAN

# Heilsugæslulæknir við Heilsugæsluna Hlíðum

## Heilsugæslulæknir

Laust er til umsóknar ótímabundið starf heilsugæslulæknis við Heilsugæsluna Hlíðum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt barnalækni, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Heilsugæslan Hlíðum er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að veita íbúum almenna læknis- og hjúkrunarþjónustu. Svæðið takmarkast af Snorrabraut og Kringlumýrarbraut og sjóa á milli. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Starfssvið heilsugæslulæknis er æði víðtækt og felst m.a. í almennum lækningum, heilsuvernd, vaktþjónustu og kennslu nema. Hann veitir fræðslu og upplýsingar og leiðbeinir skjólstæðingum og aðstandendum. Heilsugæslulæknir er ennfremur virkur þátttakandi í þróun sinnar faggreinar innan starfsstöðvar.

**Hæfnikröfur**
Þess er krafist að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum, að þeir búi yfir mikilli skipulagshæfni, séu sjálfstæðir í starfi og viðhafi öguð vinnubrögð. Mikil hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði og reynsla af teymisvinnu er æskileg.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.
Umsókn getur gilt í 6 mánuði.
Starfshlutfall er 100%
Umsóknarfrestur er til og með 09.03.2015

**Nánari upplýsingar veitir**
Stefán Finnsson – stefan.finnsson @heilsugaeslan.is – 585-2300

*HH Hlíðar*
*Drápuhlíð 14-16*
*105 Reykjavík*

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun**

## Viltu stjórna merku uppbyggingar-starfi í ferðaþjónustu?

**Húsabakki ehf. óskar að ráða framkvæmdastjóra til starfa.**

**Starfssvið: Öll störf er lúta að daglegum rekstri ferðaþjónustunnar að Húsabakka**

Leitað er að duglegum og kraftmiklum starfsmanni sem er fær um að stjórna uppbyggingu Húsabakka ehf. og hefur gaman af mannlegum samskiptum, viðkomandi þarf að hafa til að bera ríkulega þjónustulund, frumkvæði og útsjónarsemi.

**Allar nánari uppl. veitir Arnar Guðmundsson s. 773-5100 eða arnar@fastak.is**

Starfsmanna Miðlun

- Ert þú að leita að spennandi vinnu í skemmtilegu vinnuumhverfi?
- Ert þú tilbúinn að læra nýja hluti og með opinn huga?
- Ef svo er viljum við endilega heyra frá þér.

**Sm Starfsmannamiðlun leitar nú eftir starfsmönnum, um er að ræða fullt starf, hlutastörf, tímavinnu sem og sumarafleysingar.**

Sm Starfsmannamiðlun er fyrirtæki sem aðstoðar fatlaða og langveika sem búa í heimahúsum. Við veitum aðstoð með hugmyndafræðina um sjálfstætt líf að leiðarljósi.

Frekari upplýsingar veitir Ásta Hrönn Ingvarsdóttir
asta@starfsmannamidlun.is /8203355
www.starfsmannamidlun.is

## SÖLUMAÐUR
- með áherslu á matvælaiðnað

Ölgerðin óskar eftir öflugum sölumanni á fyrirtækjasvið með áherslu á sölu í matvælaiðnaði.

Fyrirtækjasvið Ölgerðarinnar þjónustar m.a. bakarí, kjötvinnslur og annan matvælaiðnað með hráefni og umbúðir.

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Viðhalda viðskiptasamböndum og öflun nýrra á markaði
- Vöruþróun
- Samskipti við birgja

### HÆFNISKRÖFUR:

- Sveinspróf í bakaraiðn, matreiðslu, kjötiðn eða sambærilegt er skilyrði
- Reynsla af sölustörfum er skilyrði
- Reynsla og þekking á matvælamarkaði
- Góð almenn tölvukunnátta og góð enskukunnátta eru skilyrði, dönskukunnátta er kostur
- Framúrskarandi þjónustulund, áreiðanleiki, samviskusemi og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar nk.
Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið julius.steinn.kristjansson@olgerdin.is, merkt „Sölumaður á fyrirtækjasviði".

## DREIFINGARSTJÓRI

Ölgerðin leitar eftir öflugum leiðtoga til að stýra daglegri vörudreifingu fyrirtækisins á vörustjórnunarsviði.

Ölgerðin rekur eigið 15 bíla dreifikerfi ásamt úthýstum leiðum. Dreifingarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og þróun á dreifikerfi fyrirtækisins.

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:

- Ábyrgð á daglegri stjórnun vörudreifingar
- Stjórnun mannauðs
- Vinna að stöðugum umbótum

### HÆFNISKRÖFUR:

- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Þekking og reynsla af stjórnun vörudreifingar
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður
- Framúrskarandi þjónustulund, lipurð í samskiptum, samviskusemi og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar nk.
Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið julius.steinn.kristjansson@olgerdin.is, merkt „Dreifingarstjóri".

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

**Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.**

Lagardère
TRAVEL RETAIL

## Vilt þú vinna í alþjóðlegu umhverfi?
### Spennandi sumar- og framtíðarstörf á kaffihúsi og bar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Lagardère Travel Retail ehf. er íslenskt fyrirtæki sem mun sjá um rekstur veitingastaða og sælkeraverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Markmið fyrirtækisins er að bjóða framúrskarandi þjónustu í lifandi og alþjóðlegu starfsumhverfi.

Við opnum 1. mars 2015 og leitum nú að hæfileikaríku fólki í krefjandi og fjölbreytt þjónustustörf á einum besta flugvelli heims.

### Störf á kaffihúsi
- Kaffibarþjónar með brennandi áhuga á kaffi og kaffidrykkjum
- Skemmtilegt starfsfólk í sal
- Eljusamt starfsfólk í frágang og uppvask

### Störf á veitingahúsi
- Áhugasamir einstaklingar til aðstoðar í eldhúsi
- Þjónastörf í sal
- Þjónustustörf af ýmsu tagi

### Störf á bar
- Barþjónar með sérstakan áhuga á ljúffengum drykkjum

Um vaktavinnu er að ræða en hlutastörf koma til greina. Vaktir geta verið morgunvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir.
Bæði er óskað eftir framtíðarstarfsfólki og þeim sem vilja vinna sumarstörf.

**Umsóknir er hægt að fylla út og senda inn á www.ltr.is**

# EFLA verkfræðistofa óskar eftir starfsmanni á umhverfissvið

Óskað er eftir starfsmanni á umhverfissvið EFLU til starfa við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætlana. Aðsetur starfsmanns verður á skrifstofu EFLU í Reykjavík. Um framtíðarstarf er að ræða.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 240 samhentra starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- M.Sc. gráða á sviði náttúruvísinda eða annarra raunvísinda og sérþekking á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana er nauðsynleg.
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla á sviði mats á umhverfis-áhrifum framkvæmda og áætlana.
- Reynsla í verkefnisstjórnun skilyrði.
- Þekking á landfræðilegum upplýsingakerfum mikilvæg.
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar og góð færni í textagerð.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is, fyrir 4. mars næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Árnason, fagstjóri, olafur.arnason@efla.is og Ingunn Ólafsdóttir, mannauðsstjóri, ingunn.olafsdottir@efla.is.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • PÓLLAND • TYRKLAND

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



# Akademísk staða á byggingarsviði

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík auglýsir eftir akademískum starfsmanni á byggingarsvið.
Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu og lifandi háskólaumhverfi.

Viðkomandi starfsmaður mun fá tækifæri til að sýna frumkvæði og hafa áhrif á eflingu og þróun byggingarsviðs HR og byggingartæknifræðináms á Íslandi.

## Starfssvið

- Kennsla í tæknifræði- og byggingafræðinámi í HR.
- Stefnumótun og skipulag náms.
- Samskipti við framhaldsskóla og atvinnulíf.
- Þátttaka í kynningarstarfi.

## Hæfniskröfur

- Reynsla af hefðbundnum tækni- eða verkfræðistörfum.
- Reynsla af kennslu og metnaður á því sviði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Reynsla af stjórnun framkvæmda er kostur.
- Iðnmenntun eða starfsreynsla við byggingaframkvæmdir er kostur.
- Að lágmarki MSc-gráða í verkfræði. Doktorsgráða og rannsóknareynsla er kostur.

## Umsóknarfrestur er til 15. mars 2015.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar, (**gudrunsa@ru.is**) og Sigrún Þorgeirsdóttir, skrifstofustjóri deildarinnar, (**sigrunth@ru.is**).

Umsókn ásamt starfsferilskrá, afriti af viðeigandi prófskírteinum, yfirliti yfir starfsferil og reynslu af kennslu, afritum af helsta birta efni og meðmælum, skal skilað á vef háskólans **www.hr.is/lausstorf** fyrir 15. mars 2015. Fylgigögn og almennar fyrirspurnir má senda á netfangið **mannaudur@ru.is**. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir skólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur háskólans eru um 3500 og starfa um 230 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

**Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is**

# ARKITEKT

**THG arkitektar ehf.** leitar eftir arkitekt til almennra arkitektastarfa á sviði húsa- og skipulagsgerðar. Viðkomandi þarf að hafa nokkurra ára starfsreynslu á ofangreindu sviði.
Verkefni fyrirtækisins eru fjölbreytt hönnunar- og ráðgjafastörf fyrir einstaklinga, fasteignafélög, sjálfseignarstofnanir og opinbera aðila.

Æskilegt er að umsækjendur séu hugmyndaríkir, hafi frumkvæði og metnað til að takast á við krefjandi verkefni, einir eða í samvinnu við aðra. Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á öllum helstu hönnunarforritum, þar með talið Revit.

Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum.
Umsóknir verður farið með sem trúnaðarmál.
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.
Öllum fyrirspurnum verður svarað.

*Vinsamlegast sendið umsóknir til ella@thg.is fyrir 2.mars.*

*www.thg.is*

THG ARKITEKTAR

# AMNESTY INTERNATIONAL

## auglýsir stöðu fjáröflunarstjóra í 100% starfshlutfall

**Skrifstofan er staðsett í Reykjavík.**
Amnesty International er alþjóðleg hreyfing fólks sem berst fyrir því að alþjóðlega viðurkennd mannréttindi séu virt og að allir njóti verndar þeirra. **www.amnesty.is**.

**Verk- og ábyrgðarsvið:**

- Skipulag og yfirumsjón með fjáröflunarleiðum samtakanna
- Utanumhald á götukynningum og úthringiverkefnum
- Vinnsla á prentefni tengt fjáröflun
- Gerð fjárhagsáætlunar fjáröflunarstarfsins
- Skýrslugerð
- Þýðingar og textagerð
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Mikil skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Þekking og reynsla af greiningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Hugmyndaauðgi og framsýni
- Áhugi á mannréttindamálum

**Við bjóðum**

- Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi
- Sveigjanlegt, skapandi og ábyrgðarfullt starf
- Starf, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín
- Möguleika á að vinna í alþjóðlegu samstarfi
- Tækifæri á að vinna að framgangi mannréttinda í heiminum.

Umsóknir skal senda á **al@amnesty.is**.
**Umsóknarfrestur er til 8. mars 2015.**
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Upplýsingar um starfið veitir Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri í gegnum tölvupóst **al@amnesty.is**.

## Starfsmaður óskast

í sendla og lagerstarf á bifreiðaverkstæði.
Viðkomandi þarf að vera skipulagður
með góða enskukunáttu.

**Starfslýsing:**
**Sendlaferðir - Halda utan um lager - Símsvörun - Smáviðgerðir**

**Umsóknir og upplýsingar hjá bfo@bfo.is**

## SÖLUMAÐUR FYRIR VOLVO LÚXUSBÍLA

**Vegna aukinnar eftirspurnar leitum við að sölumanni/ráðgjafa í söludeild Volvo lúxusbíla hjá Brimborg.**

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*
*Umsóknarfrestur er til 2. mars 2015.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

FISKISTOFA
Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

*Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.*

***Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing***

# Framtíðarstörf í upplýsingatækni hjá Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun

## Verkefnastjóri (Scrum Master) í forritunarteymi hugbúnaðardeildar

**Leitað er að verkefnastjóra (Scrum Master) og forritara í deild sem sinnir hugbúnaðarþróun fyrir Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun.**

**Helstu verkefni:**
- Dagleg verkstjórn samkvæmt Scrum aðferðafræði
- Utanumhald um verkefni hugbúnaðardeildar og forgreining þeirra
- Forritun gagnagrunnslausna í ORACLE, Java og á vef
- Önnur verkefni s.s. þátttaka í hönnun, prófun og gangsetningu kerfa sem eru í smíði á hugbúnaðardeild

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða skyldum greinum
- Árangursrík reynsla af verkefnastjórn
- Árangursrík forritunarreynsla
- Mikill áhugi á forritun og ástundun faglegra vinnubragða við úrlausn verkefna
- Vilji til að ná árangri í starfi og í teymisvinnu
- Góð þekking á gagnagrunnsforritun og högun gagnagrunnslausna og áhugi á því sviði

## Sérfræðingur í greiningum

**Leitað er að sérfræðingi til að sinna forgreiningu og úttektum á hugbúnaðarverkefnum fyrir Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun.**

**Helstu verkefni:**
- Þarfagreining, umfangsmat og skilgreining upplýsingatækniverkefna
- Prófanir og staðfesting verkloka í samræmi við samninga og/eða kröfulýsingar
- Samskipti við notendur og viðeigandi aðila
- Beiting staðla og faglegra aðferða við úrlausn verkefna
- Önnur verkefni

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum
- Árangursríkir greiningahæfileikar
- Reynsla og áhugi á því að nota staðla og viðkenndar aðferðir við úrlausn verkefna
- Vilji til að ná árangri í starfi og áhugi á að setja sig inn í fjölbreytileg viðfangsefni
- Fagleg og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og sjálfstæði eru jafnframt nauðsynlegir eiginleikar

## Forritari á hugbúnaðardeild

**Leitað er að forritara til að sinna hugbúnaðarþróun fyrir Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun.**

**Helstu verkefni:**
- Forritun gagnagrunnslausna í ORACLE, Java og á vef
- Þátttaka í Scrum teymi
- Þarfagreining, hönnun, forritun, prófun og gangsetning kerfa sem eru í smíði á hugbúnaðardeild
- Önnur verkefni

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði eða skyldum greinum
- Árangursrík reynsla af forritun
- Vilji til að vaxa og ná árangri sem forritari
- Traust og vönduð vinnubrögð

Reynsla af forritun gagnagrunnskerfa er æskileg en ekki skilyrði.

## Gagnasafnsstjóri á kerfisdeild

**Leitað er að gagnasafnsstjóra (DBA) fyrir Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun.**

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og rekstur ORACLE gagnasafnskerfa
- Aðkoma að hönnun gagnasafna og skipulagningu s.s. hröðun
- Þátttaka í nýsköpun, prófunum og innleiðingu á nýrri tækni
- Staðgengill deildarstjóra kerfisdeildar

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði eða skyldum greinum
- Þekking, áhugi og reynsla af gagnasafnsfræði
- Reynsla að vinna með SQL grunna (s.s. ORACLE)
- Árangursrík reynsla í upplýsingatækni
- Skipulagshæfni og nákvæmni
- Frumkvæði, góðir samstarfshæfileikar og geta til að miðla þekkingu og starfa í hópi

Hugbúnaðardeild og kerfisdeild tilheyra Rekstrarsviði og sinna m.a. upplýsingatæknimálum Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar. Deildirnar eru og verða með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu en til greina getur komið að ráða forritara á starfsstöðvar Fiskistofu á landsbyggðinni.

Verkefni hugbúnaðardeildar felast í þróun á ýmsum upplýsingakerfum er varða sjávarútveg, s.s. móttöku og vörslu gagna um sjávarútveg, fiskveiðistjórnun, auk kerfa til eftirlits og rannsókna. Hugbúnaðardeild forritar í ORACLE, vef og Java og notar Jira og RT verkbeiðnakerfið til að taka á móti og halda utan um verkefni sín. Deildin notar Scrum aðferðafræði.
Kerfisdeild sinnir kerfisrekstri og er vélarsalur og önnur starfsstöð deildarinnar á Skúlagötu 4. Deildin sinnir jafnframt þjónustu við starfsmenn og starfsstöðvar á landsbyggðinni.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Elín Kristjana Sighvatsdóttir sviðstjóri Rekstrarsviðs (elin@fiskistofa.is). Umsóknir sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar viðkomandi starfi þ.e. **„Verkefnastjóri (Scrum Master)“**, **„Sérfræðingur í greiningum“**, **„Forritari“** eða **„Gagnasafnsstjóri“.**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.**

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.
Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

# HÓTELSTJÓRI

KEAHÓTEL

**Keahótel ehf óska eftir að ráða hótelstjóra fyrir Hótel Borg og Apotek Hotel**

HÓTEL BORG

APOTEK HOTEL

### Helstu verkefni hótelstjóra eru:

- Yfirumsjón með daglegum rekstri hótelanna
- Starfsmannahald
- Markaðs- og sölumál

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla í hótelstjórnun
- Reynsla af stjórnun, rekstri og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af markaðsmálum
- Sjálfstæð vinnubrögð og rík þjónustulund
- Samskipta- og samvinnuhæfni
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 1. apríl nk.

Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsumsokn@keahotels.is merktar „hótelstjóri“ fyrir 7. mars.
Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá með mynd og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Keahótel reka nú 3 hótel í Reykjavík: Hótel Borg, Apotek Hotel og Reykjavik Lights en fjórða hótelið, Skuggi Hotel, opnar í sumar.
Á Akureyri eru Keahótelin tvö, Hótel Kea og Hótel Norðurland og við Mývatn rekur fyrirtækið Hótel Gíg.

Hjá Keahótelum starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Keahótel ehf. | Hafnarstræti 87-89 | 600 Akureyri | s: 460-2050 | keahotels.is | hotelborg.is

# Sölu- og markaðsstjóri hjá vaxandi heilsufyrirtæki / Balsam ehf.

BALSAM ehf

Balsam óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra í fullt starf. Við leitum að skemmtilegum, duglegum og sjálfstæðan einstakling til að sjá um sölu- og markaðsstarf.

Balsam er vaxandi heilsufyrirtæki sem sérhæfir sig í að hjálpa fólki að líða betur í líkama og sál með náttúrulegum vörum. Við bjóðum aðeins 100% náttúruleg bætiefni sem eru sérstaklega hönnuð til að styðja að hreysti og góðri heilsu með hágæða næringu. Bætiefnin innihalda aðeins vönduð, vottuð og næringarrík innihaldsefni sem er að finna í leyndardómum náttúrunnar.

**Menntun**

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Mastersgráða er kostur

**Starfslýsing**

- Samningaviðræður við söluaðila
- Ná inn nýjum viðskiptavinum
- Leit að nýjum vörum
- Dagleg samskipti við söluðila
- Viðhald á vörum á sölustöðum
- Markaðstarf
- Reynsla af auglýsingagerð er kostur

Vinsamlegast senda umsóknir fyrir 10 mars á *georg@balsam.is*

**Nánari upplýsingar:**
Georg Heiðar Ómarsson *georg@balsam.is / omar@balsam.is*
*www.balsam.is* Balsam ehf. Suðurlandsbraut 8 108 Rvk




# Viltu vera ON í sumar?

Laus eru til umsóknar eftirfarandi sumarstörf hjá Orku náttúrunnar:

- Landgræðsla við Hellisheiðarvirkjun
- Sérverkefni fyrir háskólanema á viðskipta- og tæknisviðum

Við val á starfsmönnum er tekið mið af hæfni, reynslu og umsögnum frá vinnuskólum eða fyrri vinnuveitendum.
Til að sækja um sumarstarf þarft þú að vera fædd(ur) 1998 eða fyrr.

Hjá ON er jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheild, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum. Við hvetjum jafnt stúlkur og pilta til að sækja um störfin.

**Við erum öll tengd við náttúruna**
Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

**Umsóknarfrestur**
9. mars 2015

**Sótt er um á www.on.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

## Starfsmaður í olíubirgðastöð

### Olíudreifing leitar að handlögnum einstakling til vaktavinnustarfa í olíustöðinni í Örfirisey

Olíustöðin í Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Í birgðastöðinni er unnið á vöktum og felst vinnan í vöktun birgðastöðvar, losun og lestun olíuskipa, afgreiðslu eldsneytis til skipa og gæslu dælubúnaðar og skilvinda.

**Nánari upplýsingar veitir Helgi Árnason í síma 550 9938.**

**Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 3. mars.**

Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf.
má nálgast á www.oliudreifing.is

N4

# Atvinna

Vegna aukinna umsvifa óskar N4 eftir að ráða til sín öflugan sölumann.
Leitað er eftir aðila sem hefur brennandi áhuga á því að ná árangri.

VERKSVIÐ SÖLUMANNS ER M.A.:

- Sala til nýrra og núverandi viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptatengsla og viðskiptaleiða
- Þjónusta við viðskiptavini
- Verkefnaþróun

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla í sölumennsku
- Mikil þjónustulund & almenn gleði
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður, samviskusemi og nákvæmni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsækendur eru beðnir um að senda ferilskrá með mynd.
Nánari upplýsingar og umsóknir berast á netfangið kiddi@n4.is fyrir 5. mars.



# ERTU ON?

## Okkur vantar sérfræðing í hópinn

Orka náttúrunnar er annað stærsta orkufyrirtæki landsins. Fyrirtækið byggir á mikilli þekkingu og reynslu að orkuvinnslu. Leiðarljós okkar er að bjóða rafmagn á samkeppnishæfu verði til allra landsmanna.

### Sérfræðingur í orkumiðlun

Orka náttúrunnar óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing í fjölbreytt og krefjandi starf við orkumiðlun. Leitað er að einstaklingi sem hefur góða greiningarhæfni, er talnaglöggur, nákvæmur og skipulagður í störfum sínum.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Meistaragráða á sviði verkfræði eða viðskiptafræði
- Framúrskarandi þekking á Excel skilyrði
- Góð almenn tölvufærni nauðsynleg
- Þekking og reynsla á raforkumarkaði kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Kaup og sala á raforku til stórnotenda
- Rekstur og uppgjör stóriðjusamninga
- Gerð keyrsluáætlana fyrir virkjanir fyrirtækisins
- Ýmis greiningarvinna
- Viðskiptaþróun og greining viðskiptatækifæra

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um á ráðningarvef Orku náttúrunnar, https://starf.or.is/on/. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir, mannauðsfræðingur, á starf@on.is. Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2015.

Hjá ON er jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheild, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um starfið.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

## Fasteignasali – sölumaður

Við leitum að sölumanni til starfa á fasteignasölu. Eingöngu löggiltir fasteignasalar eða vanir sölumenn koma til greina.

Mjög góð árangurstengd laun í boði fyrir réttan mann. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Vinsamlegast sendið upplýsingar á 1einargh@gmail.com

## Rekstrarstjóri

Flugþjónustan ehf og KFS ehf óska eftir að ráða rekstrarstjóra á Reykjavíkurflugvelli annars vegar og Keflavíkurflugvelli hins vegar. Starfið felst í að hafa umsjón með daglegum rekstri, afgreiðslu flugvéla, umsjón starfsmannamála og fleira.

Unnið er samkvæmt vaktakerfi og gert er ráð fyrir að störf hefjist 1. apríl. Reynsla af flugi er kostur en ekki skilyrði. Hreint sakavottorð er skilyrði. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á alma@birk.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 1.mars 2015.**



# Sumarstörf
## hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Þeir sem hafa unnið hjá fyrirtækinu áður og staðið sig vel hafa forgang um vinnu. Við val á nýjum starfsmönnum er tekið mið af hæfni, reynslu og umsögnum frá vinnuskólum eða fyrri vinnuveitendum.

**Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.**

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu árin 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir eftir starfsfólki í sumarstörf. Í boði eru fjölbreytt störf sem henta báðum kynjum. Umsækjendur skulu vera fæddir 1998 eða fyrr.

### Meðal sumarstarfa má nefna:

- Garðyrkja og flokksstjórn garðyrkju
- Matreiðsla og afleysingar í matstofu
- Afleysingar í ræstingu
- Verkstjórn við umhirðu lóða
- Afleysingar í þjónustuveri
- Afleysingar við innkaup, bókhald og upplýsingatækni

Háskólanemar geta einnig sótt um sumarstörf hjá Orkuveitunni. Fyrirtækið leggur sig fram við að ráða nemendur í verkefni sem tengjast námi. Í ár erum við sérstaklega að leita að nemendum í sérverkefni á sviði kynjafræði, náttúruvísinda og verkfræði.

**Sótt er um** á starf.or.is
**Umsóknarfrestur** er til og með 9. mars 2015.
Umsóknum verður svarað fyrir 1. apríl 2015.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## LÆKNAR Í STARFSNÁM

Laus eru til umsóknar störf lækna í starfsnám á bæklunarskurðdeild Landspítala. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin til eins árs eða samkvæmt samkomulagi. Störfin eru laus samkvæmt samkomulagi.

Starfsnámið gefur góða reynslu í bæklunar- og handarskurðlækningum og hentar vel þeim sem hyggja á sérnám í þeim greinum, einnig öðrum s.s. verðandi heilsugæslulæknum og þeim sem hafa í hyggju að starfa á landsbyggðinni.

### Helstu verkefni og ábyrgð
» Klínísk vinna á bráðamóttöku, legu- og göngudeildum bæklunarskurðdeildar, auk vaktaskyldu
» Þátttaka í kennslu- og fræðslustarfi sérgreina
» Þátttaka í vísindavinnu
» Handleiðsla og kennsla kandídata og læknanema

### Hæfnikröfur
» Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
» Öguð vinnubrögð
» Almennt lækningaleyfi

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt lækningaleyfi.
» Umsækjendum sem uppfylla skilyrði verður boðið í viðtal og byggir ráðning m.a. á frammistöðu í viðtali og innsendum gögnum.
» Upplýsingar veita Sigurveig Pétursdóttir, sérfræðilæknir, sigurpet@landspitali.is og Þorgerður Drífa Frostadóttir, læknir, margrmj@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á dagdeild skurðlækninga 13D. Deildin er opin frá klukkan 07:00 til 19:00 alla virka daga.

Deildin sinnir dagdeildarþjónustu við sjúklinga sem fara í minni háttar aðgerðir s.s. þvagfæraaðgerðir, augnaðgerðir og aðgerðir á kviðarholi. Einnig er tekið á móti sjúklingum í undirbúning fyrir aðgerðir sem krefjast lengri legutíma og sjúklingum sem koma frá slysadeild til aðgerðar á skurðstofum við Hringbraut.

### Helstu verkefni og ábyrgð
» Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og bera ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu
» Vinna að áframhaldandi þróun og uppbyggingu dagdeildar
» Virk þátttaka í faglegu samstarfi og umbótastarfi deildarinnar
» Vinna að gæðaverkefnum/gæðahandbók

### Hæfnikröfur
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Starfsreynsla á skurðsviði nauðsynleg
» Sjálfstæði og frumkvæði, lipurð í samskiptum
» Jákvæðni, sveigjanleiki og vera tilbúinn í breytingar

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.
» Starfshlutfall er 80-100.
» Upplýsingar veitir Hrafnhildur L Baldursdóttir, deildarstjóri, sími 825 3728, hrafnhba@landspitali.is

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI

Starf aðstoðardeildarstjóra á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga við Hringbraut er laust til umsóknar. Starfið veitist frá 1. apríl 2015 eða eftir samkomulagi til tveggja ára, með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Ábyrgð á rekstri og mönnun deildar í fjarveru hjúkrunardeildarstjóra
» Er leiðandi í klínísku starfi og framþróun hjúkrunar á deildinni
» Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin
» Er nánasti samstarfsmaður deildarstjóra og vinnur að skipulagningu á starfsemi deildarinnar í samráði við hann

## Hæfnikröfur

» Starfsreynsla
» Stjórnunarþekking og leiðtogahæfni
» Hæfni í mannlegum samskiptum
» Íslenskt hjúkrunarleyfi

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.
» Starfshlutfall er 80-100%.
» Upplýsingar veita Þórunn Sævarsdóttir, deildarstjóri, netfang torunnsa@landspitali.is, sími 825 3523 og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang thoring@landspitali.is, sími 824 5480.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Störf á heimili í Kópavogi

Þroskaþjálfi, félagsliði, sjúkraliði og stuðningsfulltrúi óskast til starfa á heimili í Kastalagerði. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastörf. Stöðurnar eru lausar nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir Bjarnhildur Ólafsdóttir í síma 568-0206 á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið bjarnhildur@styrktarfelag.is eða í gegnum heimasíðu félagsins, www.styrktarfelag.is

## Störf á heimili í Reykjavík

Þroskaþjálfar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar óskast til starfa á heimili félagsins í Víðihlíð. Um er að ræða vaktavinnu á kvöld-, nætur og helgarvöktum. Sérstaklega er óskað eftir kvenumsækjendum þar sem stór hluti starfsins er að veita ungri konu persónulega aðstoð.

Nánari upplýsingar veita Guðrún Guðmundsdóttir og Elín Baldursdóttir í síma 568-0206 á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið gunna@styrktarfelag.is, eða í gegnum heimasíðu félagsins, www.styrktarfelag.is

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og efla sjálfstæði þeirra. Þroskaþjálfinn tekur að auki þátt í skipulagningu á innra starfi í samvinnu við íbúa og veitir öðrum starfsmönnum faglega ráðgjöf og fræðslu.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

HÚÐLÆKNASTÖÐIN

## óskar eftir sjúkraliða

Sjúkraliði óskast til starfa á Húðlæknastöðin ehf. Starfshlutfall er 60% og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Starfið er fjölbreytt og krefst sjálfstæðra vinnubragða. Leitað er eftir röskum einstaklingi sem getur unnið undir álagi ef svo ber undir.
Tekið er á móti umsóknum á netfanginu johanna@hls.is eða bréflega til Húðlæknastöðvarinnar merkt **"starfsmannastjóri".**

## Jökulsárlón ehf. leitar að starfsfólki fyrir sumar 2015:

Glacier lagoon

**Skipstjóra til siglinga á hjólabát.**
Skipstjórar þurfa að hafa skipstjórnarréttindi. Umsækjendur þurfa einnig að hafa lokið námskeiði hjá slysavarnaskóla sjómanna. **Tímabil: maí-ágúst.**

**Einstaklingum í miðsölu.**
Starfslýsing: selja miða í báta og afgreiða ferðamenn. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, jákvæður og geta unnið undir miklu álagi. **Tímabil: júní-september.**

**Leiðsögumönnum á hjólabáta.**
Starfslýsing: upplýsa ferðamenn um Jökulsárlón á meðan á hjólabátaferð stendur. Kostur er góð tungumálakunnátta. **Tímabil: júní-ágúst.**

Húsnæði er í boði fyrir starfsmenn Jökulsárlóns.
**Upplýsingar gefur Katrín Ósk á katrin@jokulsarlon.is.**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# HEILBRIGÐISRITARI

Sérhæfð endurhæfingargeðdeild er 10 rúma legudeild. Stór hluti sjúklinganna eru ungmenni á aldrinum 18-30 ára. Flestir eru greindir með geðrofssjúkdóm og fíknivanda. Markmið endurhæfingar er að endurhæfa skjólstæðingana aftur út í samfélagið. Áhersla er á fjölskylduvinnu á deildinni.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Almenn skrifstofustörf
» Reglubundin uppfærsla á daglegum viðfangsefnum deildar
» Halda utan um daglegan rekstur deildar í samvinnu við stjórnendur
» Umsjón með pöntunum og innkaupum deildar í samvinnu við stjórnendur
» Símsvörun og ýmis samskipti fyrir hönd stjórnenda
» Umsjón á vaktaskýrslu
» Ábyrgð á snyrtilegu vinnuumhverfi vaktar og deildar

## Hæfnikröfur

» Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði
» Góð íslenskukunnátta skilyrði
» Stundvísi, snyrtimennska og liðlegheit
» Heilbrigðisritaramenntun æskileg

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.
» Starfshlutfall er 100%.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
» Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og eftir atvikum viðtölum við umsækjendur.
» Upplýsingar veita Eydís Kr Sveinbjarnardóttirr, deildarstjóri, eydissve@landspitali.is, sími 543 4219 og Margrét Manda Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, sími 543 4210, margrmj@landspitali.is, sími 824 5480.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# NÁM Í SKURÐHJÚKRUN

Hjúkrunarfræðingar sem hyggjast sækja um nám í skurðhjúkrun í Háskóla Íslands geta sótt um stöður á skurðstofum Landspítala.

Lausar eru til umsóknar stöður hjúkrunarfræðinga á skurðstofum LSH. Skilyrði fyrir ráðningu er að umsækjandi hyggist leggja stund á diplómanám á meistarastigi í skurðhjúkrun við Háskóla Íslands. Í boði er þjálfun og aðlögun eftir þörfum hvers og eins á stórum og skemmtilegum vinnustað.

Við mat umsókna er lögð áhersla á sterkan faglegan grunn í hjúkrun, sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í mannlegum samskiptum.

## Helstu verkefni og ábyrgð

Á skurðstofum Landspítala er veitt sérhæfð og umfangsmikil þjónusta við sjúklinga. Unnið er eftir hugmyndafræði um einstaklingshæfða hjúkrun. Vinnuskipulag tekur mið af vaktafyrirkomulagi skurðstofa.

## Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Sterkur faglegur grunnur í hjúkrun
» Sjálfstæði í vinnubrögðum
» Lipurð í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2015.
» Starfshlutfall er 80-100.
» Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá.
» Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
» Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast skrifstofu aðgerðasviðs, C10 Fossvogi.
» Upplýsingar veita eftirfarandi deildarstjórar hjúkrunar;
Erlín Óskarsdóttir, skurðdeild við Hringbraut
sími 825 3588, erlin@landspitali.is
Helga Kristín Einarsdóttir, skurðdeild í Fossvogi
sími 824 5273, helgakei@landspitali.is
Áslaug Svavarsdóttir, skurðstofa kvennadeildar
sími 825 3753, aslaugsv@landspitali.is

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# TRÚNAÐARLÆKNIR

Laust er til umsóknar starf trúnaðarlæknis á mannauðsdeild Landspítala. Leitum eftir drífandi og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna að og efla heilsu- og vinnuvernd starfsfólks Landspítala.

Landspítali er einn fjölmennasti vinnustaður landsins með um 5.100 starfsmenn. Helstu áherslur í starfseminni eru öruggur spítali, góður vinnustaður, skilvirkir verkferlar og ábyrgur rekstur.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Ábyrgð á stefnumótun og skipulagningu heilsuverndar starfsmanna
» Ráðgjöf fyrir stjórnendur um heilsu, öryggi, vinnugetu og vinnuumhverfi starfsmanna
» Ráðleggingar og fræðsla til starfsmanna um heilsueflingu og heilsuvernd
» Þátttaka í þvegfaglegri teymisvinnu

## Hæfnikröfur

» Brennandi áhugi á heilsueflingu og heilsuvernd starfsmanna
» Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
» Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð ásamt vilja og getu til að starfa í þverfaglegu teymi
» Sérfræðimenntun og starfsreynsla í viðeigandi sérgreinum læknisfræðinnar

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2015.
» Æskilegt er að viðkomandi starfi á Landspítala eingöngu.
» Starfshlutfall er 70-100% og veitist starfið frá 1. maí 2015 eða eftir nánara samkomulagi.
» Umsókn fylgi ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
» Ákvörðun um ráðningu verður byggð á innsendum gögnum og viðtölum.
» Upplýsingar veitir Bryndís Hlöðversdóttir, starfsmannastjóri, sími 543 1330, netfang bryndishlo@landspitali.is

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## BIFVÉLAVIRKI Á VÖRUBÍLAVERKSTÆÐI

Vegna aukinna umsvifa leitum við að bifvélavirkja á Volvo vörubílaverkstæði.

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*
*Umsóknarfrestur er til 6. mars 2015.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

## MÓTTÖKUSTJÓRI MAZDA OG CITROËN

Vegna aukinna umsvifa leitum við að móttökustjóra í þjónustumóttöku Mazda og Citroën.

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*
*Umsóknarfrestur er til 6. mars 2015.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á



# KJÖTIÐNAÐARMAÐUR ÓSKAST Á SUÐURLANDI

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann, eða manneskju með mikla reynslu í kjötiðn, í starf flokksstjóra í kjötvinnslu félagsins á Hvolsvelli. Þar rekur SS stærstu kjötvinnslu landsins en þar starfa nú um 160 manns í metnaðarfullu og drífandi umhverfi. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum einstaklingi með stjórnunar- og leiðtogahæfileika. Vinnutími er frá 7–15.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun og reynsla í kjötiðn
- Skipulagshæfileikar
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á fólki og stjórnun
- Mikill faglegur áhugi

### STARFSLÝSING

- Aðstoðarmaður verkstjóra og staðgengill
- Skipulagning framleiðslu
- Umsjón með verkefnum og starfsfólki
- Móttaka á hráefnum og skráning
- Eftirlit með þrifum
- Eftirfylgni með gæðakröfum SS

PIPAR\TBWA • SÍA

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu félagsins www.ss.is
Umsóknarfrestur er til og með miðvikudagsins 4. mars.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Benedikt Benediktsson í síma: 866 5270

Sláturfélag Suðurlands er 108 ára, öflugt og framsækið matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðenda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar er auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Á Selfossi rekur félagið sláturhús ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

SS fremstir fyrir bragðið

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.ss.is

## Starfsmaður í gestamóttöku

Fallegt íbúðahótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í gestamóttöku. Góð enskukunnátta er skilyrði. Leitað er að starfsmanni sem vill leggja metnað sinn og alúð í að sinna gestum og greiða götu þeirra.

**Umsóknum skal skilað á box@frett.is fyrir 20. febrúar nk. merkt „Gestamóttaka-1402"**

# VIÐGERÐAR-MAÐUR

Við leitum að starfskrafti með reynslu og góða hæfni til vinnuvélaviðgerða. Menntun í faginu er mikill kostur en ekki skilyrði

Umsóknir sendist á **ss@velafl.is**
Umsóknarfrestur er til **7. mars 2015.**

VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Hvaleyrarbraut 20, 220 Hafnarfjörður Sími: 575 2400

**Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar**
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

Vegna aukinna umsvifa óskar

## GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF

eftir að ráða

- **Þýskumælandi sölufulltrúa í hópadeild innanlands**
- **Kínverskumælandi sölufulltrúa í hópadeild innanlands**
- **Starfsmann í úrvinnslu hópa**
- **Bifreiðastjóra í sumarafleysingu**
- **Bifreiðastjóra í afleysingavinnu**

Guðmundur Jónasson ehf er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins. Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu, gerir út fjölda hópferðabifreiða og rekur auk þess gistiheimili í Reykjavík.
Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur starfsfólks með breiða þekkingu og reynslu af ferðaþjónustuerkstri.

**Við leitum að fólki sem býr yfir eftirfarandi kostum:**
- haldgóð þekking á íslenskri ferðaþjónustu
- brennandi áhugi á sölumennsku
- góð tungumálakunnátta, a.m.k. íslenska og enska. Önnur tungumál mikill kostur
- góð tölvukunnátta, Word, Excel, ofl
- fjölhæfni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 6. mars**
Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf á umsækjanda ásamt ítarlegri starfsferilskrá.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir
Sonja Magnúsdóttir, sölustjóri ferðaskrifstofu,
en umsóknum skal skilað á netfangið sonja@gjtravel.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is
HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# AMNESTY INTERNATIONAL

## auglýsir stöðu fjáröflunarstjóra í 100% starfshlutfall

**Skrifstofan er staðsett í Reykjavík.**
Amnesty International er alþjóðleg hreyfing fólks sem berst fyrir því að alþjóðlega viðurkennd mannréttindi séu virt og að allir njóti verndar þeirra. **www.amnesty.is**.

**Verk- og ábyrgðarsvið:**
- Skipulag og yfirumsjón með fjáröflunarleiðum samtakanna
- Utanumhald á götukynningum og úthringiverkefnum
- Vinnsla á prentefni tengt fjáröflun
- Gerð fjárhagsáætlunar fjáröflunarstarfsins
- Skýrslugerð
- Þýðingar og textagerð
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Mikil skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Þekking og reynsla af greiningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Hugmyndaauðgi og framsýni
- Áhugi á mannréttindamálum

**Við bjóðum**
- Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi
- Sveigjanlegt, skapandi og ábyrgðarfullt starf
- Starf, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín
- Möguleika á að vinna í alþjóðlegu samstarfi
- Tækifæri á að vinna að framgangi mannréttinda í heiminum.

Umsóknir skal senda á **al@amnesty.is**.
**Umsóknarfrestur er til 8. mars 2015.**
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Upplýsingar um starfið veitir Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri í gegnum tölvupóst **al@amnesty.is**.



# VILT ÞÚ VINNA ÚTI Í SUMAR?

## Nauthóll óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf og hlutastarf

Æskilegt er að umsækjendur geti byrjað í hlutastarfi eða fullu starfi frá 1. apríl nk. eða fyrr. Unnið er á vöktum, 2-2-3 kerfi eða eftir samkomulagi

**Við leitum að framsæknum og brosmildum einstaklingum með ríka þjónustulund**

Aldurstakmark er 20 ára
og þarf viðkomandi að vera reyklaus

Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn ásamt ferilskrá á **gudridur@nautholl.is** fyrir 28.febrúar nk.

NAUTHÓLL Bistro

oryggi.is

# Öryggisverðir óskast

## Öryggismiðstöðin auglýsir eftir öryggisvörðum í vaktavinnu.

Skilyrði:
- Hreint sakavottorð
- Lágmarksaldur 20 ár
- Rík þjónustulund
- Íslenskukunnátta
- Bílpróf

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið sas@oryggi.is, merkt „Öryggisvörður". Umsóknarfrestur er til 2. mars 2015.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Vakin er athygli á því að allt starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar þarf að skila inn sakavottorði.

VR Fyrirmyndarfyrirtæki 2010 · VR Fyrirtæki ársins 2011 · VR Fyrirtæki ársins 2012 · VR Fyrirtæki ársins 2013

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á undanförnum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.

Gildi fyrirtækisins eru forysta, umhyggja og traust.

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 | oryggi.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sjúkraliðar og alm. starfsmenn | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201502/199 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumarafleys. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201502/198 |
| Lögfræðingur í rannsóknum | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201502/197 |
| Framtíðarstörf í upplýsingatækni | Fiskistofa | Reykjavík | 201502/196 |
| Lektor í bókmenntafræði | Háskóli Íslands, Hugvísindasvið | Reykjavík | 201502/195 |
| Lektor í bókm.fræði og kvikm.fr. | Háskóli Íslands, Hugvísindasvið | Reykjavík | 201502/194 |
| Sumarst.menn v/sundl. og íþr.hús | Háskóli Íslands, rekstur fasteigna | Laugarvatn | 201502/193 |
| Móttökuritarar, sumarafleysingar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201502/192 |
| Lækna- eða heilbr.ritari, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201502/191 |
| Sérfræðingur í ljósmóðurfræði | LSH, kvennadeild | Reykjavík | 201502/190 |
| Rafvirki | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201502/189 |
| Sjúkraliðar - sjúkraliðanemar | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201502/188 |
| Lögfræðingur | Orkustofnun | Reykjavík | 201502/187 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupsst. | 201502/186 |
| Sumarstörf | Vatnajökulsþjóðgarður | Suðurland | 201502/185 |
| Verkefnastjóri | LSH, mannauðsdeild | Reykjavík | 201502/184 |
| Starfsmannahjúkrunarfræðingur | LSH, mannauðsdeild | Reykjavík | 201502/183 |
| Trúnaðarlæknir | LSH, mannauðsdeild | Reykjavík | 201502/182 |
| Námsstöður deildarlækna | LSH, bráðamóttaka flæðissviðs | Reykjavík | 201502/181 |
| Heilbrigðisritari | LSH, endurhæfingargeðdeild | Reykjavík | 201502/180 |
| Deildarlæknar | LSH, endurhæfingardeild | Reykjavík | 201502/179 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, skurðlækningar 13D | Reykjavík | 201502/178 |
| Hjúkrunarfr. - Nám í skurðhjúkrun | LSH, skurðstofur | Reykjavík | 201502/177 |
| Læknar í starfsnám | LSH, bæklunarskurðdeild | Reykjavík | 201502/176 |
| Deildarstjóri / starfsmenn | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201502/175 |
| Sérfr.í hjúkrun langveikra sjúkl. | LSH, lyflækningasvið | Reykjavík | 201502/174 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæslan Fjörður | Hafnarfjörður | 201502/173 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæslan Hlíðum | Reykjavík | 201502/172 |
| Aðstoðardeildarstjóri | LSH, dag- og göngudeild | Reykjavík | 201502/171 |
| Deildarstjóri rekstrargreiningar | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201502/170 |
| Upplýsingafulltrúi | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201502/169 |
| Vélamenn | Vegagerðin | Patreksfjörður | 201502/168 |
| Sérhæfður aðst.m. sjúkraþjálfara | LSH, sjúkraþjálfun Landakoti | Reykjavík | 201502/167 |
| Hjúkrunarfræðingar og nemar | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201502/166 |

## Veitingastaðurinn Nam, leitað að yfirmatreiðslumanni.

NAM

Nam leitar af kraftmiklum, jákvæðum og lausnamiðuðum matreiðslumanni til veita eldhúsi Nam forustu. Um er að ræða fullt starf í dagvinnu.

**Starfs-og ábyrgðarsvið:**
*-Daglegur rekstur á eldhúsi Nam, sem í dag rekur 2 veitingastaði.*
*-Samskipti við birgja*
*-Þróun á matseðli*
*-Gæðamál.*

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
*-Matreiðslumenntun nauðsynleg.*
*-Framúrskarandi samskiptahæfni*
*-Stjórnunarreynsla æskileg.*

Í dag rekur Nam 2 veitingastaði og áætlað er að fjölga stöðum á næstu misserum.
Starfið býður upp á mikil tækifæri fyrir matreiðslumann sem hefur áhuga á því að vaxa með fyrirtækinu.

**Nam færir þér Asíu**
Við sækjum innblásturinn til austurs, NAM er nútíma asísk matargerð. Fallegur, frumlegur og ferskur matur með áhrifum frá Austur-Asíu.
Úr ferskum hráefnum framreiðum við mat sem er fljótlegur, æsandi og öðruvísi – en samt á viðráðanlegu verði. Við fléttum saman kryddum, brögðum og litum og gerum nútíma asíska matargerð að upplifun fyrir öll skynfærin. NAM er ekki bara lostætur matur – *"NAM er næring fyrir hugann."*

## Starfsmaður í gestamóttöku

Fallegt íbúðahótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í gestamóttöku. Góð enskukunnátta er skilyrði. Leitað er að starfsmanni sem vill leggja metnað sinn og alúð í að sinna gestum og greiða götu þeirra.

**Umsóknum skal skilað á box@frett.is fyrir 20. febrúar nk. merkt „Gestamóttaka-1402"**




## Bílstjórar

**Grand Travel** óska eftir að ráða bílstjóra til starfa sumarið 2015. Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingum til að sinna akstri hópbifreiða og þjónustu við farþega. Grand Travel var stofnað 2011 á sviði fólksflutninga og hefur að skipa nýja hópferðabíla ásamt því kappkosta góða þjónustu.

**Hæfniskröfur**
- Meirapróf D
- Reynsla við akstur hópbifreiða
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi,heiðarleiki,snyrtimennska og reglusemi.(reyklaus)
- Geta unnið mikið og undir álagi.
- Enskukunnátta skilyrði.
- Hreint sakavottorð
- Ferilskrá

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á atvinna@grandtravel.is einnig er mjög mikilvægt að viðkomandi skili ferilskrá með umsókn.

**Umsóknarfrestur er til 20.mars 2015**

GRANDTravel

Skeiðarás 4 – 210 Garðabæ
www.grandtravel.is

## ORKUSTOFNUN

# Lögfræðingur

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

### Helstu verkefni og ábyrgð:
- Starfssvið lögfræðings er m.a. fólgið í samningu álitsgerða og stjórnsýsluákvarðana, lögfræðilegri ráðgjöf, leyfisveitingum vegna nýrra flutningsmannvirkja, gerð tillagna og umsagna um lagafrumvörp og reglugerðir, samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og erlendar eftirlitsstofnanir og undirbúningi stjórnsýslureglna.
- Helstu verkefni framundan eru á sviði raforkueftirlits, þ.e. eftirliti með fjárhagslegum og tæknilegum rekstri sérleyfisfyrirtækja sem annast flutning og dreifingu raforku á grundvelli raforkulaga.

### Hæfniskröfur:
- Embættispróf, ML í lögfræði eða sambærilegt próf. Þekking og starfsreynsla á sviði stjórnsýsluréttar og orkumála er æskileg.
- Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á og færni til að rita vandaðan texta á íslensku og ensku.
- Kunnátta í einu norðurlandamáli er æskileg.
- Gerð er krafa um öguð og skipulögð vinnubrögð auk ríkulegrar samskiptafærni.
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í samskiptum.
- Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á lögfræðilega getu og kunnáttu.
- Starfið býður upp á möguleika á þátttöku í samstarfi við alþjóðasamtök og erlendar systurstofnanir.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag. Starfshlutfall er 100%

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðni A. Jóhannesson, sími **569-6000**, netfang **gudni.a.johannesson@os.is**

Umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, eða á netfang gd@os.is, eigi síðar en **9. mars 2015**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Orkumálastjóri*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**

# Tvö áhugaverð störf sérfræðinga

Umhverfisstofnun leitar að tveimur sérfræðingum, annars vegar til að hafa umsjón með friðlandinu á Hornströndum og öðrum friðlýstum svæðum á Norðvesturlandi og hins vegar í loftmengunarteymi stofnunarinnar.

### Friðlandið á Hornströndum
Leitað er að starfsmanni með afburðagóða samskiptahæfileika, góða þekkingu á náttúrufræði, líffræði eða umhverfisfræði auk reynslu, þekkingar og úthalds til óbyggðaferða. Verndargildi svæðisins er einstakt en eitt helsta hlutverk starfsmannsins er að varðveita náttúru svæðisins í samvinnu við landeigendur, sveitarfélagið Ísafjarðabæ og hagsmunaaðila.

### Loftlagsmál
Megin starfssvið sérfræðingsins verður að vinna við losunarbókhald Íslands um gróðurhúsalofttegundir.Viðkomandi mun einnig hafa aðkomu að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda auk vinnu við ýmis loftmengunargögn.

Ítarlegri upplýsingar um störfin og hæfniskröfur til þeirra er að finna á starfatorg.is og http://www.umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi/

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2015.
Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

## Kirkjubyggingarsjóður

Hér með auglýsir Kirkjubyggingarsjóður Reykjavíkurborgar eftir umsóknum um styrki vegna ársins 2015. Sjóðnum er ætlað að veita fjármunum til að byggja kirkjur og safnaðarheimili í Reykjavík, en einnig má styrkja endurbætur og meiriháttar viðhald á kirkjum í borginni. Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2015 hefur sjóðurinn 11,2 m.kr. til ráðstöfunar í styrkveitingar.

Umsóknir um styrki sendist Ráðhúsi Reykjavíkur merktar „Kirkjubyggingarsjóður" fyrir **20. mars nk.**

Þau skilyrði eru sett fyrir því að umsókn sé tekin til greina að henni fylgi greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir, ársreikningur 2014, ráðstöfun fyrri styrkja sé um þá að ræða, svo og um fjármögnun verksins að öðru leyti.

**Frekari upplýsingar fást hjá stjórn sjóðsins.**

Netföng stjórnarmanna eru sem hér segir:
**Björk Vilhelmsdóttir**: bjork.vilhelmsdottir@reykjavik.is
**Gísli Jónasson**: gisli.jonasson@kirkjan.is
**Sigríður Guðmundsdóttir**: siggud@landspitali.is

---

HÚÐLÆKNASTÖÐIN **óskar eftir sjúkraliða**

Sjúkraliði óskast til starfa á Húðlæknastöðin ehf. Starfshlutfall er 60% og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Starfið er fjölbreytt og krefst sjálfstæðra vinnubragða. Leitað er eftir röskum einstaklingi sem getur unnið undir álagi ef svo ber undir.
Tekið er á móti umsóknum á netfanginu johanna@hls.is eða bréflega til Húðlæknastöðvarinnar merkt **"starfsmannastjóri".**

---

BALSAM ehf

## Sölu- og markaðsstjóri hjá vaxandi heilsufyrirtæki / Balsam ehf.

Balsam óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra í fullt starf. Við leitum að skemmtilegum, duglegum og sjálfstæðan einstakling til að sjá um sölu- og markaðsstarf.

Balsam er vaxandi heilsufyrirtæki sem sérhæfir sig í að hjálpa fólki að líða betur í líkama og sál með náttúrulegum vörum. Við bjóðum aðeins 100% náttúruleg bætiefni sem eru sérstaklega hönnuð til að stuðla að hreysti og góðri heilsu með hágæða næringu. Bætiefnin innihalda aðeins vönduð, vottuð og næringarrík innihaldsefni sem er að finna í leyndardómum náttúrunnar.

**Menntun**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Mastersgráða er kostur

**Starfslýsing**
- Samningaviðræður við söluaðila
- Ná inn nýjum viðskiptavinum
- Leit að nýjum vörum
- Dagleg samskipti við söluðila
- Viðhald á vörum á sölustöðum
- Markaðstarf
- Reynsla af auglýsingagerð er kostur

Vinsamlegast senda umsóknir fyrir 10 mars á *georg@balsam.is*

**Nánari upplýsingar:**
Georg Heiðar Ómarsson *georg@balsam.is / omar@balsam.is*
*www.balsam.is* Balsam ehf. Suðurlandsbraut 8 108 Rvk

---




## Sveitarfélag Hornafjarðar óskar eftir að ráða í eftirtaldar stöður

### Staða atvinnu- og ferðamálafulltrúa

Starfsvið:
* Gerð áætlana og stefnumótun í tengslum við ferðamál, framkvæmd þeirra og úrvinnsla, eftirfylgni og kostnaðareftirlit í samráði við atvinnumálanefnd og aðrar nefndir sveitarfélagsins.

* Ráðgjöf til forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins vegna samþykktrar stefnu bæjarstjórnar í atvinnu- og ferðamálum. Viðkomandi er jafnframt tengiliður sveitarfélagsins við atvinnulífið og stoðstofnanir þess.

* Vinna við sérstök atvinnu- og ferðamálatengd verkefni, yfirumsjón með samskiptum við félagasamtök, fyrirtæki og sjálfstæðar stofnanir á sviði atvinnu- og ferðamála auk annarra fjölbreytilegra verkefna.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur séu með háskólamenntun á sviði ferðamálafræði eða sambærilegt nám, en menntun á mannauðs- og/eða atvinnulífssviði, að auki er kostur. Marktæk reynsla og þekking á skipulagi ferðamála er skilyrði auk reynslu og staðkunnrar þekkingar á atvinnulífinu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleika í samstarfi, hæfni í mannlegum samskiptum, tölvulæsi og góða íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti. Kostur er ef viðkomandi hafa góða þekkingu á svæðinu.

### Staða fjármálastjóra

Starfsvið:
* Heildarumsjón með greiningu fjármálakosta sveitarfélagsins, greiningu á hagtölum og öðrum þáttum er varðar rekstur sveitarfélagsins og hefur áhrif á stöðu þess. Fjármálastjóri er jafnframt staðgengill bæjarstjóra í fjarveru hans.

* Umsjón með fjárhagsáætlun í samvinnu við bæjarstjóra, stjórnsýslulegar úttektir og aðstoð við rekstrarúttektir, yfirumsjón með skilum á skýrslum, greinagerðum og öðru sem lög og reglur kveða á um í tengslum við fjárhag og bókhald sveitarfélagsins, yfirumsjón með bókhaldi auk annarra fjölbreyttra verkefna er heyra undir fjármálastjóra.

**Hæfniskröfur eru** að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, rekstrarfræði eða með sambærilega háskólmenntun, en framhaldsnám á háskólastigi er æskileg. Haldbær þekking á stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga er nauðsynleg auk marktækrar reynslu úr atvinnulífinu. Áhersla er lögð á sjálfstæð og fagmannleg vinnubrögð, sveigjanleika og styrk í mannlegum samskiptum auk góðrar íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti. Umsækjendur þurfa vera töluglöggir og vel tölvulæsir, en góð bókhaldskunnátta er jafnframt nauðsynleg.

**Í boði eru** áhugaverð framtíðarstörf í barnvænu umhverfi þar sem öll nútíma þægindi eru til staðar, næg atvinnutækifæri, gott tómstundar- og félagslíf í friðsælu og framsæknu bæjarfélagi. Laun verða í samræmi við kjarasamning launanefndar sveitarfélags og viðeigandi stéttarfélaga.

**Umsóknarfrestur** er til og með 9. mars nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir nánari upplýsingar um störfin í s: 588-3031 alla virka daga frá kl.13-15. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is** - sjá nánar **www.stra.is** .

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

STRÁ

---

Póst dreifing

# Sölumaður

Póstdreifing óskar eftir að ráða öflugan sölumann til starfa. Árangurstengd laun í boði.

**Helstu verkefni:**
- Sala á vörum fyrirtækisins
- Gerð og utanumhald söluáætlana
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Vilji og geta til að skapa ný sölutækifæri
- Skipulagshæfni, mikið frumkvæði og metnaður í starfi eru nauðsynlegir eiginleikar

**Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

capacent

LANDSNET

Útboð SE3-01

## Selfosslína 3
## 66 kV jarðstrengur
## Jarðvinna og lagning

Landsnet óskar eftir tilboðum í verk sem lýst er í útboðsgögnum SE3-01.

Verkið felur m.a. í sér jarðvinnu og lagningu 66 kV háspennustrengs sem samanstendur af þremur einleiðurum, frá Suðurhólum á Selfossi að tengivirki við Þorlákshöfn, alls um 25 km leið.

**Helstu verkliðir eru:**

| | |
|---|---|
| Flutningur á strengkeflum | 39 stk. |
| Aðkomuleiðir | 24.800 m. |
| Gröftur, söndun og yfirfylling | 24.800 m. |
| Losun klappar | 2.300 m. |
| Útdráttur strengs og ljósleiðara í skurð og rör | 25.155 m. |
| Ídráttarrör | 4.000 m. |
| Frágangur yfirborðs | 85.000 m² |

Víða eru þveranir á lögnum, vegum og skurðum á strengleiðinni ásamt þverun á golfvellinum í Þorlákshöfn. Ölfusá (360 m) er þveruð í Óseyrarbrú.

**Verkinu skal að fullu lokið 15. nóvember 2015.**

Útboðsgögn verða afhent á geisladiski í móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 24. febrúar 2015. Tilboðum skal skila til móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík fyrir **kl. 14:00 miðvikudaginn 18. mars 2015** þar sem þau verða opnuð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

LANDSNET

Útboð HE2-01

## Hellulína2
## 66 kV jarðstrengur
## Jarðvinna og lagning

Landsnet óskar eftir tilboðum í verk sem lýst er í útboðsgögnum HE2-01.

Verkið felur m.a. í sér jarðvinnu og lagningu 66 kV háspennustrengs sem samanstendur af þremur einleiðurum, frá tengivirki við Hellu að tengivirki við Hvolsvöll, alls um 13 km leið meðfram Suðurlandsvegi.

**Helstu verkliðir eru:**

| | |
|---|---|
| Flutningur á strengkeflum | 30 stk. |
| Aðkomuleiðir | 13.000 m. |
| Gröftur, söndun og yfirfylling | 13.000 m. |
| Útdráttur strengs og ljósleiðara í skurð og í rör | 13.000 m. |
| Ídráttarrör | 1.800 m. |
| Frágangur yfirborðs | 60.000 m². |

Víða eru þveranir á lögnum, götum og síkjum á lagnaleiðinni, ásamt því að leggja þarf í lagnastiga á brúm.

**Verkinu skal að fullu lokið 15. október 2015.**

Útboðsgögn verða afhent á geisladisk í móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 24. febrúar 2015.

Tilboðum skal skila til móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík fyrir **kl. 14:00 föstudaginn 20. mars 2015** þar sem þau verða opnuð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Hlíðarendi - Jarðvinna 1. áfangi** – útboð nr. 13410.
- **Færanlegar kennslustofur 2015. Hönnun og smíði** – Alútboð nr. 13408.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

## Þjóðskjalasafn Íslands, Hús 1 - RS Þjónusta iðnaðarmanna og verktaka

**ÚTBOÐ NR. 15721**

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammasamningakerfi ríkisins á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði á þjónustu iðnaðarmanna og verktaka (hér eftir nefndir verktakar) í framkvæmdarverkum. Heimilt er að bjóða í einstaka hluta viðkomandi iðngreinar í útboðinu. Útboðið og samningar í kjölfar þess taka til alls landsins, þ.e. óskað er eftir tilboðum bjóðanda í öllum landshlutum.

**Óskað er eftir tilboðum verktaka í eftirtöldum iðngreinum:**

- Blikksmíði
- Dúklagningu
- Veggfóðrun
- Málun
- Málmiðnaði (aðra en blikksmiði)
- Múrverki
- Pípulögnum
- Rafiðnaði (smáspennu og lágspennu)
- Skrúðgarðyrkju
- Trésmíði
- Aðalverktöku

Samningnum í kjölfar rammasamningsútboðs þessa er skipt í tvo hluta;

**A Hluti samnings, fastverðshluti**
**B Hluti samnings, örútboðshluti**

Heimilt er að bjóða í annan eða báða hluta samningsins. Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum, sem verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa, *www.rikiskaup.is*, miðvikudaginn 25.febrúar nk. Tilboð verða opnuð 14. apríl 2015 kl. 14.00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Ársalir - fasteignamiðlun - Ársalir - fasteignamiðlun

## Gott tækifæri fyrir fjárfesta



**Hef til sölu skuldlaust einkahlutafélag sem á fasteignir í góðri útleigu við Faxafen í Reykjavík og Smiðjuveg í Kópavogi.**

**Áhugasamir hafi samband:**
**Ársalir ehf – fasteignamiðlun s. 533 4200**
**eða arsalir@arsalir.is.**

Ársalir FASTEIGNAMIÐLUN Engjateigi 5, 105 Rvk 533 4200

Björgvin Björgvinsson
Löggiltur fasteignasali.

FÉLAG FASTEIGNASALA

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Eignarlóðir við Þingvallavatn

Tvær 7.400 fm. samliggjandi vatnslóðir á einstökum stað við Þingvallavatn, samtals 1,48 hektarar að stærð.

Lóðirnar eru þær fremstu (næst vatni) skv. nýju deiliskipulagi og nýtur óhindraðs útsýnis yfir Þingvallavatn og til fjalla.

## Skrifstofuhúsnæði til sölu



Skiptastjóri þrb. Outcome fasteigna ehf. auglýsir fasteign að Bíldshöfða 18 til sölu. Um er að ræða 295 fm á 2. hæð, sem skiptast í 8 skrifstofur og opið rými, auk móttöku, fundaraðstöðu, salernis og eldhúss. Innréttingar að hluta endurnýjaðar. Miklir möguleikar.

Selst í núverandi ástandi og án ábyrgðar. Óskað er eftir tilboðum í eignina. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.
Frekari upplýsingar fást hjá fulltrúa skiptastjóra, Jóhanni Karli Hermannssyni hdl., Íslögum, s: 868-7326, johann@islog.is.

DRAUMAHÚS
Lárus Óskarsson löggiltur fasteignasali




Kambavað 1 íb. 101 • 110 Rvk

**Opið hús á sunnudaginn 22. feb kl. 16:00 - 16:30**

Björt og vel skipulögð 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi. Rúmgóð herbergi. Opið eldhús með fallegum hvítum innréttingu. Granít á borðum. Baðherbergi með sturtu og baðkari. Góður sólpallur. Stæði í bílageymslu. Upplýsingar veitir Einar Karl í síma 895-8525

Draumahús fasteignasala • Ármúli 8 • 414-4466

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

MIÐBORG fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hrl. og lögg. fasteignasali

## Rauðalækur 47

**- Bókið skoðun -**




Falleg og björt 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í snyrtlegu parhúsi á eftirsóttum stað í Reykjavík. Mikið endurnýjuð eign. Stór bílskúr fylgir eigninni. Topp eign á góðum stað. Laus fljótlega. Stærð 165,3 fm. **V. 51,5m.** Uppl. Gylfi S. 822-0700

MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF

17 ÞORRASALIR
KÓPAVOGUR



Verðdæmi:

124 m²
fjögurra herb.
á **39,9 millj. kr.**

88 m²
þriggja herb.
á **31,9 millj. kr.**

# Tilbúnar fjölskylduíbúðir
## — frá 322 þús. kr. á fermetra

Við kynnum glæsilegt húsnæði í Þorrasölum 17 með sérinngangi og rúmgóðri geymslu. Glæsilegur bílakjallari er undir húsinu. Útsýnið nýtur sín um stóra glugga í björtum íbúðum sem skarta vönduðum innréttingum. Skemmtilegt leiksvæði í garðinum kallar á börnin út að leika.

Stutt er í alla þjónustu, með Salaskóla, verslun, heilsugæslu, sundlaug, íþróttahús og líkamsrækt í göngufæri. Náttúran teygir sig inn í hverfið með útivistarparadísina Heiðmörk og Golfvöll GKG í túnfætinum.

Göturnar eru hannaðar til að hægja á umferð og auka öryggi í hverfi sem færir aukin lífsgæði í fjölskylduvænu umhverfi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.mannverk.is**



EIGNAMIÐLUN GARÐATORG EIGNAMIÐLUN FASTEIGNASALAN MIKLABORG LIND FASTEIGNASALA

LIND
FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Remax LIND hefur þjónustað Íslendinga síðastliðin 12 ár og LIND FASTEIGNASALA ætlar að halda því áfram um ókomna tíð.

Á LIND vinnur fólk saman að því markmiði að veita framúrskarandi þjónustu.

LIND veitir persónulega þjónustu og hefur frá upphafi lagt ríka áherslu á hátt þjónustustig.

Á LIND starfa einstaklingar með mikla reynslu og sérþekkingu á á sviði fasteignaviðskipta.

## Uppspretta ánægjulegra viðskipta



## Við vinnum fyrir þig

- höldum opin hús
- sýnum allar eignir
- notum atvinnuljósmyndara
- tökum myndbönd af eignum
- notum dróna myndatökur
- útvegum flutningsþrif
- útvegum matsmann
- hjálpum þér að finna nýtt heimili
- útvegum sérkjör á málningu, gólfefnum og innréttingum

Við gerum eitt eða allt - algjörlega eins og þú vilt

**OPIÐ HÚS › 22.Feb 14:00 - 14:30**



## Hólabraut 17
220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 138,7 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Mjög falleg og vel skipulögð fjögurra herbergja útsýnisíbúð ásamt bílskúr á 3. hæð

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **34.000.000 kr**



## Bræðraborgarstígur 34
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 88,4 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Mjög góð og vel skipulögð fjögurra herbergja íbúð við Bræðraborgarstíg 34

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **31.900.000 kr**



## súlunes 16
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 367,1fm EINBÝLI HERB: 6

Glæsilegt einbýli á Arnarnesi. Sérsmíðaðar innréttingar. Innihurðir eru 2,35m á hæð. Mikil lofthæð er í öllu húsinu.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **107.000.000 kr**



## Þverholt 30
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 105,3fm FJÖLBÝLI HEB: 4

Einstaklega falleg og björt fjögurra herbergja íbúð á fimmtu og efstu hæð við Þverholt. Lyftan gengur upp á fjórðu hæð

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **46.900.000 kr**



## Kjalarland 30
108 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 235,1 fm RAÐHÚS HERB: 7

Mjög fallegt og vel staðsett endaraðhús með aukaíbúð með sérinngangi.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **62.400.000 kr**



## Skrúðás 11
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 268,8 fm EINBÝLI HERB: 5

Stórglæsilegt og mjög vel staðsett einbýlishús með innbyggðum 40fm bílskúr og einstöku útsýni í Ásahverfi Garðabæ

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **105.000.000 kr**



## Krókamýri 22
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 304,1 fm EINBÝLI HERB: 7

Mjög fallegt einbýlishús á frábærum stað við Krókamýri 22 í Garðabæ.
Húsinu er skipt í tvær íbúðir í dag, einfalt að breyta tilbaka.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **73.900.000 kr**



## Heiðaþing 3
203

STÆRÐ: 194,2 fm PARHÚS HERB: 5

Glæsilegt og vel skipulagt parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á þessum eftirsótta stað við Elliðavatnið.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **63.500.000 kr**



## Fannafold 166
112 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 136,7 fm PARHÚS HERB: 5

Fallegt og mjög vel staðsett parhús á tveimur hæðum með bílskúr.
Rúmgóð afgirt verönd ásamt fallegu útsýni.
Skjólgóður suðurgarður.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **44.900.000 kr**



## Fífuhjalli 21
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 285,1 fm EINBÝLI HERB: 8

Einstaklega fallegt og mjög vel staðsett einbýli neðst í Suðurhlíðum Kópavogs.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **72.000.000 kr**



## Kvistaland 21
108 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 213,8 fm EINBÝLI HERB: 6

2Fallegt og mjög vel staðsett einbýlishús á einni hæð neðst í Fossvoginum.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **84.900.000 kr**



## Þorrasalir 37
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 287 fm EINBÝLI HERB: 6

Einstaklega fallegt vandað og vel staðsett einbýlishús byggt 2012 með óskertu útsýni yfir höfuðborgina og til fjalla.

*Heyrumst*
Gunnar › 699 3702 **89.800.000 kr**



## Lyngholt 15
225 GARÐABÆR

STÆRÐ: 193,6 fm RAÐHÚS HERB: 6

Einstaklega vandað endaraðhús á góðum stað. Mjög bjart og fallegt hús vandaðar innréttingar, blöndunartæki frá Ísleifi Jónssyni, gólfhiti, skjólveggir í kringum húsið, stór hellulögð verönd.

*Heyrumst*
Hannes › 699 3702 **49.900.000 kr**

**HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR**



## Einarsnes 74
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 97,4 fm ÞRÍBÝLI HERB: 3

Hæð í þríbýli ásamt rúmgóðum bílskúr.
Mjög stór lóð alls 1.050.fm. Sameiginlegur inngangur með öðrum. Fallegt eikarparket á gólfi, tvö rúmgóð svefnherbergi.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **28.900.000 kr**



## Katrínarlind 7
113 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 119 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Mjög fallega og bjarta endaíbúð á fyrstu hæð í lyftuhúsi með stórri timburverönd (ca 80 fm) og stæði í 3ja bíla bílageymslu.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **37.500.000 kr**



## Þrastarlundur 15
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 234 fm TENGIHÚS HERB: 5

Fallegt tengi hús með 50 fm aukaíbúð með sérinngangi í Garðabæ.
Mikil lofthæð, fallegt útsýni, 31 fm bílskúr.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **57.900.000 kr**







## Ásaþing 1-11
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: XXXX fm RAÐHÚS HERB: 4

Ný raðhúsalengja með útsýni yfir Elliðavatn. Um er að ræða sex hús á tveimur hæðum með bílskúr. Hægt að fá húsin á mismunandi byggingastigum

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **55-68.000.000 kr**







## Tjarnarstígur 6
170 SELTJARNARNES

STÆRÐ: 420 fm EINBÝLI HERB: 8

Einstök staðsetning, fallegt einbýlishús á 1000 fm sjávarlóð. Eignarlóð.
Aukaíbúðu, mikil lofthæð á efri hæð, 4 baðhergi, 3 stofur, 5 svefnherbergi. Einstakt hús.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008





## Laugavegur 86 (íb 211)
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 75 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2

Stórglæsileg íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi. Frábær staðsetning í hjarta borgarinnar, glæsileg sameign og sér bílastæði á baklóð. Tilvalin leiguíbúð til ferðamanna.

*Heyrumst*
Þórey › 663 2300 — **34.900.000 kr**

**OPIÐ HÚS › 22.feb 14:00 – 14:30**




## Austurkór 109-115
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 190 fm | RAÐHÚS | HERB: 4

Vel skipulagt raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð sem skilast fullbúið án gólfefna og frágangs á bílaplani. Sérlega skjólgóður garður, timburverönd og steyptir skjólveggir.

*Heyrumst*
Þórey › 663 2300 — **59.800.000 kr**

**OPIÐ HÚS › 22.feb 15:00 – 15:30**




## Akrakór 2-4
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 198 fm | PARHÚS | HERB: 5

Vel staðsett parhús á 2 hæðum með bílskúr, gott skipulag, 3-4 svefnherbergi, aukin lofthæð og útsýni. Húsið skilast tilbúið að utan en rúmlega fokhelt að innan.

*Heyrumst*
Þórey › 663 2300 — **41.900.000 kr**

**OPIÐ HÚS › 22.feb 16:00 – 16:30**




## Ásakór (íb 601)
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 139,7 fm | RAÐHÚS | HERB: 4

Björt og rúmgóð endaíbúð á efstu hæð í nýlegu lyftuhúsi með einstöku útsýni. Opið eldhús og stofa, 3 svefnherbergi, baðherb og þvottahús. Stæði í bílageymslu.

*Heyrumst*
Þórey › 663 2300 — **37.500.000 kr**

**OPIÐ HÚS › 22.feb 17:00 – 17:30**




## Krossalind 7
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 229,4 fm | PARHÚS | HERB: 8

Bjart og rúmgott parhús á tveimur hæðum með bílskúr í barnvænu hverfi með einstöku útsýni yfir suðurhlíðar Kópavogs. Frábær staðsetning og gott skipulag.

*Heyrumst*
Þórey › 663 2300 — **59.900.000 kr**

**OPIÐ HÚS › 22.feb 17:30 – 18:00**





## Leitum eftir
ÁREIÐANLEGIR KAUPENDUR

Vinsamlegast hafðu sambandi mig, thorey@fastlind.is, ef þú eða einhver sem þú þekkir ert í söluhugleiðingum en um er að ræða mjög áreiðanlega kaupendur sem eru búin að selja.

*Heyrumst*
Þórey › 663 2300

**OPIÐ HÚS › 21.Feb 16:00 – 16:30**



**LÆKKAÐ VERÐ**

## Andarhvarf 11B
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 159,4 fm | HÆÐ | HERB: 5

Falleg neðri sérhæð með séreignarreit og bílskúr í grennd við Elliðavatn. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, sjónvarpsstofu, 3 svefnherbergi, geymslu, þvottahús og 2 baðherbergi.

*Heyrumst*
Harpa › 772 5583 — **43.900.000 kr**

**SKIPTI Á MINNI EIGN**



## Logasalir 10
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 273,9 fm | EINBÝLI | HERB: 7

Fjölskylduvænt viðhaldslítið einbýlishús með 6 rúmgóðum svefnherbergjum. Afgirtur garður með stórri timburverönd og heitum potti. Upphituð hellulögð innkeyrsla.

*Heyrumst*
Jóhanna › 698 9470 — **69.500.000 kr**

**OPIÐ HÚS › 22.Feb 16:00 – 16:30**



## Bauganes 35
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 201,1 fm | EINBÝLI | HERB: 5

Vel skipulagt einbýlishús í Skerjafirðinum með 4 svefnherbergjum og möguleika á 5. Suðurpallur og nýuppgerð íbúð í bílskúrnum. Möguleiki á góðum leigutekjum. Frábær staðsetning!

*Heyrumst*
Jóhanna › 698 9470 — **62.900.000 kr**



## Kjarrmóar 2
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 136,3 fm | RAÐHÚS | HERB: 4

Fjögurra herbergja 136,6fm tveggja hæða endaraðhús. Tvö svefnherbergi, auðvelt að bæta við því þriðja á efri hæðinni. Hellulögð verönd. Góður 30,8fm bílskúr.

*Heyrumst*
Kristín › 824 4031 — **42.900.000 kr**



## Öldugata 54
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 28,8 fm | STÚDÍÓ | HERB: 1

Hol. Baðherbergi með sturtu. Eldhús með ágætis skápaplássi og litlum borðkrók. Stofa snýr út að Öldugötunni. Ljósar flísar á öllum gólfum. Sameign snyrtileg. Nýlega málað að utan.

*Heyrumst*
Bjarni › 662 6163 — **15.900.000 kr**



## Austurberg 8
111 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 80,4 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 5

Björt og rúmgóð endaíbúð á 4.hæð. 2 svefnherbergi, rúmgott hjónaherbergi. Björt stofa. Tengi f þvottavél á baði. Rúmgóðar svalir. Bílskúr m heitu og köldu vatni.

*Heyrumst*
Bjarni › 662 6163 — **23.900.000 kr**



## Selvað 9
110 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 100,3 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Fallegt heimili á annarri hæð í 8 íbúða stigahúsi með lyftu og stæði í bílakjallara. Stórar austursvalir með fjallasýn. Stutt er í alla þjónustu og fallega náttúru.

*Heyrumst*
Arna › 692 5515 — **33.500.000 kr**

**VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ**





## Leirdalur
190 VOGAR

STÆRÐ: 190,1 fm EINBÝLI HERB: 5

Húsið er staðsett innst í botnlanga við jaðar byggðar. Allar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik. Timburpallur útfrá stofunni. Skipti á eign á höfuðborgarsvæðinu kemur til greina.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **39.900.000 kr**






## Lautasmári
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 108,9 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Mjög falleg endaíbúð á 3 hæð (efstu) í fallegu og vel viðhöldnu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Lautasmára í Kópavogi. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu. Laus til afhendingar.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **31.900.000 kr**





## Álftamýri
108 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 81,8 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Mjög falleg og vel skipulögð íbúð á 3 hæð í 4ra hæða húsi við Álftamýri í Reykjavík. Húsið var sprunguviðgert og málað allt að utan árið 2012. Íbúðin hefur verið standsett að mestu.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **26.900.000 kr**





## Engihjallli
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 97,1 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Falleg og snyrtileg íbúð á 3 hæð í 7 hæða lyftuhúsi við Engihjalla í Kópavogi. Nýleg lyfta í húsinu. Að sögn seljanda var framhlið hússins máluð árið 2013.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **28.000.000 kr**





## Jörfabakki
109 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 115,3 fm FJÖLBÝLI HERB: 5

Falleg 4ra - 5 herbergja endaíbúð á 2 hæð í 3ja hæða húsi í neðra Breiðholti. 4 svefnherbergi, 3 innan íbúðar ásamt einu í kjallara. Snyrtileg sameign. Innihurðir endurnýjaðar árið 2008.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **28.500.000 kr**





## Furuás
221 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 233,4 fm RAÐHÚS HERB: 6

Vel skipulögð og vel staðsett 3 raðhús á tveimur hæðum innst í botnlanga, glæsilegt útsýni. Frá 233,4 fm – 249,2 fm og afhendast fullbúnar en án gólfefna.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **59.000.000 kr**





**OPIÐ HÚS › 22.Feb 16:30 – 17:30**

## Gullsmári 8
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 87,1 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Falleg íbúð á 2 hæð í snyrtilegu og vel viðhöldnu 7 hæða lyftuhúsi við Gullsmára í Kópavogi. Húsið málað að utan árið 2013, nýlega búið að mála og endurnýja teppi á sameign.

*Heyrumst*
Andri › 690 31111 **30.500.000 kr**





## Móaflöt
210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 210.4 fm EINBÝLI HERB: 2

Glæsilegt mikið endurnýjað hús ásamt bílskúr. Að sögn seljanda var húsið nánast allt endurnýjað bæði að innan sem utan fyrir um 5 árum síðan ásamt gólfefnum, innréttingum o.fl.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **75.000.000 kr**





## Mosgerði
108 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 73,5 fm FJÖLDI HERBERGJA: 3

Um er að ræða 3ja herbergja íbúð með sérinngangi í kjallara í tvíbýlishúsi við Mosgerði í Reykjavík. Þvottahús innan íbúðar.

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **22.700.000 kr**





## Austurkór
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 149,5 fm RAÐHÚS

Mjög falleg og vel skipulögð þrjú raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Húsin afhendast fullbúnar að utan sem innan en án gólfefna og grófjafnaðri lóð, skv skilalýsingu frá seljanda

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **48.5-49.000.000 kr**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

**OPIÐ HÚS › 22.Feb 13:00 - 13:30**






## Furugrund 44
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 62-109fm 2-4 HERBERGI

Lind Fasteignasala kynnir:

Vandaðar og fallegar íbúðir með yfirbyggðu bílastæði í nýju sex íbúða húsi í þessu vinsæla og rótgróna hverfi.

Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna Afhending mars-apríl 2015.

Ítalskar innréttingar frá INN-X. Blöndunartæki frá Tengi, Ringo hurðir frá Birgissyni. Eldhústæki frá Electrolux

**26.9-38.900.000 kr**


*Heyrumst*
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› 892 9966
› stefan@fastlind.is


*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is

**OPIÐ HÚS › 22.Feb 14:00 - 14:30**




**STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU**




## Ástún 6
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 97,8 fm FJÖLDI HERBERGJA: 3

ATH EINUNGIS ÞRJÁR ÍBÚÐIR EFTIR.

Stórglæsilegar þriggja herbergja nýjar íbúðir í fjórtán íbúða húsi

Vandaðar innréttingar, granít borðplöptur í eldhúsi og sólbekkjum. Dyrasími með myndavél.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. Innréttingar verða úr eik og granítborðplata í eldhúsi og sólbekkjum. Myndavéladyrasími

**36.4-37.900.000 kr**


*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is






## Þorrasalir 13-15
201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 30-126 fm FJÖLDI HERBERGJA: 4

Nýjar útsýnisíbúðir í fallegu lyftuhúsi ásamt stæðum í bílageymslu.

Sérinngangur af svölum. Húsið stendur við 18 holu golfvöll GKG

Vandaðar innréttingar, hurðir og raftæki: Ítalskar innréttingar frá INN-X. Blöndunartæki frá Tengi, Ringo hurðir frá Birgissyni. Eldhústæki frá Electrolux.

Íbúðin skilast fullbúin án gólfefna en flísar á votrýmum.

**31.5-48.200.000 kr**


*Heyrumst*
**Kristján Þórir Hauksson**
Sölufulltrúi
› 696 1122
› kristjan@fastlind.is


*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is

# Gamla bíó breytist í tattústofu

The Icelandic Tattoo Convention verður haldin í tíunda skiptið dagana fimmta til sjöunda júní næstkomandi og verður hátíðin að þessu sinni í Gamla bíói við Ingólfsstræti. Þar verða um 25 listamenn frá öllum heimshornum.

Þetta verður glæsileg hátíð og öllu tjaldað til í tilefni tíu ára afmælisins. Gamla bíó var nýlega endurnýjað og er orðið eitt glæsilegasta hús borgarinnar," segir Össur Hafþórsson, annar eigenda Reykjavík Ink og skipuleggjandi ráðstefnunnar.

Á ráðstefnunni verða um 25 listamenn sem koma víðsvegar að úr heiminum til landsins og taka þátt í hátíðinni að þessu sinni. „Hingað koma þekktir húðflúrarar eins og Bill Loika frá Hollandi og Jason June frá New York, Scott Ellis frá Texas og Holly Ellis frá San Francisco. Hátíðin er orðin að árlegum menningarviðburði í miðborg Reykjavíkur. Gamla bíó verður eins og ein risastór tattústofa þessa helgi. Á svæðinu verður blaðamaður frá einu þekktasta tattútímariti sem gefið er út um allan heim, einnig mætir plötusnúður á svæðið og þeytir skífum fyrir gesti og gangandi á meðan ráðstefnan er," segir Össur.

> **Hingað koma þekktir húðflúrarar eins og Bill Loika frá Hollandi og Jason June frá New York, Scott Ellis frá Texas og Holly Ellis frá San Francisco.**

Hann bætir því við að frítt sé inn á ráðstefnuna fyrir börn, tólf ára og yngri. „Það er um að gera að venja þau snemma við," segir hann léttur í bragði.



Húðflúrmenning á Íslandi, líkt og annars staðar, er orðin miklu almennari en áður var, að sögn Lindu.



Húðflúrarar á Reykjavik Ink sérhæfa sig í „cover-ups" en þá eru eldri húðflúr löguð.



Össur Hafþórsson hefur veg og vanda af skipulagninu The Icelandic Tattoo Convention.

MYNDIR/VILHELM



„Alls konar fólk í öllum stöðum og stéttum kemur hingað til að fá sér flúr. Þetta er alls ekki bundið við einhverja ákveðna hópa eins og raunin var kannski áður," segir Linda Mjöll.






**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Gunnhildur Geira, geira@365.is, s. 512 5036 **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.

# Viljum að fólki líði vel hjá okkur

Hjá húðflúrstofunni Bleksmiðjunni er mikið lagt upp úr notalegu og þægilegu andrúmslofti. Þangað kemur fólk á öllum aldri og úr öllum þjóðfélagshópum. Eigendurnir segja sífellt fleiri fá sér húðflúr og að fleiri þeki stærri hluta líkamans en áður.

Húðflúrstofan Bleksmiðjan var opnuð í Skipholti árið 2010 en flutti á Kirkjuteig 21, eða í gamla Laugarnesapótek, fyrir nokkru. Þau Sigrún Rós Sigurðardóttir og Ingólfur P. Heimisson stofnuðu stofuna en fljótlega bættist Dagur Gunnarsson í hópinn. „Við Ingi höfðum lengi verið að grúska í myndlist og vorum bæði á myndlistarbraut í FB. Hann hefur verið að flúra frá því um aldamótin og við kynntumst í raun þannig að hann var að flúra mig," útskýrir Sigrún. „Við kynntumst svo Degi stuttu síðar og líkaði það sem hann var að gera."

Sigrún segir meira en nóg að gera á stofunni og eru allir starfsmenn bókaðir fram á haust. „Við erum hins vegar að fá til okkar tvo gestaflúrara í næstu viku sem taka að sér nýja kúnna."

Spurð að því hvað einkenni stofuna segir hún þau öll hafa mismunandi stíl. „Dagur er svolítið í Old School og New School, Ingi í andlits- og raunsæismyndum og ég í vatnslitamyndum. Annars gerum við allt milli himins og jarðar og viðskiptavinir geta valið um mjög fjölbreytta stíla. Þá leggjum við ríka áherslu á notalegt og þægilegt andrúmsloft og að fólki líði vel hjá okkur. Við viljum ekki að það fái menningarsjokk þegar það labbar hérna inn."

Sigrún segir húðflúr orðið mun útbreiddara en var og að það sé langt frá því bara þeir allra hörðustu sem fái sér tattú. „Við erum með allt frá húsmæðrum yfir í lögfræðinga og fólk á öllum aldri."

Sigrún segist þó enn verða vör við talsverða fordóma í garð húðflúraðs fólks. „Við viljum leggja okkar af mörkum til að breyta hugarfari fólks í þeim efnum en um leið reynum við líka að leiðbeina viðskiptavinum okkar. Ef hingað kemur fólk sem er ekki með neitt tattú en vill fá sér á hálsinn eða handarbökin reynum við að tala um fyrir því. Ég spyr fólk yfirleitt alltaf í hvers konar vinnu það sé og hvað það ætli sér að gera í framtíðinni. Eins hvort það sé að fara að taka bankalán eða annað í þeim dúr því ég hef sjálf orðið vör við fordóma hjá starfsfólki slíkra stofnana. Það er leiðinlegt að fólk skuli dæma eftir útlitinu en þannig er það engu að síður. Fólk þarf að leiða hugann að framtíðinni og þó vinnuveitandinn í dag sé jákvæður fyrir húðflúri þarf það ekki að eiga við um aldur og ævi."

Bleksmiðjan tekur heldur ekki við fólki undir átján ára þó það komi með leyfi foreldra. „Ástæðan er meðal annars sú að oft hafa mamma og pabbi gefið leyfi fyrir einhverju litlu og ákveðnu en það er kannski ekki nákvæmlega það sem viðkomandi vill. Þá er betra að bíða og koma síðar."

Dagarnir á stofunni eru ólíkir hver öðrum og segir Sigrún starfsfólkið sífellt vera að fást við eitthvað nýtt og skemmtilegt. „Verkefnin eru krefjandi fyrir okkur sem listamenn og við fáum að nýta sköpunargáfuna til fulls. Við gerum þó allt í miklu samstarfi við viðskiptavini okkar og ég segi fólki alltaf að það verði að vera 100 prósent hreinskilið við mig. Ef það er ekki ánægt með teikningarnar verður það að segja mér frá því. Það mun ekki særa mig. Ég vil bara að fólk sé ánægt með útkomuna."

Sigrún segir hreinlæti í fyrirrúmi á stofunni og er flestallur búnaður einnota. „Áður voru notaðar stáltúpur og einnota nálar og túpurnar þrifnar á milli. Núna er allt í dauðhreinsuðum umbúðum og tólunum hent eftir notkun." Litirnir eru jafnframt vottaðir af heilbrigðiseftirlitinu og öll starfsemin undir ströngu eftirliti. „Ég held að flestar stofur hér á landi fari vel eftir settum reglum."

Gestaflúrararnir sem eru væntanlegir á stofuna heita Kara Alexis og Anthony Firstbrook. „Kara er frá Ástralíu en hefur ferðast um allan heim til að flúra. Hún hefur komið hingað til lands áður og verður nú í þrjá mánuði. Hún gerir mikið af raunsæismyndum og rúmfræðiteikningum svo dæmi séu nefnd. Anthony er frá Skotlandi. Hann gerir mikið af svart hvítu og flúrar í Old School- og Neo Traditional-stíl ásamt öðru.



Rúnar Geirmundsson, sem starfar í afgreiðslunni, Dagur, Ingi og Sigrún Rós leggja sig fram um að skapa þægilegt andrúmsloft. MYND/VALLI





**INGI** gerir meðal annars í andlits- og raunsæismyndir.





**SIGRÚN** gerir meðal annars fínleg vatnslitahúðflúr.





**DAGUR** flúrar mikið í Old School og New School-stílunum.



Gestaflúrarinn **KARA ALEXIS** gerir mikið af raunsæis og rúmfræðimyndum.



Gestaflúrarinn **ANTHONY FIRSTBROOK** sem er væntanlegur á stofuna flúrar í Old School- og Neo Traditional-stíl..

# Fleiri konur en karlar fá sér húðflúr

Páll Ásgeirsson var ekki nema 10 ára þegar hann ákvað að verða húðflúrmeistari þegar hann hefði aldur til. Hann stóð við þá ákvörðun og er nú eftirsóttur á sínu sviði. Páll er með langa reynslu sem húðflúrari og rekur vinsæla húðflúrstofu í Arnarbakka 2 í Breiðholti. Sérsvið hans eru gamlar víkingamyndir.

Páll rekur Classic Tattoo Reykjavík við Arnarbakka 2 í Breiðholti. Þótt hann húðflúri allt það sem fólk óskar eftir er hann sérhæfður í víkingamyndum. Páll þykir einstaklega fær á sínu sviði. Sjálfur segist hann hafa listina í sér en hann hefur sautján ára reynslu í faginu. Páll nam fræðin hjá Daltons Tattoo í Malmö í Svíþjóð sem er þekkt húðflúrstofa þar í borg.

„Ég var í þrjú ár nemi hjá Daltons Tattoo og var heppinn að komast að hjá þeim. Meistarinn minn var öflugur, skammaði og hrósaði til skiptis. Eftir að ég kom heim flakkaði ég töluvert um landið og tattúveraði á hinum og þessum stöðum. Síðan opnaði ég stofu í Pósthússtræti sem ég rak um tíma áður en ég flutti til Gautaborgar,“ segir Páll en hann rak þar stofu í fjögur ár.

„Það er stefna Classic Tattoo Reykjavík að vera alltaf með sanngjarnt verð. Við viljum ekki taka hálfan handlegginn af fólki í verðlagningu,“ segir Páll. „Þrátt fyrir gott verð bjóðum við upp á mjög góða þjónustu. Ég vinn í margvíslegum stílum en hanna líka myndir eftir óskum viðskiptavina. Stundum fæ ég til mín gesta-húðflúrmeistara en oftast er ég hér einn,“ segir hann.

Þegar Páll er spurður hvort húðflúr sé alltaf jafn vinsælt játar hann því og segir að vinsældirnar aukist alltaf jafnt og þétt. „Það er mikill vöxtur í þessari grein. Þó finnum við að það sé misjafnt að gera eftir árstíðum. Mest er að gera á sumrin en ástæðan er líklegast sú að þá er tattú meira áberandi. Fólk fækkar fötum og fallegt tattú lítur dagsins ljós sem hefur áhrif á aðra.“

Páll segir að undanfarið hafi fleiri konur en karlar fengið sér tattú á stofunni. Viðskiptavinirnir eru frá 18 ára upp í 68 ára. Tískan sé mismunandi. „Núna er textatattú vinsælast en það tók við af tribal-tattúi sem er nokkurs konar alþýðulist og var vinsæl hér áður fyrr. Textatattú núna er mikið í skraut- eða skrifstöfum. Það getur verið mjög fallegt á framhandlegg eða fyrir ofan úlnlið. Mín sérhæfing er þó gamaldags víkingamynstur. Fyrirmyndir geta verið víkingamyndir eða gamlir skartgripir,“ segir Páll.

Heimasíða Classic Tattoo Reykjavík er tattoo.is. Þar er hægt að skoða fjölbreytt húðflúr sem Páll hefur gert. Einnig er hann með öfluga síðu á Facebook.



Flott merki fyrir stofuna hans Páls.



Páll Ásgeirsson húðflúrmeistari hefur langa reynslu í faginu og hefur starfað bæði hér á landi og erlendis.


Falleg og þjóðleg mynd sem Páll gerði.



Skrifstafir eru vinsælir núna.

# Var alltaf að mála og teikna

Sigurður Grímsson hefur teiknað og málað frá barnsaldri. Fyrir þremur árum fékk hann mikinn áhuga á húðflúri og starfar við þá skreytilist í dag.

Sigurður segir að sér hafi alltaf þótt skemmtilegt að mála og teikna, sérstaklega portrettmyndir. Hann stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík sem er góður grunnur fyrir húðflúrmeistara. „Það er mjög gott að hafa listnám að baki í húðflúri. Sífellt fleiri vilja láta setja á sig húðflúr. Sumir kjósa lítið tákn en aðrir kjósa að skreyta líkamann með miklum listaverkum,“ segir hann.

Sigurður starfar á húðflúrstofu á Laugavegi 69 og þangað koma bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn. „Margir ferðamenn koma til okkar og vilja minjagrip frá Íslandi, þá helst rúnir eða vegvísi og það er alltaf að aukast. Það er skemmtilegt að fara heim með lítinn minjagrip á handleggnum,“ segir Siggi, eins og hann er alltaf kallaður, og bætir við að það séu konur jafnt sem karlar sem koma á stofuna. „Það er vinsælt hjá mörgum að fá sér tattú í hverju landi sem heimsótt er,“ bætir hann við.

„Áhugi minn á þessari tegund listar vaknaði fyrir þremur árum. Ég á vini sem voru með húðflúr og þeir hvöttu mig til að fara út í þetta. Síðan hafa hlutirnir gerst nokkuð hratt. Ég byrjaði á stofu sem lærlingur og lærði bæði handbragð og grunninn að listinni. Það getur verið erfitt að komast að sem lærlingur í þessu fagi því það eru ekki margir sem taka nema. Ég hætti síðan og fór í aðra vinnu en var engu að síður oft að húðflúra vini og vandamenn. Áhuginn leiddi mig þó aftur inn á stofu og starfið hentar mér mjög vel. Hingað koma oft útlendir gestahúðflúrmeistarar og maður er alltaf að læra eitthvað nýtt. Flestir hafa einhver sérsvið, enda margir stílar til. Ég hef tileinkað mér realisma, portrett-myndir auk þess sem ég húðflúra eftir módelteikningum og ljósmyndum. Flestir eru með ákveðnar hugmyndir um tattú þegar þeir koma á stofuna. Þess vegna er gott að nokkrir húðflúrarar starfi á stofum, hver með sitt sérsvið.“

